



Borgarráð

Reykjavík, 10. desember 2024

SFS24050075

## Tillaga um skóla- og frístundastarf í Laugardal

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 9. desember var lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 22. október 2024 og fylgiskjölum:

Lagt er til að fallið verði frá fyrri ákvörðun um að sviðsmynd 1, í ódags. skýrslu starfshóps um framtíðarsýn skóla- og frístundastarfs í Laugarnes- og Langholtshverfi, komi til framkvæmda. Þess í stað komi til framkvæmda að móta skóla- og frístundastarf í Laugardalnum til framtíðar samkvæmt sviðsmynd 4 í skýrslu starfshóps um undirbúning framkvæmda, dags. í nóvember 2023. Óbreytt er að lagt er til að opnaður verði nýr unglingaskóli í Laugardal fyrir unglinga af skólasvæði skólanna þriggja, Langholtsskóla, Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla, auk nemenda á unglingastigi sem búa á nærliggjandi uppbyggingareitum, við Grensásveg, á Orkureitnum og í Skeifunni.

Skólarnir þrír verði allir yngri barna skólar. Langholtsskóli verði fyrir nemendur í 1. – 7. bekk, en lögð er til sú breyting að Laugarnesskóli verði fyrir nemendur í 1. – 4. bekk og Laugalækjarskóli fyrir nemendur í 5. – 7. bekk.

Helstu forsendur tillögunnar eru eftirfarandi:

A. Byggja nýtt húsnæði fyrir unglingasafnskóla (8.-10. bekkur) fyrir skólana í Laugardalnum þar sem einnig væri gert ráð fyrir félagsmiðstöð á lóð 1, svokölluðum þríhyrning.

B. Auk þess taki nýr unglingaskóli við nemendum á unglingastigi sem búa á nærliggjandi uppbyggingareitum, við Grensásveg, á Orkureitnum og í Skeifunni. Til að mæta þeirri óvissu sem eru í spám af uppbyggingarreitum í nálægð við Laugardal næstu misseri er lagt til að spár verði yfirfarnar í byrjun árs 2026. Það gefur möguleika á að endurskoða hvort uppbyggingareitir muni heyra til skólahverfi nýs unglingaskóla, annarra skóla í nálægð við Laugardal eða hvort þörf verði á byggingu nýs skóla í Skeifunni.

C. Gera þarf ráð fyrir frístundaheimilum í Laugarnesskóla og Langholtsskóla fyrir 1. og 2. bekk auk aðstöðu fyrir félagsmiðstöðvastarf fyrir börn í 5. - 7. bekk í Laugalækjarskóla og Langholtsskóla.

Jafnframt þarf að yfirfara aðstöðu sértæku félagsmiðstöðvarinnar Hofs sem nú er með aðstöðu í og við Laugalækjarskóla.

D. Rýna þarf staðsetningu safnfrístundaheimilis í Fjölskyldu- og húsdýragarði fyrir nemendur 3. og 4. bekkja og starfrækja þess í stað frístundaheimili í grunnskólunum fyrir 1. - 4. bekk.

E. Gera ráð fyrir aðstöðu fyrir skólahljómsveit Austurbæjar í Laugalækjarskóla.

F. Aðstaða íþróttakennslu fyrir Laugalækjarskóla verður skoðuð sérstaklega og útfærð í þarfagreiningar- og forhönnunarvinnu og í samráði við íþróttafélögin sem



Reykjavík



starfa í Laugardal, sem og samnýting þjóðarhallar og Laugardalshallar fyrir íþróttakennslu alls skólastarfs í Laugardal. Verkefnastjóri verði fenginn að verkefninu til að tryggja rétt upplýsingaflæði, tímaramma og verkátlanir.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata gegn tveimur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Vinstri grænna sat hjá við afgreiðsluna.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Gréta Þórsdóttir Björnsson, Atli Stefán Yngvason, Auður Ósk Óskarsdóttir, Árni Jónsson, Björn Gunnlaugsson, Hjördís Rut Sigurjónsdóttir, Jón Páll Haraldsson, Ólöf Örvarsdóttir, Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir og Steinþór Einarsson tóku sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meirihlutans vilja koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sem hafa tekið þátt í og unnið að framtíðarsýn skólamála í Laugardalnum undanfarin ár. Hér er lagður grunnur að metnaðarfullu uppbyggingarstarfi í skólamálum. Eftir víðtæka stefnumótunar- og greiningarvinnu leggur meirihlutinn til sviðsmynd fjögur, með nokkrum breytingum eftir móttöku umsagna. Undirbúningur verður hafin að því að byggja og skipuleggja faglega sterkan unglingaskóla. Á sama tíma muna núverandi skólarnir allir fá það viðhald sem nauðsynlegt er og starfsmenn og stjórnendur fá framtíðarsýn sem þau geta unnið með.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Um langt skeið hefur framganga meirihlutans í borgarstjórn Reykjavíkur gagnvart starfsfólki, foreldrum og nemendum í skólasamfélaginu í Laugardal litast af svikum. Þetta eru stór orð en því miður sönn. Tilkoma Framsóknarflokksins í meirihlutasamstarfið vorið 2022 hefur ekki breytt mynstri aðgerðaleysis og vanefndra loforða. Eftir undirskriftasöfnunina, „Stöndum vörð um skólana í Dalnum“, ákvað borgarstjórn í október 2022 að byggja við grunnskólana þrjá í stað þess að nýr unglingaskóli yrði reistur í hverfinu. Þessi leið, að byggja við Langholtsskóla, Laugarlækjaskóla og Lauganesskóla, var valin til að mæta langvarandi þörf. Svik meirihlutans við að útfæra þá leið hefur víða verið lýst. Þegar upplýst var um svikin í maí síðastliðnum efndu íbúar í Laugardalnum aftur til undirskriftarsöfnunar, „Verndum skólaumhverfi í Laugardal“. Líkt og í fyrri undirskriftarsöfnun rituðu á annað þúsund manns undir áskorun þar sem meðal annars kemur fram: „Við krefjumst þess að þeim verðmætum sem felast í farsælli menningu skólanna okkar og mannauði þeirra, verði mætt af virðingu og íbúalýðræði verði virt við ákvörðun um framtíðaruppbyggingu skólanna í Laugardal.“ Með samþykkt þessarar tillögu um nýjan unglingaskóla í hverfinu er meirihlutinn í borgarstjórn Reykjavíkur að halda áfram að skora pólitísk sjálfsmörk í Laugardalnum. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafna þessari vegferð og greiða því atkvæði gegn tillögunni.



Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Vinstri grænna lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Vinstri grænna fagnar því að loksins sé tekin ákvörðun um framtíðarskipulag skólstarfs í Laugardal. Ákvörðunarfælni og hægagangur hefur einkennt málið og því miður orðið til þess að skapa óánægju og tortryggni íbúa, með ásökunum um sýndarsamráð. Hætt er við að brýnar framkvæmdir muni tefjast enn frekar, enda mörgum spurningum ósvarað, svo sem varðandi samspil nýbygginga og nýtingar svæðisins fyrir íþróttastarfsemi. Brýnt er að borgaryfirvöld geri allt sem í þeirra valdi stendur til að græða sár og tryggja að skólalald geti gengið sem best þrátt fyrir mikið yfirvofandi rask.

Áheyrnarfulltrúar skólustjóra og kennara í grunnskólum lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar grunnskólakennara og skólustjóra vilja vita hvaða tíma er gert ráð fyrir í endurskipulagningu á skólstarfi með tilliti til og virðingu í garð fagfólks sem starfar í grunnskólunum? Að umturna skólstarfi á þennan hátt kostar gífurlegan tíma til undirbúnings og aðlögunar af hálfu fagfólksins. Hvaða fjármagn á að setja í þann undirbúning? Starfsfólk skólanna er langþreytt á ástandinu og því spyrja fulltrúar til hvaða leiða skóla- og frístundasvið ætli að leita til að styðja við starfsfólk skólanna í þessum viðamiklu breytingum? Sé ekki gripið til stuðningsaðgerða má búast við því að kennarar leiti til annarra starfa og í ljósi þeirra kjaradeilna sem nú eiga sér stað verður að teljast frekar líklegt að hluti starfsmannahópsins muni leita annað. Hér er rætt að minni áhætta sé á að gæði skólstarfs raskist með því að stofna til unglingskóla en það raskar gæðum skólstarfs að fara í uppstokkun sem þessa, kippa heilu stigi út úr skólum og stofna til annars skólastigs í öðrum skóla á þennan hátt. Gera má ráð fyrir nemendahópum sem klára skólastig og jafnvel grunnskólagönguna á þessum framkvæmdatíma þar sem uppstokkunin á sér stað. Að halda því fram að gæði skólstarfs raskist ekki stenst enga skoðun.

Virðingarfyllst,

Helgi Grímsson  
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Tillaga um skóla- og frístundastarf í Laugardal, dags. 22. október 2024

Minnisblað vegna skóla- og frístundastarfs, dags. 22. október 2024, ásamt fylgiskjölum.



Reykjavík



Reykjavík, 22. október 2024

## **Breytingartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata um skóla- og frístundastarf í Laugardal**

Lagt er til að fallið verði frá fyrri ákvörðun um að sviðsmynd 1, í ódags. skýrslu starfshóps um framtíðarsýn skóla- og frístundastarfs í Laugarnes- og Langholtshverfi, komi til framkvæmda. Þess í stað komi til framkvæmda að móta skóla- og frístundastarf í Laugardalnum til framtíðar samkvæmt sviðsmynd 4 í skýrslu starfshóps um undirbúning framkvæmda, dags. í nóvember 2023. Óbreytt er að lagt er til að opnaður verði nýr unglingaskóli í Laugardal fyrir unglinga af skólasvæði skólanna þriggja, Langholtsskóla, Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla, auk nemenda á unglingastigi sem búa á nærliggjandi uppbyggingareitum, við Grensásveg, á Orkureitnum og í Skeifunni.

Skólarnir þrír verði allir yngri barna skólar. Langholtsskóli verði fyrir nemendur í 1. – 7. bekk, en lögð er til sú breyting að Laugarnesskóli verði fyrir nemendur í 1. – 4. bekk og Laugalækjarskóli fyrir nemendur í 5. – 7. bekk.

Helstu forsendur tillögunnar eru eftirfarandi:

A. Byggja nýtt húsnæði fyrir unglingasafnskóla (8.-10. bekkur) fyrir skólana í Laugardalnum þar sem einnig væri gert ráð fyrir félagsmiðstöð á lóð 1, svokölluðum þríhyrning.

B. Auk þess taki nýr unglingaskóli við nemendum á unglingastigi sem búa á nærliggjandi uppbyggingareitum, við Grensásveg, á Orkureitnum og í Skeifunni. Til að mæta þeirri óvissu sem eru í spám af uppbyggingarreitum í nálægð við Laugardal næstu misseri er lagt til að spár verði yfirfarnar í byrjun árs 2026. Það gefur möguleika á að endurskoða hvort uppbyggingareitir muni heyra til skólahverfi nýs unglingaskóla, annarra skóla í nálægð við Laugardal eða hvort þörf verði á byggingu nýs skóla í Skeifunni.

C. Gera þarf ráð fyrir frístundaheimilum í Laugarnesskóla og Langholtsskóla fyrir 1. og 2. bekk auk aðstöðu fyrir félagsmiðstöðvastarf fyrir börn í 5. - 7. bekk í Laugalækjarskóla og Langholtsskóla.

Jafnframt þarf að yfirfara aðstöðu sértæku félagsmiðstöðvarinnar Hofis sem nú er með aðstöðu í og við Laugalækjarskóla.

D. Rýna þarf staðsetningu safnfrístundaheimilis í Fjölskyldu- og húsdýragarði fyrir nemendur 3. og 4. bekkja og starfrækja þess í stað frístundaheimili í grunnskólunum fyrir 1. - 4. bekk.

E. Gera ráð fyrir aðstöðu fyrir skólahljómsveit Austurbæjar í Laugalækjarskóla.

F. Aðstaða íþróttakennslu fyrir Laugalækjarskóla verður skoðuð sérstaklega og útfærð í þarfagreiningar- og forhönnunarvinnu og í samráði við íþróttafélögin sem starfa í Laugardal, sem og samnýting þjóðarhallar og Laugardalshallar fyrir íþróttakennslu alls skólastarfs í Laugardal.



**Reykjavík**



Verkefnastjóri verði fenginn að verkefninu til að tryggja rétt upplýsingaflæði, tímaramma og verkáætlanir.

**Greinargerð:**

Að umsagnarferli loknu er áfram lagt til að sviðsmynd 4, með breytingu, verði samþykkt. Breyting er lögð til á grundvelli úrvinnslu umsagna og frekari greininga vegna skóla- og frístundastarfs í Laugardal.

Að öðru leyti er vísað til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 22. október 2024, sem unnið var í kjölfar umsagnarferlis.





Reykjavík, 22. október 2024  
SFS22020010

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### ***Vegna skóla- og frístundastarfs í Laugardal***

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 13. maí 2024 var lögð fram tillaga um að fallið verði frá fyrri ákvörðun um að sviðsmynd 1 í ódags. skýrslu starfshóps um framtíðarsýn skóla- og frístundastarfs í Laugarnes- og Langholtshverfi komi til framkvæmda. Þess í stað komi til framkvæmda að móta skóla- og frístundastarf í Laugardalnum til framtíðar samkvæmt sviðsmynd 4 í skýrslu starfshóps um undirbúning framkvæmda, dags. í nóvember 2023. Verkefnastjóri verði fenginn að verkefninu til að tryggja rétt upplýsingaflæði, tímaramma og verkáætlanir.

Á framangreindum fundi þann 13. maí 2024 var jafnframt samþykkt svohljóðandi málsmeðferðartillaga:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að óska eftir umsögnum skólaráða og foreldrafélaga Laugarnesskóla, Langholtsskóla, Laugalækjarskóla og Álftamýrarskóla auk frístundaheimila og félagsmiðstöðva í Laugarnes- og Langholtshverfi, íbúaráðs Laugardals og ungmennaráðs Laugardals, Háaleitis og Bústaða vegna tillögu um að til framkvæmda komi að móta skóla- og frístundastarf í Laugardalnum til framtíðar samkvæmt sviðsmynd 4 í skýrslu starfshóps um undirbúning framkvæmda, dags. í nóvember 2023.

Með bréfi dags. 15. maí 2024, óskaði skóla- og frístundasvið skv. samþykkt skóla- og frístundaráðs, eftir umsögnum til samræmis við framangreinda samþykkt auk þess sem haldnir voru 8 kynningarfundir á tímabilinu 21. til 29. maí 2024, sjá nánar í meðfylgjandi minnisblaði.

Í kjölfarið bárust 18 umsagnir, auk þess sem athugasemdir og ábendingar bárust á kynningarfundum með hagaðilum um málið og í tölvupóstum til borgarinnar. Umsagnir voru kynntar á fundi skóla- og frístundaráðs þann 24. júní 2024.

Fulltrúar frá skóla- og frístundasviði, umhverfis- og skipulagssviði, þ.m.t. frá samgöngustjóra, skipulagsfulltrúa og skrifstofu framkvæmda og viðhalds, frá menningar- og íþróttasviði og eignaskrifstofu á fjármála og áhættugreiningarsviði tóku saman meðfylgjandi upplýsingar sem teljast vera hluti af minnisblaði þessu.



Innsendar umsagnir, athugasemdir og ábendingar voru rýndar og grófflokkaðar í fjóra þætti; Skóla- og frístundastarf; Húsnæðismál; Samgöngur og Samstarf/Næstu skref auk þess sem í minnisblaðinu er tekið á helstu álitamálum sem fram komu.

Eftir yfirferð er áfram lagt til að sviðsmynd 4, með breytingu, verði samþykkt. Lagt er til að opnaður verði nýr unglingaskóli í Laugardal fyrir unglunga af skólasvæði Langholtsskóla, Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla. Útfærslan hefur tekið breytingum út frá umsögnum og athugasemdum og lagt er til að Laugarnesskóli verði fyrir yngsta stig, 1. til 4. bekk og að Laugalækjarskóli verði fyrir miðstigið, 5. til 7. bekk. Áfram er lagt til að Langholtsskóli verði fyrir 1. til 7. bekk. Jafnframt er lagt til að spár varðandi uppbyggingareiti í nálægð við Laugardal verði endurskoðaðar á vorönn 2026 með tilliti til þess hvort fjöldi unglunga á þeim svæðum verði það mikill að horfa eigi til annarra lausna fyrir þann hóp, auk þess sem rýna á nánar staðsetningu frístundastarfs í Fjölskyldu- og húsdýragarði og íþróttaaðstöðu við Laugalækjarskóla.



Unnið af fulltrúum frá skóla- og frístundasviði, umhverfis- og skipulagssviði og menningar- og íþróttasviði.

|  |    |
|--|----|
| Samantekt.....   | 2  |
| Forsaga.....   | 5  |
| Umsagnir, athugasemdir og ábendingar .....                 | 7  |
| Skóla- og frístundastarf .....                             | 8  |
| Námsárangur og líðan eftir skólagerð og skólastærð .....   | 8  |
| Unglingaskóli.....   | 9  |
| Yngri barna skólar í Laugardal.....                        | 11 |
| Húsnæðismál .....  | 16 |
| Nýbygging.....   | 16 |
| Frístundastarf.....  | 16 |
| Viðhald Laugarnes-, Laugarlækja- og Langholtsskóla .....   | 16 |
| Skólaþorpið .....  | 17 |
| Íþróttamannvirki .....                                     | 18 |
| Samgöngur.....   | 19 |
| Næstu skref og samstarf vegna þróunarvinnu framundan ..... | 20 |







## Samantekt

Með bréfi, dags. 15. maí 2024, óskaði skóla- og frístundasvið skv. samþykkt skóla- og frístundaráðs, eftir umsögn hagaðila vegna tillögu um mótun skóla- og frístundastarfs í Laugardal til framtíðar, þ.e. um sviðsmynd 4 í skýrslu **Skóla- og frístundastarf í Laugardal. Undirbúningur framkvæmda** frá nóv. 2023.

Sviðsmynd 4 lítur út svo breytt eftir umsagnarferli með breytingum;

Opnaður verði nýr unglingskóli í Laugardal fyrir unglinga af skólasvæði skólanna þriggja, Langholtsskóla, Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla, auk nemenda á unglingsstigi sem búa á nærliggjandi uppbyggingareitum, við Grensásveg, á Orkureitnum og í Skeifunni. Skólarnir þeir verði allir yngri barna skólar, [fyrir nemendur í 1.-7 bekk](#). [Langholtsskóli fyrir nemendur í 1. – 7. bekk](#), [Laugarnesskóli fyrir nemendur í 1. – 4. bekk](#) og [Laugalækjarskóli fyrir nemendur í 5. – 7. bekk](#).

A. Byggja nýtt húsnæði fyrir **unglingasafnskóla** (8.-10. bekkur) fyrir skólana í Laugardalnum þar sem einnig væri gert ráð fyrir félagsmiðstöð [á lóð 1, svokölluðum bríhrynning](#).

B. Auk þess taki nýr unglingskóli við nemendum ~~sem munu búa á uppbyggingarreitum í nágrenni Laugardalsins sem skv. núverandi skipan skólahverfa tilheyrir Álftamýrar og Vögaskóla. auk nemenda á unglingsstigi sem búa á nærliggjandi uppbyggingareitum, við Grensásveg, á Orkureitnum og í Skeifunni. Til að mæta þeirri óvissu sem eru í spám af uppbyggingarreitum í nálægð við Laugardal næstu misseri er lagt til að spár verði yfirfarnar í byrjun árs 2026. Það gefur möguleika á að endurskoða hvort uppbyggingareitir muni heyra til skólahverfi nýs unglingskóla, annarra skóla í nálægð við Laugardal eða hvort þörf verði á byggingu nýs skóla í Skeifunni.~~

C. Gera þarf ráð fyrir frístundaheimilum ~~í öllum þremur skólunum, Laugarnesskóla, Laugalækjarskóla og Langholtsskóla fyrir 1. og 2. bekk. í Laugarnesskóla og Langholtsskóla fyrir 1. og 2. bekk auk aðstöðu fyrir félagsmiðstöðvastarf fyrir börn í 5. - 7. bekk í Laugalækjarskóla og Langholtsskóla.~~

~~Jafnframt þarf að yfirfara aðstöðu sértæku félagsmiðstöðvarinnar Hofs sem nú er með aðstöðu í og við Laugalækjarskóla.~~

D. Gera safnfrístund fyrir 3. og 4. bekk í Laugardalnum, samnýtt fræðsluhúsi í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. ~~Rýna þarf staðsetningu safnfrístundaheimilis í Fjölskyldu- og húsdýragarði fyrir nemendur 3. og 4. bekkja og starfrækja þess í stað frístundaheimili í grunnskólunum fyrir 1. - 4. bekk.~~

E. Gera ráð fyrir aðstöðu fyrir skólahljómsveit Austurbæjar í Laugalækjarskóla.

F. ~~Huga þarf að húsnæði í Laugalækjarskóla fyrir íþróttakennslu en íþróttastaða í Laugardalshöll og þjóðarhöll verður nýtt eftir því sem aðstæður leyfa, m.a. fyrir nemendur í unglingsafnskóla. Aðstaða íþróttakennslu fyrir Laugalækjarskóla verður skoðuð sérstaklega og útfærð í þarfagreiningar- og forhönnunarvinnu og í samráði við íþróttafélögin sem starfa í Laugardal, sem og samnýting þjóðarhallar og Laugardalshallar fyrir íþróttakennslu alls skólustarfs í Laugardal.~~





Í kjölfar umsagnabeiðna frá skóla- og frístundaráði bárust 18 umsagnir um sviðsmynd 4, auk þess sem athugasemdir og ábendingar bárust á kynningarfundum með hagaðilum um málið, og í tölvupóstum til borgarinnar.

Fulltrúar frá skóla- og frístundasviði, umhverfis- og skipulagssviði og menningar- og íþróttasviði hafa komið að vinnu við þetta minnisblað við ofan nefnda skýrslu.

Það kemur skýrt fram í allflestum innsendum umsögnum, athugasemdum og ábendingum að það er mikil andstaða við að hverfa frá sviðsmynd 1, að byggja við alla skólana þrjá og almenn mótmæli við sviðsmynd 4. Í umsögn Ungmennaráðs kemur fram að þau sjá tækifæri í sviðsmynd 4, í því að stofna unglingaskóla og í umsögn frá frístundamiðstöðinni Kringlumýri kom líka fram jákvæð sýn á sviðsmynd 4, þar væru tækifæri í uppbyggingu aðstöðu og samstarfs auk þróunar starfseminnar. Jafnframt var bent á áskoranir í báðum umsögnum yrði sú leið farin.

Innsendar umsagnir, athugasemdir og ábendingar voru rýndar og grófflokkaðar í fjóra þætti; Skóla- og frístundastarf; Húsnæðismál; Samgöngur og Samstarf/Næstu skref og í minnisblaðinu er tekið á helstu álitamálum sem fram komu.

Eftir yfirferð er áfram lagt til að sviðsmynd 4, með breytingu, verði samþykkt. Lagt er til að opnaður verði nýr unglingaskóli í Laugardal fyrir unglunga af skólasvæði Langholtsskóla, Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla. Útfærslan hefur tekið breytingum út frá umsögnum og athugasemdum og lagt til að Laugarnesskóli verði fyrir yngsta stig, 1. til 4. bekk og að Laugalækjarskóli verði fyrir miðstigið, 5. til 7. bekk. Áfram er lagt til að Langholtsskóli verði fyrir 1. til 7. bekk. Jafnframt er lagt til að spár varðandi uppbyggingareiti í nálægð við Laugardal verði endurskoðaðar á vorönn 2026 með tilliti til hvort fjöldi unglunga á þeim svæðum verði það mikill að horfa eigi til annarra lausna fyrir þann hóp, auk þess sem rýna á nánar staðsetningu frístundastarfs í Fjölskyldu- og húsdýragarði og íþróttaaðstöðu við Laugalækjarskóla.

Í skýrslunni frá nóvember 2023 kemur fram að illmögulegt er að byggja við Laugarnesskóla. Hér vegur þyngst friðun hússins og umfang þeirrar viðbyggingar sem byggja þarf, ef húsnæðið á að rúma þörf skólahverfisins. Þá hafa verið áform um stækkun á húsnæði og lóð leikskólans Hofis sem er staðsettur sunnan við Laugarnesskóla, sem hafa áhrif á lóðastærð Laugarnesskóla. Þegar horft er til framkvæmda við alla skólana þrjá er litið til lærdóms af nýlegri reynslu af stórum viðhaldsframkvæmdum á skólahúsnæði í borginni s.s. varðandi þau áhrif og truflun sem framkvæmdir hafa á skóla- og frístundastarf. Sömuleiðis þær skorður sem settar eru framkvæmdum ef vinna þarf í kringum stundaskrá og þá starfsemi sem fer fram í húsnæðinu sem hefur áhrif á framkvæmdatíma og kostnað.

Einfaldara er að vinna einungis að endurbótum húsnæðis, og ekki bæði að endurbótum og viðbyggingu samtímis, þar eð það setur færri skorður bæði á skóla- og frístundastarf sem og framkvæmdir. Vegna nauðsynlegs viðhalds getur verið ásættanlegt að framkvæmdir hafi truflandi áhrif á skólastarf, en mikilvægt er að lágmarka þann tíma. Það er faglegt mat, bæði út frá skóla- og frístundastarfi og framkvæmdum, að sviðsmynd 4 sé vænlegust skóla- og frístundasamfélaginu í Laugardal til bæði skemmri og lengri tíma, að teknu tilliti til umsagna og þeim breytingum sem gerðar hafa verið á tillögunni eftir nánari skoðun.





Í umsögnum og ábendingum var kallað eftir faglegum sjónarmiðum varðandi sviðsmynd 4. Í þessari greinargerð er fjallað almennt um námsárangur og líðan barna eftir skólagerð og skólasterð og um skóla- og frístundastarf í unglingaskóla.

Í samræmi við sviðsmynd 4 er gert ráð fyrir að skóla- og frístundastarf í Laugardalnum verði, þegar litið er til framtíðar, í endurbættu húsnæði Laugarnes-, Laugalækja -og Langholtsskóla, nýrri byggingu sem mun hýsa unglingasafnskóla, áætluð aðstaða fyrir frístundastarf í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum verður rýnd betur, samnýting verður á íþróttamannvirkjum í Laugardal og íþróttaaðstaða við Laugalækjaskóla verður skoðuð sérstaklega. Síðan skýrslan var kynnt hefur verið valið að vinna áfram með *Lóð 1* sem kölluð er „þríhyrningurinn“ fyrir safnskóla með skóla- og félagsmiðstöðvastarf fyrir 8.-10. bekk. Á sama tíma verður unnið markvist að viðhaldi skólanna þriggja.

Nokkrir fundir hafi verið haldnir með Knattspyrnufélaginu Þrótti hvað varðar staðsetningu nýs unglingaskóla. Mikilvægt er að vinna náið með félaginu og öðrum hagsmunaaðilum í Laugardal að framtíðarnýtingu þeirra í dalnum.

Ríki og Reykjavíkurborg hafa undirritað samkomulag um uppbyggingu Þjóðarhallar þar sem fram kemur nýting hallarinnar og annarra tengdra íþróttamannvirkja í Laugardal fyrir börn og unglinga í dalnum til að tryggja aðgengi þeirra til íþróttakennslu.

Áhrif breytinganna á samgöngur og heildarskipulag dalsins verða yfirfarnar markvisst eftir að niðurstaða erindis liggur fyrir. Það verður þá skilgreindur hluti verkefnisins að tryggja með afgerandi hætti gott aðgengi og öryggi barna við umferðagötur til að þau eigi greiða og örugga leið til og frá skóla og í frístundastarf. Með áætlaðri uppbyggingu er verið að bæta innviði í Laugardal, bæði hvað varðar skóla- og frístundabyggingar, íþróttamannvirki og skoðun á samgöngum.

Næstu skref í verkefninu er að vinna áfram með þróun safnskóla fyrir unglinga og vinna að endurbótum á núverandi skóla- og frístundahúsnæði og að gera þetta í góðu samráði við íbúa og hagaðila í dalnum. Viðeigandi aðilar eru með í ferlinu fyrir einstaka verkhluta verkefnisins.

- Þróunaráætlun skipulags fyrir safnskóla unnin með skrifstofu skipulagsfulltrúa og hagaðilum s.s. íþróttafélögum og skipulag skoðað í heildarsamhengi dalsins.
- Upplýsingasiðu haldið uppfærðri svo íbúar geti fylgst með stöðu mála. Komin er í loftið upplýsingavefur um stöðu verkefnisins á heimasíðu Reykjavíkurborgar <https://reykjavik.is/laugardalur> Hún verður nýtt til að miðla efni til allra sem leita sér upplýsinga um stöðu mála.
- Samgöngur skoðaðar auk götulýsingar og sett upp áfangaskipt áætlun um aðgerðir til að tryggja öryggi vegfaranda og gott aðgengi í samræmi við framkvæmdir við skólana.
- Framtíðarsýn íþróttastarfs unnin í samráði við íþróttafélögin og aðra hagsmunaaðila.
- Viðhald á Laugardalsskólunum þremur.
- Unnið verður að því að þróa breyttar skólagerðir, þ.e. yngri barnaskólana þrjá, unglingaskólann og frístundastarf samhliða uppbyggingu safnskóla og endurgerð núverandi húsnæðis skóla- og frístundastarfs.

Þegar vinna við byggingar er lengra komin verður horft til fyrirkomulags sem gafst vel þegar samþykktar voru breytingar á skóla- og frístundastarfi í norðanverðum Grafarvogi.



## Forsaga

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 3. október 2022, var samþykkt tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs sem kvað á um að sviðsmynd 1, í skýrslu starfshóps um framtíðarsýn skóla- og frístundastarfs í Laugarnes- og Langholtshverfi, verði fyrir valinu til að móta skóla- og frístundastarf í Laugardalnum til framtíðar (fylgiskjal 1). Tillagan felur í sér að byggt verði við alla skólana þrjá til að mæta auknum nemendafjölda í skólahverfunum. Tillagan var samþykkt í borgarráði þann 13. október 2022.

Á fundi borgarráðs þann 9. febrúar 2023, voru lögð fram til kynningar drög að erindisbréfi starfshóps um undirbúning framkvæmda vegna skóla- og frístundastarfs í Laugarnes- og Langholtshverfi. Með erindisbréfi, dags. 14. febrúar 2023, var skipaður starfshópur um undirbúning framkvæmda vegna skóla- og frístundastarfs í Laugarnes- og Langholtshverfi. Starfshópurinn skilaði skýrslu, dags. í nóvember 2023 (fylgiskjal 2).

Á fundi skóla- og frístundaráðs 13. maí 2024 voru lagðar fram báðar ofangreindar skýrslur. Á grundvelli niðurstaðna í skýrslunni frá nóvember 2023 var lögð fram tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata þar sem lagt var til að fallið yrði frá fyrri ákvörðun um að sviðsmynd 1, að byggja við alla skólana þrjá og þess í stað komi til framkvæmda að móta skóla- og frístundastarf í Laugardalnum til framtíðar samkvæmt sviðsmynd 4 í skýrslu starfshóps um undirbúning framkvæmda, dags. í nóvember 2023. Sviðsmynd 4 felur í sér að opnaður verði nýr unglingaskóli í Laugardal fyrir unglunga af skólasvæði skólanna þriggja, Langholtsskóla, Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla, auk nemenda á unglingastigi sem búa á nærliggjandi uppbyggingareitum, við Grensásveg, á Orkureitnum og í Skeifunni. Skólarnir þrír yrðu þá allir yngri barna skólar fyrir nemendur í 1.-7. bekk.

Á fundinum var jafnframt samþykkt svohljóðandi málsmeðferðartillaga:

*Skóla- og frístundaráð samþykkir að óska eftir umsögnum skólaráða og foreldrafélaga Laugarnesskóla, Langholtsskóla, Laugalækjarskóla og Álftamýrarskóla auk frístundaheimila og félagsmiðstöðva í Laugarnes- og Langholtshverfi, íbúaráðs Laugardals og ungmennaráðs Laugardals, Háaleitis og Bústaða vegna tillögu um að til framkvæmda komi að móta skóla- og frístundastarf í Laugardalnum til framtíðar samkvæmt sviðsmynd 4 í skýrslu starfshóps um undirbúning framkvæmda, dags. í nóvember 2023.*

### **Eftirfarandi er sviðsmynd 4 sem var send til umsagna:**

*Opnaður verði nýr unglingaskóli í Laugardal fyrir unglunga af skólasvæði skólanna þriggja, Langholtsskóla, Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla, auk nemenda á unglingastigi sem búa á nærliggjandi uppbyggingareitum, við Grensásveg, á Orkureitnum og í Skeifunni. Skólarnir þrír yrðu þá allir yngri barna skólar fyrir nemendur í 1.-7 bekk.*

*A. Byggja nýtt húsnæði fyrir **unglingasafnskóla** (8.-10. bekkur) fyrir skólana í Laugardalnum þar sem einnig væri gert ráð fyrir félagsmiðstöð.*

*B. Auk þess taki nýr unglingaskóli við nemendum sem munu búa á uppbyggingarreitum í nágrenni Laugardalsins sem skv. núverandi skipan skólahverfa tilheyra Álftamýrar- og Vogaskóla.*





*C. Gera þarf ráð fyrir frístundaheimilum í öllum þremur skólunum, Laugarnesskóla, Laugalækjarskóla og Langholtsskóla fyrir 1. og 2. bekk.*

*D. Gera safnfrístund fyrir 3. og 4. bekki í Laugardalnum, samnýtt fræðsluhúsi í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.*

*E. Gera ráð fyrir aðstöðu fyrir skólahljómsveit Austurbæjar í Laugalækjarskóla.*

*F. Huga þarf að húsnæði í Laugalækjarskóla fyrir íþróttakennslu en íþróttaaðstaða í Laugardalshöll og þjóðarhöll verður nýtt eftir því sem aðstæður leyfa, m.a. fyrir nemendur í unglingsafnskóla.*

Á fundi borgarstjórnar 11. júní 2024 var fjallað um framtíðarskipulag skóla í Laugardal.

Á fundi skóla- og frístundaráðs 24. júní 2024 voru umsagnir um framtíð skóla- og frístundastarfs í Laugarnes- og Langholtshverfi kynntar.





## Umsagnir, athugasemdir og ábendingar

Með bréfi dags. 15. maí 2024, óskaði skóla- og frístundasvið skv. samþykkt skóla- og frístundaráðs, eftir umsögn hagaðila vegna tillögu um mótun skóla- og frístundastarfs í Laugardal til framtíðar, þ.e. um sviðsmynd 4 í skýrslu **Skóla- og frístundastarf í Laugardal. Undirbúningur framkvæmda** frá nóv. 2023.

Haldnir voru 8 kynningarfundir vegna umsagnarbeiðninnar á tímabilinu 21. til 29. maí 2024. Í Laugalækjarskóla, Laugarnesskóla og Langholtsskóla var annars vegar fundað með foreldrum og hins vegar með starfsfólki hvers skóla, frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar. Jafnframt var fundað með Ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða og Íbúaráði Laugardals.

Umsagnir bárust frá 18 aðilum. Allir þeir aðilar sem fengu umsagnarbeiðni skiluðu umsögn utan við skólaráð Álftamýrarskóla. Frístundamiðstöðin Kringlumýri skilaði inn einni umsögn fyrir hönd frístundaheimilanna Glaðheima, Dalheima og Laugasels og félagsmiðstöðvanna Laugó og Þróttheima. Samtals voru þetta 14 umsagnir. Auk þess bárust umsagnir frá Íbúasamtökum Laugardals, Íbúaráði Háaleitis og Bústaðarhverfis, Glímufélaginu Ármanni og Knattspyrnufélaginu Þrótti.

Teknar voru saman þær athugasemdir og ábendingar sem komu frá starfsfólki, kennurum, foreldrum og unglingaráði í Laugardal á kynningarfundunum. Skrifstofu skóla- og frístundasviðs bárust 16 tölvupóstar frá íbúum í Laugardal varðandi fyrirkomulag skóla- og frístundastarfsins. Á Island.is er undirskriftalisti þar sem íbúar og áhugafólk um skólustarf í Laugardal skora á borgaryfirvöld að vernda skólaumhverfi í Laugardal. Undirskriftalistinn er enn opin.

Það kemur skýrt fram í allflestum innsendum umsögnum, athugasemdum og ábendingum að það er mikil andstaða við að hverfa frá sviðsmynd 1, að byggja við alla skólana þrjá og almenn mótmæli við sviðsmynd 4. Nefnt er að breyttar forsendur hafi ekki verið nægilega útskýrðar. Fram kemur að borgin leggi of mikla áherslu á hagkvæmni í byggingum frekar en velferð barna og faglegt skólustarf. Fjallað er um skort á trausti til borgaryfirvalda og kallað eftir meira samráði og samstarfi. Eins kemur fram mikil andstaða við að skipta hverfinu upp og breyta því sem er.

Í umsögn Ungmennaráðs kemur fram að þau sjá mikil tækifæri í sviðsmynd 4, í því að stofna unglingaskóla. Þá sé líklegra að þau finni sinn hóp, fleira fólk og meiri stemmning. Ráðið telur að það verði: *“Næs að unglingarnir séu sér, meira úrval af valgreinum, fjölbreyttari möguleikar í skólaferðum”*. Einnig kemur fram í umsögninni að stór félagsmiðstöð geti gefið meiri möguleika á opnunum öll virk kvöld vikunnar o.fl. Jafnframt komu fram áhyggjur af stærðinni, sem gæti dregið úr tækifærum unglunga að taka þátt í viðburðum, t.d. Skrekk og Skólahreysti. Erfitt gæti orðið að þekkja alla krakkana og að einhver gætu „týnst“. Í umsögn frá frístundamiðstöðinni Kringlumýri kom líka fram jákvæð sýn á sviðsmynd 4, þar væru tækifæri í uppbyggingu aðstöðu og samstarfs auk þróunar starfseminnar. Jafnframt voru áhyggjur af stærð, tengslamyndun við unglingahópinn vegna stærðar og áskorun varðandi aðstöðumál og mikilvægi á að sinna félagsmiðstöðvastarfi fyrir miðstig skólanna þriggja í skólunum.

Í fylgiskjali 3 er að finna ítarlegri umfjöllun um umsagnirnar, athugasemdir og ábendingar. Innsendar umsagnir, athugasemdir og ábendingar hafa verið rýndar. Þær voru grófflokkaðar í fjóra þætti; Skóla- og frístundastarf; Húsnæðismál; Samgöngur og Samstarf/Næstu skref og í eftirfarandi köflum er tekið á helstu álitamálum sem fram komu.





## Skóla- og frístundastarf

### Námsárangur og líðan eftir skólagerð og skólastærð

Skrifstofa skóla- og frístundasviðs tók saman upplýsingar varðandi rannsóknir um áhrif skólastærðar á námsárangur og líðan nemenda í ólíkum skólagerðum og út frá skólastærð. Hér verður gerð grein fyrir því helsta en frekari umfjöllun er að finna í fylgiskjali 4.

Ljóst er að það eru fjölmargir þættir sem hafa áhrif á gæði skólastarfs og skólabrag. Reykjavíkurborg hefur lagt áherslu á fjölbreytt námsúrval og inngildandi skólastarf fyrir alla. Skólarnir vinna allir eftir sameiginlegri framtíðarsýn og stefnu: Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Stefnan leggur áherslu á framsækið skóla- og frístundastarf þar sem öll börn hafa jöfn tækifæri til náms í fjölbreyttu námsumhverfi sem samræmist þeirra áhuga og hæfileikum. Skólarnir starfa því eftir sameignlegum leiðarljósum sem eru „[Barnið sem virkur þátttakandi](#)“ og „[fagmennska og samstarf í öndvegi](#)“. Skólarnir, frístundaheimilin og félagsmiðstöðvarnar leggja einnig ríka áherslu á inngildingu og farsæld barna auk þess sem unnið er að því að efla grundvallarþætti menntastefnunnar: félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði.

Engar íslenskar samanburðarrannsóknir eru til á ólíkum skólagerðum og áhrifum ólíkra skólagerða á líðan og námsárangur barna. Að sama skapi fundust engar erlendar rannsóknir sem gera beinan samanburð á áhrifum skólategundar á líðan og námsárangur barna. Það er því ekki hægt að segja til um hvort eitthvað eitt skólaform sé betra eða verra en annað í því samhengi. Rannsóknir hafa hins vegar sýnt að það eru fjölmargir þættir í innra og ytra umhverfi barna og ungmenna sem geta haft áhrif á líðan og farsæld þeirra.

Varðandi rannsóknir á áhrifum skólastærðar á námsárangur og líðan nemenda er ljóst að nauðsynlegt er að taka tillit til áhrifa annarra þátta í umhverfinu til að fá heildræna mynd af áhrifum skólastærðar á námsárangur eða námslíðan. Þar sem fjölmargir aðrir þættir hafa áhrif líkt og félagslegur bakgrunnur nemenda. Til að mynda bentu niðurstöður tyrkneskrar rannsóknar sem byggir á PISA niðurstöðum frá árinu 2015 til þess að það væri neikvæð fylgni milli skólastærðar og lestrarhæfni nemenda. En þegar búið var að taka tillit til annarra breytna líkt og félagslegs bakgrunns móður, upplifun af stuðning frá foreldrum, menntunarbakgrunns kennara og hegðunar nemenda sem hindrar nám reyndist sambandið milli skólastærðar og lestrarhæfni ekki vera marktækt.

Annað sem gerir samanburð á rannsóknum á skólastærðum flókinn eru að viðmið um skólastærðir geta verið ólík og alla jafna eru þau önnur erlendis en hér á landi. Til að mynda er í sumum tilfellum talað um 500-700 nemenda skóla sem fámenna á meðan aðrir flokka skóla undir 400 nemendum sem litla, skóla með 500 til 900 nemendum sem miðlungs stóra og skóla með yfir 1000 nemendum sem stóra. Þá eru einnig fordæmi fyrir því hægt sé að skipuleggja skólastarf í stórum skólum með þeim hætti að nemendahópnum sé skipt upp í minni einingar og því skipta breytur eins og bekkjarstærð, hlutfall nemenda á kennara og úrræði skólans ekki síður máli en heildarstærð skóla. Það er því ekki neitt eitt einfalt svar við því hvort ein ákveðin stærð skóla sé betri en önnur með tilliti til námsárangurs og líðan nemenda. Öllum stærðum skóla (litlum, miðlung stórum og stórum) fylgja ákveðnir kostir og gallar.



Við vöktun á líðan reykvískra barna er rýnt í niðurstöður nemendakannana Íslenskra æskulýðrannsóknna, Rannsóknar og greiningar og eftir aðstæðum Skólapúlsins (þátttaka í skólapúlsinum er valkvæð). Niðurstöður síðustu ára benda til þess að heilt yfir sé líðan nemenda í reykvískum skólum nokkuð góð. Til að mynda sýndu niðurstöður úr könnun Íslenskra æskulýðrannsóknna frá árinu 2023 að 86% nemenda í 6. bekk, 82% nemenda í 8. bekk og 86% nemenda í 10. bekk líki mjög vel eða þokkalega í skólanum.

Þegar niðurstöður úr könnun Rannsóknar og greiningar sem lögð var fyrir nemendur í 8. til 10. bekk í maí 2023 eru skoðaðar út frá skólategund er ekkert sem bendir til þess að andleg heilsa og líðan nemenda í unglingaskólum sé betri eða verri en líðan nemenda í heildstæðum skólum. Hins vegar var marktækur munur á líðan í skólanum eftir skólategund en 63,1% nemenda í heildstæðum grunnskólum segja nær alltaf eða oft að þeim líði vel í skólanum samanborið við 71,4% nemenda í unglingaskólunum. Að sama skapi reyndist ekki vera marktækur munur á því hversu auðvelt eða erfitt nemendur upplifðu að þau væru að fá umhyggju og hlýju frá vinum sínum eftir skólagerð. Tekið skal sérstaklega fram að hér er aðeins horft til skólategunda en ekki tekið tillit til annarra breytna.

## Unglingaskóli

### Fagleg sjónarmið um skóla- og frístundastarf í unglingaskóla

Í Reykjavík eru fjölbreyttar skólagerðir og ólík samsetning nemenda í aldri. Þar sem um heilstæða skóla er að ræða (1.-10. bekkur) er daglegt skipulag skólans í flestum tilvikum skipt eftir aldurstigum (yngsta, mið- og unglingastig). Þannig er nám og kennsla og félagsstarf skipt eftir þessum stigum. Daglegt samstarf kennara snýst að langmestu leyti um skipulag, framkvæmd og úrvinnslu kennslu á þessum aðskildu stigum. Jafnvel eru skólareglur ólíkar milli skólastiganna. Sannarlega er það þannig að skólar skipuleggja einhverja viðburði yfir skólaárið þar sem aldurstigin blandast og í heilstæðum skóla fá unglingar tækifæri til að vera fyrirmynd yngri nemenda til dæmis á viðburðum eins og leiksýningum.

Starfsemi félagsmiðstöðva í borginni fer fram ýmist innan húsnaðis grunnskólans eða í nálægð við grunnskólana. Einnig er mismunandi hvort þær þjóni einum eða fleiri grunnskólum. Nokkrar ólíkar félagmiðstöðvar að stærð, gerð og staðsetningu hafa farið í gegnum ytra mat skóla- og frístundasviðs þar sem gæði starfsins var metið. Það er óhætt að segja að matið hafi almennt komið mjög vel út á starfsemi þessara félagsmiðstöðva þrátt fyrir ólíkar aðstæður þ.e. staðsettar bæði inni í skóla og utan skóla, mismunandi fjöldi unglunga o.s.frv.

Með unglingaskóla eru tækifæri til að efla bæði mannauð og starfsumhverfi með hag unglingsins að leiðarljósi. Skólabragur og skólamenning er öll sniðin að þörfum þessa aldurshóps.

Opnari möguleikar eru á kennslu í verklegum greinum ásamt því að byggja upp öflugt og fjölbreytt valgreinastarf sem mætir ólíkum námslegum hugðarefnum, eflir skapandi hugsun og verklega greind. Sérhæfing kennara er auðveldari í unglingaskóla þar sem fleiri bekkjardeildir gera það að verkum að kennari hefur meiri möguleika á að kenna í fullu starfi námssvið sem varða hans sérþekkingu. Einnig aukast líkur á að kennarar verði hluti af fagteymi með kennurum sem kenna sama námssvið sem og þverfaglegu teymi í árgangi. Sterk fagvitund leiðir af sér fagmennsku og gróskumikið skólastarf.





Stoðþjónusta við börn með sérþarfir/námserfiðleika er hægt að sníða með markvissari hætti að þörfum þessa aldurshóps þar sem möguleiki á fjölbreyttum námsúrræðum verður frekar til staðar því fjármagn til stuðnings er beintengt stærð skóla. Sem dæmi gæti í stórum unglingskóla verið tvö stöðugildi námsráðgjafa í stað eins.

Í stórum skóla og félagsmiðstöð aukast líkur á að unglingsarnir finni „sinn hóp“ og hægt er að bjóða upp á félags- og íþróttastarf sem mætir ólíkum þörfum ólíkra hópa og einstaklinga. Stærri félagsmiðstöð býður upp á fjölbreyttara starf og meiri möguleika varðandi það að halda stærri viðburði. Miklir möguleikar felast í því að skipuleggja starf skóla og félagsmiðstöðvar í samnýttu húsnæði sem er sérsniðið að þörfum unglings 21. aldarinnar.

Sannarlega er áskorun að allir njóti sannmælis og njóti sín í skóla- og frístundastarfi, það á jafnt við um stóra sem litla skóla og félagsmiðstöðvar. Skipulag skóla- og frístundastarfs þarf að fanga það að „enginn týnist“ og öllum sé fylgt eftir. Nauðsynlegt er að virkja stærðina til að auka fjölbreytni en ekki bara stækka viðburði og ætla öllum það sama. Einnig þarf að rýna spurningar eins og: Eru möguleikar unglingsanna til þátttöku í Skrekk og Skólahreysti að minnka þegar tveir skólar sameinast um unglingsstig? Verður ekki hægt að fara í skólaslitaferð með allan hópinn? Fækkar þeim unglingsum hlutfallslega sem geta fengið miða á hátíðina SamFestinginn sem haldin er árlega af samtökum félagsmiðstöðva á Íslandi? Öllum áskorunum fylgja tækifæri og möguleikar á að finna nýjar leiðir.

### **Spár um fjölda unglings í Laugardal og Skeifu og nágrenni árið 2040**

Í ljósi ábendinga um unglingsfjölda á þéttingarsvæðum og vangaveltna um fjölda unglings á þessum svæðum, hafa tölur verið rýndar enn frekar. Í fylgiskjali 5 er að finna ítarlegri upplýsingar um spárnar en hér fyrir neðan eru helstu niðurstöður.

Farnar voru nokkrar leiðir til að horfa á mögulegan fjölda 13-15 ára barna í Laugardalnum. Spárnar horfa til núverandi barnafjölda í hverfi út frá þjóðskrá og út frá núverandi fjölda barna í leik- og grunnskólum. Þá var horft til mannfjöldaspár Hagstofunnar og mögulegrar fjölgunar barna í hverfi vegna uppbyggingar. Lægsta spáin gerir ráð fyrir um 500 börnum og efri mörkin eru sett við um 600 börn<sup>1</sup>.

#### **Tafla 1. Spá um fjölda 13-15 ára unglings í skólahverfum Laugalækjarskóla og Langholtsskóla árið 2040**

|             | <b>Neðri spá</b> | <b>Efri spá</b> |
|-------------|------------------|-----------------|
| Laugardalur | 500              | 600             |

Skipta má uppbyggingarreitum í Skeifu og nágrenni í eftirfarandi þrjá hluta:

- Hluti 1 - Grensásvegur 1, Orkureitur og vestasti hluti Skeifu sem er sviðsmynd 4
- Hluti 2 - Austurhluti Skeifu
- Hluti 3 - Síðumúli, Ármúli, Suðurlandsbraut og Lágmúli



**Tafla 3. Spá um samanlagðan fjölda 13-15 ára unglunga í skólahverfum Laugalækjarskóla og Langholtsskóla og af uppbyggingarreitum í Skeifu og nágrenni, árið 2040**

|                                | Neðri spá | Efri spá |
|--------------------------------|-----------|----------|
| Laugardalur og hluti 1         | 530       | 650      |
| Laugardalur og hluti 1 og 2    | 560       | 700      |
| Laugardalur og hluti 1, 2 og 3 | 600       | 760      |

Niðurstaða rýni er að nýr unglingskóli verði eins og lagt hefur verið til í sviðsmynd 4, þ.e. fyrir nemendur af skólasvæði Laugardals og fyrir nemendur á unglingsstigi sem búa á uppbyggingarreitum við Grensásveg, á Orkureitnum og í Skeifunni.

Í umræðunni um mögulegan unglingskóla í Laugardal hefur komið til tals að unglingar í skólahverfi Vogaskóla verði hluti af nýja skólanum. Uppbygging skóla í Fleyvangi stendur fyrir dyrum og þar af leiðandi er ekki gert ráð fyrir nemendum úr Vogahverfi í nýjum unglingskóla í Laugardal.

Spár um fjölda barna í uppbyggingareitum byggja á fjölda barna í nýju húsnæði þar sem gert er ráð fyrir ákveðnum forsendum um fjölda barna í íbúð í því hverfi þar sem nýja húsnæðið er staðsett. Til að mæta þeirri óvissu sem eru í spám varðandi uppbyggingarreiti í Skeifu og nágrenni, er lagt til að þær spár verði yfirfarnar í byrjun árs 2026.

### Yngri barna skólar í Laugardal

Í sviðsmynd fjögur er gert ráð fyrir að Langholtsskóli, Laugarnesskóli og Laugalækjarskóli verði barnaskólar fyrir 1. - 7. bekk. Fram komu athugasemdir og ábendingar frá hagaðilum varðandi Laugarnes- og Laugarlækjarskóla, annars vegar gagnvart því að skipta hverfinu upp í tvö skólahverfi og hins vegar því að mikilvægt væri að standa vörð um félagslegan jöfnuð í hverfinu og tryggja að börnin séu öll saman í hópum eftir árgöngum. Þá komu fram hugmyndir um að Laugarnesskóli verði fyrir yngsta stig, þ.e. 1. - 4. bekk og Laugalækjarskóli fyrir miðstig, þ.e. 5. - 7. bekk. Með þeirri útfærslu væru öll börnin í skólahverfinu áfram saman í hópum eftir árgöngum.

Í báðum þessum tillögum þarf að taka afstöðu til hvernig fer með Katlagil og það nám sem þar fer fram en Katlagil er landssvæði í Mosfellsdal og er í eigu Kennarafélags Laugarnesskóla.

Hér verður gerð grein fyrir þessum tveimur leiðum hvað skólana tvo í Laugarneshverfi varðar og sett fram spá um barnafjölda í 1. – 7. bekk í Laugarnes- og Laugarlækjarskólahverfinu til ársins 2040. Í fylgiskjali 6 er ítarlegri umfjöllun um spárnar og lögð fram spá um fjölda barna í 1. - 7. bekk Langholtsskóla árið 2040 sem og kynntar þær hverfaskiptingar sem voru til skoðunar ef Laugarnes- og Laugalækjarskóli yrðu fyrir 1.-7. bekk.

### Laugarnes- og Laugalækjarskóli fyrir 1.-7. bekk

Tillagan gerir ráð fyrir að Laugarnes- og Laugalækjarskólar verði báðir yngri barna skólar. Hvor skóli um sig yrði þá barnaskóli afmarkaðs hverfis í kringum skólana. Rýndar voru fimm tillögur



að hverfaskiptingu 1.-7. bekkinga í tvo barnaskóla í Laugarnesi þar sem samgöngur og nemendafjöldi lágu til grundvallar þeirri rýni. Fjöldatölurnar eru spátölur fyrir árið 2040 og alltaf er tekið tillit til uppbyggingarreita í skólahverfinu. Sú tillaga sem skóla- og frístundasvið telur besta af þessum fimm tillögum var tillaga fjögur þar sem allt hverfið austan Reykjavegar/Laugardalsvallar yrði skólahverfi Laugalækjarskóla. Hér er því um einskona vestur-austur skiptingu núverandi skólahverfis sem sýnd er á mynd 1. Í fylgiskjali 6 má sjá útfærslu á öðrum tillögum sem rýndar voru. Börn úr þessum tveim skólum sameinast svo börnum úr Langholtsskóla í safnunglingaskóla fyrir Laugardalinn.

#### Mynd 1. Tillaga 4, Vestur-austur skipting skólahverfis í Laugarnesi.



Þessi tilhögun barnaskóla frá 1. – 7. bekk og safnunglingaskóla er þekkt í skólastarfi í Reykjavík og víðtæk reynsla af henni. Sú skipting styttr gönguleið yngstu barnanna úr Laugalækjarhverfinu sem í dag sækja Laugarnesskóla. Þar sem nálægð skólanna er mikil gefur það ýmis tækifæri til samstarfs og samþættingar skólanna. Aldursbil barnanna í skólanum er nokkuð breytt og eldri nemendur geta verið fyrirmynd yngri nemenda. Þessi breidd í aldri nemenda getur skapað fjölbreytni fyrir starfsfólk í verkefnavali í kennslu og starfi með ólíkum árgöngum. Koma þyrfti fyrir starfsemi frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar í báðum skólum. Fara þyrfti í endurgerð á skólalóð Laugalækjar þannig að hún hentaði nemendum í 1.-7. bekk. Fara þyrfti í einhverjar framkvæmdir í Laugalækjarskóla til þess að hann nýttist sem best nemendum á þessum aldri.

Tafla 7 sýnir spá yfir fjölda barna sem myndu vera í 1. – 7. bekk í skólunum tveimur árið 2040 og nemendafjöldaviðmið sem gert er ráð fyrir að séu æskileg m.v. núverandi skólabyggingu.



**Tafla 7. Spá um fjölda barna í hverfaskiptum barnaskólum í Laugarnesi - Tillaga 4, Vestur-austur skipting skólahverfis árið 2040**

| Hverfi                        | Viðmið         |            |            |
|-------------------------------|----------------|------------|------------|
|                               | skólabyggingar | Neðri spá  | Efri spá   |
| Laugarnesskóli 1.-7. bekkur   | 398            | 370        | 420        |
| Laugalækjarskóli 1.-7. bekkur | 329            | 325        | 370        |
| <b>Samtals</b>                | <b>727</b>     | <b>695</b> | <b>790</b> |

### Yngsta stig í Laugarnesskóla og miðstig í Laugalækjarskóla

Tillagan gerir ráð fyrir að skólastarf fyrir yngsta stig, þ.e. 1.-4. bekk verði í Laugarnesskóla og skólastarf fyrir miðstig, þ.e. 5.-7. bekk verði í Laugalækjarskóla. Fram komu athugasemdir og ábendingar frá hagaðilum varðandi Laugarnes- og Laugarlækjarskóla, annars vegar gagnvart því að skipta hverfinu upp í tvö skólahverfi og hins vegar því að mikilvægt væri að standa vörð um félagslegan jöfnuð í hverfinu og tryggja að börnin séu öll saman í hópum eftir árgöngum. Með þeirri útfærslu væru öll börnin í skólahverfinu áfram saman í hópum eftir árgöngum. Þannig er hægt að viðhalda góðri skólamenningu sem byggist á sameiginlegri sýn skólasamfélags hverfisins.

Nefnt hefur verið að það þá sé áskorun fyrir börn sem þola síður breytingar að skipta um skólahúsnæði þrisvar á skólagöngunni. Benda má á að í flestum heildstæðum skólum er mikið af starfseminni skipt upp eftir yngsta-, mið- og unglingsstigi þannig að öll börn ganga í gegnum einhvers konar breytingar á grunnskólagöngu sinni. Almennt er það svo að í innra starfi skóla og frístundar er unnið með málefni einstakra barna eftir því sem þörf er á.

Laugarnesskóli er rýmri en Laugalækjarskóli og hentar því betur að hafa fjóra árganga þar og þrjá í Laugalækjarskóla. Fjölmennir árgangar bjóða upp á fagauð og teymisvinnu á hvoru skólastigi fyrir sig. Fleiri bekkir í árgangi bjóða upp á fjölbreyttari samsetningu í námshópum sem er faglega og rekstrarlega fýsilegt. Meðaltal í hverjum árgangi væri í kringum 100 og það hentar ágætlega í hvorum skóla fyrir sig í uppskiptingu í umsjónarhópa.

Skólalóðin við Laugarnesskóla hentar betur fyrir yngri börn og skólastofur í Laugarnesskóla eru minni en í Laugalækjarskóla og henta yngri börnum betur. Verk- og listrymi Laugarnesskóla henta betur yngri börnum. Góður möguleiki er á traustu fagsamstarfi við yngri barna skóla við leikskólann Hof sem er á „samnýtttri lóð“. Í slíku samfélagi fer ágætlega að stilla saman samlegð grunnskóla fyrir 1. - 4. bekk, leikskóla og frístundaheimilis.

Skólalóð Laugalækjarskóla hentar betur fyrir eldri börn auk þess sem verk- og listrymi í Laugalækjarskóla henta betur börnum á miðstigi en yngsta stigi. Það er hentugt að æfingaaðstaða skólahljómsveitar Austurbæjar sé í miðstigsskóla miðað við aldursamsetningu barna í skólahljómsveitum. Félagsmiðstöðvastarf fyrir miðstig færi fram í Laugalækjarskóla sem verður fjölbreyttara í miðstigsskóla með fleiri þátttakendum. Miðstigsskóli býður upp á traust samstarf skóla, félagsmiðstöðvar og skólahljómsveitar.

Í dag sækja börn í 3. – 4. bekk safnfrístund í Dalheimum ásamt börnum úr 3. – 4. bekk úr Langholtsskóla en 1. -2. bekkur sækir frístundaheimilið Laugarsel sem er starfrækt við Laugarnesskóla. Verði Laugarnesskóli fyrir 1. - 4. bekk er mikilvægt að rýna fýsileika þess að endurskoða staðsetningu safnfrístundaheimilis í Fjölskyldu- og húsdýragarði fyrir nemendur 3.



og 4. bekkjum og starfrækja þess í stað frístundaheimili í grunnskólunum fyrir 1. - 4. bekk. Í samræmi við Stefnu um frístundabjónustu í Reykjavík er gert ráð fyrir því að starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðva fari fram í húsnaði grunnskóla, þar sem því verður við komið.

Í töflu 8 er spá um fjölda nemenda árið 2040 með uppbyggingarreitum ef Laugarnesskóli verði fyrir nemendur 1. - 4. bekk og Laugalækjarskóli fyrir nemendur í 5. - 7. bekk.

**Tafla 8. Spá um fjölda barna í aldursskiptum barnaskólum í Laugarnesi árið 2040**

| Hverfi                        | Viðmið<br>skólabyggingar | Neðri spá  | Efri spá   |
|-------------------------------|--------------------------|------------|------------|
| Laugarnesskóli 1.-4. bekkur   | 398                      | 395        | 450        |
| Laugalækjarskóli 5.-7. bekkur | 329                      | 300        | 340        |
| <b>Samtals</b>                | <b>727</b>               | <b>695</b> | <b>790</b> |

#### Niðurstaða:

Við mat á þessum tveimur tillögum, annars vegar að skipta skólahverfinu upp eins og sviðsmynd fjögur gerir ráð fyrir og að bæði Laugarnes- og Laugalækjarskóli verði fyrir 1.-7. bekk og hins vegar að Laugarnesskóli verði fyrir 1.-4. bekk og að Laugalækjarskóli verði fyrir 5.-7. bekk er niðurstaðan sú að leggja til þá síðarnefndu.

Með því væri Reykjavíkurborg að feta nýjar slóðir í skólategund grunnskóla og um leið skapa faglega nýjung í skólastarfi. Hverfið helst áfram sem heildstætt skólahverfi með sterka og góða skólamenningu. Sterk skólamenning hefur áhrif á hvernig nemendum sem og starfsfólki í skólum gengur að ná árangri í starfi.

Skólalóð Laugarnesskóla er rúmgóð og heldur vel utan um nemendur á þessu aldursbili. Skólalóðin hentar vel til yngri barna kennslu með möguleika á fjölbreyttum kennsluháttum og nýbreytni í skóla og frístundastarfi.

Í Laugalækjarskóla er góð kennsluástaða sem styður vel við kennslu á miðstigi. Í skólanum hefur skólahljómsveit Austurbæjar æfinga- og kennsluástöðu sem hentar vel þeim aldurshópi. Félagsmiðstöðvastarf fyrir miðstig færi fram í Laugalækjarskóla sem verður fjölbreyttara í miðstigsskóla með fleiri þátttakendum. Miðstigsskóli býður upp á traust samstarf skóla, félagsmiðstöðvar og skólahljómsveitar.

Lagt er til að sviðsmynd fjögur verði því svo breytt, samanber texta í tillögu:

*Opnaður verði nýr unglingskóli í Laugardal fyrir unglinga af skólasvæði skólanna þriggja, Langholtsskóla, Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla, auk nemenda á unglingsstigi sem búa á nærliggjandi uppbyggingareitum, við Grensásveg, á Orkureitnum og í Skeifunni. Skólarnir þrír verði allir yngri barna skólar, Langholtsskóli fyrir nemendur í 1. – 7. bekk, Laugarnesskóli fyrir nemendur í 1. – 4. bekk og Laugalækjarskóli fyrir nemendur í 5. – 7. bekk.*





Með þessari breytingu eru börnin í unglingaskólanum að koma úr tveimur grunnskólum, í stað þriggja, þ.e. úr Laugalækjarskóla og Langholtsskóla sem og af uppbyggingarreitum í Skeifu og nágrenni. Nemendafjöldi í 8. til 10. bekk 1. okt. 2024 er 319 í Laugalækjarskóla og 236 í Langholtsskóla. Hversu margir unglingar koma frá uppbyggingarreitum mun liggja betur fyrir þegar þeir verða skoðaðir vorið 2026.



## Húsnæðismál

Í samræmi við sviðsmynd 4 er gert ráð fyrir að skóla- og frístundastarf í Laugardalnum verði, þegar litið er til framtíðar, í endurbættu húsnæði Laugarnes-, Laugalækja -og Langholtsskóla, nýrri byggingu sem mun hýsa unglingasafnskóla og frístundahúsnæði í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum, auk samnýtingar með íþróttamannvirkjum í Laugardal.

Unnið hefur verið ítarlegt áhættumat fyrir allar sviðsmyndir sem ná utan um helstu áhættuþætti. Áhættumat var unnið í tvígang með viðeigandi aðilum frá skóla- og frístundasviði sem og umhverfis- og skipulagssviði, ásamt óháðum sérfræðingum.

Einfaldara er framkvæmdalega séð að byggja á einum stað og eykur það líkur á að kostnaðaráætlanir standist, færri skorður er þannig varðandi tilhögun mannvirkis og frjálsari hendur til að byggja gott mannvirki, áætla má skemmri framkvæmdatíma vegna einnar byggingar en þriggja viðbygginga og minni óvissa varðandi þætti sem snúa að tengingum við eldri byggingar.

Kostnaður við endurbætur á núverandi mannvirkjum er óháður viðbyggingum en ljóst og í samræmi við reynslu framkvæmdaskrifstofu að það er aukin óvissa, með hættu á meiri kostnaði, ef unnið er að endurbótum og viðbyggingum samhliða.

### Nýbygging

Í skýrslu um Skóla- og frístundastarf í Laugardal frá nóvember 2023 var unnið með þrjá helstu valkosti nýrrar byggingar fyrir safnskóla. Í áframhaldandi greiningarvinnu er lagt til að vinna áfram með Lóð 1 sem er staðsett norðan við Skautahöllina sem er hluti af íþróttasvæði Þróttar. Vegna lögunar hefur vinnuheiti hennar verið „þríhyrningurinn“. Í safnskóla væri skóla- og félagsmiðstöðvastarf fyrir 8.-10. bekk með sérstakar áherslur á íþróttir. Gert er ráð fyrir að nýr unglingaskóli geti risið á þessum stað en til að svo geti orðið þarf að vinna mjög náið með Knattspyrnufélaginu Þrótti ásamt öðrum hagsmunaaðilum á svæðinu að framtíðarsýn þeirra í Laugardal. Þróunaráætlun verður unnin fyrir svæðið í heildarsamhengi borgarðgarðsins með skrifstofu skipulagsfulltrúa þar sem mismunandi sviðsmyndir verða skoðaðar og í kjölfarið verði unnin tillaga að skipulagi fyrir svæðið.

### Frístundastarf

Gert er ráð fyrir því að frístundaheimili og félagsmiðstöðvar verði í hverjum skóla fyrir sig, í samræmi við þann aldurshóp sem sækir skólann, og fyrirkomulag verður skoðað vandlega og útfært nánar í þarfagreiningarvinnu. Staðsetningu safnfrístundaheimilis í Fjölskyldu- og húsdýragarði fyrir nemendur 3. og 4. bekkjum verður endurskoðað og skoðað að starfrækja þess í stað frístundaheimili í grunnskólunum fyrir 1. - 4. bekk. Sérþæka félagsmiðstöðin Hof er í dag með aðstöðu í og við Laugalækjarskóla og í þarfagreiningarvinnu verður það yfirfarið með tillit til staðsetningar.

### Viðhald Laugarnes-, Laugarlækja- og Langholtsskóla.

Skólarnir þrír í Laugardal eru í fyrsta forgangsflokki í viðhaldsátak á húsnæði leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva sem samþykkt var í borgarráði í mars 2023. Umfang viðhaldsframkvæmda er meira en talið var. Stórar viðhaldsframkvæmdir hafa verið á



skóla- og frístundahúsnæði síðustu ár og þekking úr þeim framkvæmdum verður hagnýtt í viðhaldsframkvæmdum í Laugardalsskólunum. Ljóst er, óháð niðurstöðu skóla- og frístundaráðs um safnskóla, að fara þarf í viðhalds- og endurgerðarframkvæmdir á skólunum. Niðurstöður erindisins hafa þó töluverð áhrif á þær framkvæmdir, þar eða talið er einfaldara og ekki jafn kostnaðarsamt að fara í viðhalds- og endurgerðarframkvæmdir eingöngu, en ef viðbygging við húsnæðið yrði gert samhliða. Því er horft til þess að nýbygging fyrir nýjan safnskóla getir verið í gangi á sama tíma og viðgerðirnar verða gerðar skólunum þremur. Það myndi stytta þann tíma sem unnið er við hvern skóla fyrir sig og létt á skólastarfi.

Framkvæmdir hafa verið í gangi vegna viðhalds- og mótvægisgerða. Á grundvelli heildstæðra ástandsskýrsla sem verið er að ljúka við verður unnin þarfagreining og forhönnun til að leiða í ljós hverju þarf að breyta í núverandi skólum, hvernig skipulag rýma og skólastofa verði háttáð og hvað þarf nauðsynlega að lagfæra, breyta eða skipta út. Í þeirri vinnu verða mögulegar breytingar og endurbætur vegna aðlögunar yngri barna í núverandi skólum vegna allrar starfsemi, skóla-, skólahljómsveitar- og frístundastarfs. Þá verður samráði við Minjastofnun haldið áfram vegna friðunar Laugarnesskóla.

Gert er ráð fyrir að fyrst verði farið af stað með heildar endurbætur Laugarnesskóla og að framkvæmdir verði unnar í áföngum. Þá verði sett fram nánara yfirlit framkvæmda þegar umfang er ljóst, eftir að þarfagreiningu og forhönnun líkur.

### Skólaþorpið

Á meðan á framkvæmdum stendur við núverandi mannvirki sem hýsir skóla- og frístundastarfsemi í Laugardalnum er gert ráð fyrir að starfsemi flytji í tímabundið húsnæði. Unnið er að því að setja færanlegt húsnæði í Laugardalnum sem gengur undir vinnuheitinu *skólaþorpið*. Undirbúningur vegna skólaþorps er í gangi og er gert ráð fyrir því að það verði staðsett á suðurenda bílastæða við Laugardalsvöll. Áður hafði verið skoðað að setja upp ævintýraborgarleikskóla á svæðinu og unnið út frá þeirri þekkingu sem er til staðar frá þeirri vinnu.

Hornsteinar arkitektar hafa unnið tillögur sem kynntar hafa verið fyrir fulltrúum af skrifstofu skóla- og frístundasviðs og skóla- og frístundastjórnendum Laugarnesskóla. Hér að neðan má sjá þá tillögu sem fellur best að þörfum starfseminnar og ákveðið hefur verið að vinna áfram.

Skólaþorpið er miðsvæðis í Laugardal, sérstaklega nálægt bæði Laugarnes- og Laugalækjaskóla. Sjá blámerkta reit á loftmynd.





Nánari útfærslur á tímabundnu húsnæði á meðan á framkvæmdum stendur verður unnið samhliða þarfagreiningu og forhönnun viðhalds og endurgerðar skólanna þriggja, sem og í takt við framvindu safnskóla.

### Íþróttamannvirki

Lagt hefur verið sérstakt mat á hvaða tímar verða í boði fyrir íþróttakennslu í Laugardalshöll/Þjóðarhöll á svæðinu og þar eru metnir íþróttatímar nemenda og aðgengi þeirra að aðstöðunni.

Aðalnámskrá grunnskóla segir til um áherslur í skólaíþróttum. Þar er lögð áhersla á þrek, þol, fimi, snerpu og liðleika frekar en einstaka íþróttagreinar - nema þá í kynningarskyni. Til að átta sig á tímapörf unglunga úr 8. – 10. bekk í Laugardalshöll og væntanlegri Þjóðarhöll þarf að miða við að hver umsjónarhópur ( ca. 25 nemendur) fái 2x40 mínútur í íþróttakennslu að lágmarki + sund (1x40 mín) + val tíma 1x40 ( í val tíma væri hægt að blanda árgöngum). Hugsanlega verður áhugi á að íþróttir skipi stóran sess í skóla- og frístundastarfinu og verði sérstaða hans. Þá verður félagsmiðstöð einnig með eitthvað íþróttastarf, en frekar horft til óhefðbundnari hópíþrótt. Í næsta nágrenni væntanlegs safnskóla eru einnig stundaðar fjölmargar íþróttir s.s. badminton/tennis/þrek/fimleikar/knattspyrna/líkamsrækt/skautar/íshökký/listdans/sund svo nokkrar greinar séu nefndar sem eru í göngufæri í dalnum.



Ef horft er til þess að hámarki verði 800 börn í skólanum. Er því um 30 bekkjadeildir að ræða sem sækja íþróttatíma í Laugardalshöll. Tímafjöldi allra nemanda er því 30 x (3x 40min). Til hagræðingar er rétt að miða við að hver tími hvers hóps taki um klukkustund í undirbúning og sturtur eftir tíma, frágang á völlum og undirbúnings kennara. Er því um að ræða 90 klst. á viku á fimm daga vikunnar.

Ríki og Reykjavíkurborg hafa undirritað yfirlýsingu um uppbyggingu og rekstur Þjóðarhallar í Laugardal og um stofnun einkahlutafélagsins Þjóðarhöll ehf. Þar kemur m.a. fram áætluð nýting Þjóðarhallar og annarra tengdra íþróttamannvirkja m.a. fyrir börn og unglinga í grunnskólum í nágrenni Laugardals til að tryggja aðgengi þeirra að íþróttakennslu.

Í áætlunum Þjóðarhallar ehf. er gert ráð fyrir 4200 einingum á ári fyrir skólaíþróttir í Þjóðarhöll og Laugardalshöll á tímabilinu ágúst til júní ár hvert. Í dag er þörf grunnskólanna áætluð um 3600 einingar á ári, þannig að fyrir liggur að nægir tímar eru til nokkurrar framtíðar í mannvirkjunum. Í Laugardalshöll/Þjóðarhöll/frjálsíþróttahöll og fjölnotasal er með skiptingu vallargólfa, þar sem hver salur er góður íþróttasalur, um 8 kennslusalir og hægt að hafa marga nemandahópa á hverjum tíma að iðka íþróttir.

Í núverandi forsendum er gert ráð fyrir að um verði að ræða samrekstur á Þjóðarhöll, Laugardalshöll og frjálsíþróttahöll.

Á það hefur verið bent að við stórmót eða sýningar sé hætt á að iðkendur þurfi að víkja úr aðstöðunni, eða hluta hennar, meðan viðburðir standa yfir þá er rétt að benda á að við slíkar aðstæður verður hægt að stunda aðrar íþróttir á útisvæðum og eða bæta fallna tíma upp síðar á sama skólaári. Við upphaf kennslu á haustin er vitað hvaða dagar falla niður vegna viðburða og hægt að skipuleggja kennslu í samræmi við það.

Aðstaða íþróttakennslu fyrir Laugalækjaskóla verður skoðuð sérstaklega og útfærð í þarfagreiningar- og forhönnunarvinnu og í samráði við íþróttafélögin sem starfa í Laugardal. Að mati menningar- og íþróttasviðs er mikilvægt að byggt verði íþróttahús með sal að lágmarkstærð 20X40 sem nýtist þá frekar til íþróttakennslu og íþróttæfinga.

## Samgöngur

Áhrif breytinganna á samgöngur á heildarsvæði Laugardalsins verða yfir farnar markvisst eftir að niðurstaða liggur fyrir. Það verður þá skilgreindur hluti verkefnisins að tryggja með afgerandi hætti gott aðgengi og öryggi barna við umferðagötur til að þau eigi greiða og örugga leið til og frá skóla og í frístundastarf.

Einn þessara staða er Reykjavegur þar sem finna þarf leiðir til að tryggja öryggi barna á leið yfir og meðfram götunni en lausnir, staðsetning þeirra og útfærslur, verða unnar í samráði við nemendur, íbúa, starfsfólk og stjórnendur skóla- og frístundastarfs. Leitast verður við að finna útfærslur sem draga úr umferðarhraða og gefa gangandi og hjólandi vegfarendum meira vægi.



Við rýni á aðgerðum og útfærslum samgöngulausna verða m.a. fyrirbyggjandi gögn úr gerð hverfaskipulags nýtt þar sem raddir íbúa, hér á meðal barna, hafa verið tekin saman. Þá verður byggt á reynslu af samráði og samstarfi með starfsfólki skóla, foreldrum og nemendum við að útfæra breytingar á gatnakerfinu í norðanverðum Grafarvogi til að bæta umferðaröryggi og aðgengi nemenda, þegar gerðar voru breytingar á fyrirkomulagi á skóla- og frístundastarfi þar.

## Næstu skref og samstarf vegna þróunarvinnu framundan

Næstu skref í verkefninu er að vinna áfram með þróun safnskóla fyrir unglinga og vinna að endurbótum á núverandi skóla- og frístundahúsnæði og að gera þetta í góðu samráði við íbúa og hagaðila í dalnum. Viðeigandi aðilar eru með í ferlinu fyrir einstaka verkhluta verkefnisins.

- Þróunaráætlun skipulags fyrir safnskóla unnin með skrifstofu skipulagsfulltrúa og hagaðilum s.s. íþróttafélögum og skipulag skoðað í heildarsamhengi dalsins.
- Upplýsingasíðu haldið uppfærðri svo íbúar geti fylgst með stöðu mála. Komin er í loftið upplýsingavefur um stöðu verkefnisins á heimasíðu Reykjavíkurborgar <https://reykjavik.is/laugardalur> Hún verður nýtt til að miðla efni til allra sem leita sér upplýsinga um stöðu mála.
- Samgöngur skoðaðar auk götulýsingar og sett upp áfangaskipt áætlun um aðgerðir til að tryggja öryggi vegfaranda og gott aðgengi í samræmi við framkvæmdir við skólana
- Framtíðarsýn íþróttastarfs unnin í samráði við íþróttafélögin og aðra hagsmunaaðila
- Viðhald á Laugardalsskólunum þremur
- Unnið verður að því að þróa breyttar skólagerðir, þ.e. yngri barnaskólana þrjá, unglíngaskólann og frístundastarf samhliða uppbyggingu safnskóla og endurgerð núverandi húsnæðis skóla- og frístundastarfs.

Þegar vinna við byggingar er lengra komin verður horft til fyrirkomulags sem gafst vel þegar samþykktar voru breytingar á skóla- og frístundastarfi í norðanverðum Grafarvogi. Þá var skipaður var yfirhópur um innleiðingu og þrír starfshópar, einn fyrir hvern skóla/frístundastarf.

Hlutverk yfirhópsins var að tryggja að samfella skapaðist í skipulagi skólahalds, frístundastarfs og samgöngumálum og breytingum á skóla- og frístundastarfi í norðanverðum Grafarvogi.

Hlutverk starfshópanna þriggja var að vinna að markvissri og farsælli innleiðingu breytinga á skóla- og frístundastarfinu í hverjum skóla, frístundaheimili og félagsmiðstöð. Hóparnir störfuðu til ársloka 2022.



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

2021

# Framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs

Í LAUGARNES- OG LANGHOLTSHVERFI



**Starfshópin skipa:**

Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundamála SFS

Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólamála SFS

Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir, verkefnisstjóri á grunnskólaskrifstofu SFS

Haraldur Sigurðsson, framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Kringlumýri

Hreiðar Sigtryggsson, skólastjóri Langholtsskóla

Jón Páll Haraldsson, skólastjóri Laugalækjarskóla

Ósk Soffía Valtýsdóttir, deildarstjóri frumathugana mannvirkjadeildar USK

Sigríður Heiða Bragadóttir, skólastjóri Laugarnesskóla

Sigrún Sveinbjörnsdóttir, verkefnisstjóri á frístundaskrifstofu SFS

Ráðgjöf við hópinn var í höndum Önnu Kristínar Sigurðardóttur prófessors við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

# Inngangur

Hópnun, sem skipaður var í janúar 2021, var ætlað að rýna stöðuna í Laugarnes- og Langholtshverfi og koma með tillögur um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í hverfunum. Hópnun var ætlað að skila af sér skýrslu fyrir lok febrúar en frestur var veittur til loka mars 2021. Hópurinn víðaði að sér upplýsingum og fékk m.a. kynningu frá Haraldi Sigurðssyni sérfræðingi á umhverfis- og skipulagssviði á stefnu um íbúðabyggingu í Reykjavík til ársins 2040. Taka skal fram að í vinnu hópsins var tvennt hamlandi; framtíðarskipulag íþróttamannvirkja í Laugardal og framtíðarskipulag safnfrístundar fyrir 3. og 4. bekk í Langholtsskóla og Laugarnesskóla. Hópurinn framkvæmdi SVÓT-greiningu á alls sjö sviðsmyndum sem lagðar voru til í vinnu hópsins. Áttunda sviðsmyndin kom til umræðu eftir SVÓT-greiningu en ekki var talin ástæða til að greina hana. Erindisbréf (fylgiskjal 1) og vinna starfshópsins var kynnt skólaráðum og starfsmönnum skólanna þriggja. Stjórnendur Kringlumýrar fengu einnig kynningu á erindisbréfi og vinnu starfshópsins.

**Eftir greininguna var ákveðið að setja hér fram þrjár sviðsmyndir og fjalla um svót greiningu þeirra:**

- I. Skólarnir þrír haldi sér í núverandi mynd og byggt verði við þá alla til að mæta auknum nemendafjölda á næsta áratug í skólahverfunum í takt við forsagnir (fylgiskjöl 2 og 3).
- II. Færa tvo elstu árganga Laugarnesskóla yfir í Laugalækjarskóla og því byggt við hann. Byggt verði við Langholtsskóla eins og fram kemur í forsögn.
- III. Opnaður verði nýr unglingaskóli í Laugardal fyrir alla unglinga úr skólunum þremur. Skólarnir þrír yrðu þá allir yngri barna skólar fyrir nemendur í 1.-7. bekk.

**Sviðsmyndirnar fjórar sem útilokaðar voru:**

- IV. Opnaður yrði nýr unglingaskóli fyrir Laugarneshverfi og byggt verði við Langholtsskóla.
- V. Byggt yrði nýr skóli fyrir 1.-7. bekk í Laugarneshverfi og Laugarnesskóli fengi aftur til sín 7. bekk. Byggt yrði við Laugalækjarskóla sem yrði unglingaskóli fyrir 8.-10. bekk og byggt yrði við Langholtsskóla.
- VI. Byggt yrði við Laugalækjarskóla sem yrði unglingaskóli með félagsmiðstöð fyrir 8.-10. bekk fyrir nemendur allra þriggja skólanna og byggt yrði við Laugarnesskóla sem yrði fyrir 1.-7. bekk.
- VII. Byggt yrði nýr heildstæður skóli sem þjónar nýjum byggingarreitum í og við Skeifu.
- VIII. Byggt yrði við Laugalækjarskóla sem yrði heildstæður skóli fyrir 1.-10. bekk og Laugarnesskóli yrði fyrir 1.-7. bekk. Byggt yrði við Langholtsskóla samkvæmt forsögn.

Eftir SVÓT greiningu sviðsmynda og rýni í spátölur um fjölda nemenda (fylgiskjal 4) í Laugardal til ársins 2040 var hópurinn sammála um að ekki væri ástæða til að fjalla frekar um fleiri tillögur en þrjár þar sem of margir ágallar voru á þeim að mati hópsins.

Mikilvægt er að rýna vel samgöngur milli hverfa. Í Græna plani Reykjavíkurborgar er lögð áhersla á að þjónusta í hverfum verði í göngu- eða hjólaferi. Yfirfara þarf göngu- og hjólaleiðir barna með tilliti til þess. Sérstaklega skal hugað að þverun Sundlaugarvegjar. Rýna þarf samgönguæðar, hvernig ferðir Strætó falla að þjónustu við nemendur sem koma úr þessum hverfum og kanna möguleika á þörf fyrir annars konar samgöngubætur.

## Greinargerð

Um nokkurra ára skeið hefur verið ljóst að vegna viðvarandi fjölgunar nemenda er verulega farið að þrengja að í skóla- og frístundahúsnæði Laugarnesskóla, Laugalækjarskóla og Langholtsskóla eins og sjá má á mynd 1. Í forsögn fyrir Laugarnesskóla sem var skilað 2017 og aftur 2019 (í drögum) kemur þörfin fyrir viðbyggingu skýrt fram. Spár til 20 ára gera ráð fyrir fjölgun nemenda í þessum

skólahverfum úr 1.648 árið 2020 í 1.774 árið 2040 og því er ljóst að bregðast þarf við vandanum strax (mynd 1).

**Mynd 1.** Nemendafjöldi og þol bygginga skólanna þriggja til ársins 2040.

|                         | 2020                |             |                   | 2030        |                   | 2040        |                   |
|-------------------------|---------------------|-------------|-------------------|-------------|-------------------|-------------|-------------------|
|                         | <i>Þol húsnæðis</i> | Nem. fjöldi | Fjöldi vs húsnæði | Nem. fjöldi | Fjöldi vs húsnæði | Nem. fjöldi | Fjöldi vs húsnæði |
| <b>Langholtsskóli</b>   | 558                 | 706         | -148              | 662         | -104              | 665         | -107              |
| <b>Laugalækjarskóli</b> | 348                 | 353         | -5                | 421         | -73               | 423         | -75               |
| <b>Laugarnesskóli</b>   | 431                 | 589         | -158              | 683         | -252              | 686         | -255              |
| <b>Samtals</b>          | 1337                | 1648        | -311              | 1766        | -429              | 1774        | -437              |

\*Tölur um þol húsnæðis miðast við 11 m<sup>2</sup> fyrir hvern nemanda. Færanlegar skólastofur eru ekki teknar með í m<sup>2</sup> grunnskólanna.

Starfshópurinn ákvað strax að skoða allar mögulegar sviðsmyndir fyrir svæðið í heild jafnt sem fyrir hvern skóla. Á tímabili var unnið með átta hugsanlegar sviðsmyndir eins og áður hefur komið fram en eftir svót greiningu var þeim fækkað niður í þrjár og er þeim lýst nánar í lok skýrslu.

## Langholtsskóli

Langholtsskóli er einn af fjölmennustu grunnskólum Reykjavíkurborgar með 707 nemendur (1. janúar 2021). Það eru mun fleiri nemendur en skólinn rúmar og eru nú 8 færanlegar kennslustofur við skólann og mikil þrengsli í list- og verkgreinum, í fjölnotasal/mötuneyti og íþróttum. Nemendur sækja frístundastarf í félagsmiðstöðina Þrótttheima (5.-10. bekkur) og frístundaheimilið Glaðheima (1.-2. bekkur), staðsett við Holtaveg 11 og safnfrístundaheimilið Dalheima (3.-4. bekkur), staðsett í Laugardal.

Samkvæmt nemendaspá mun börnum fækka aðeins á næstu árum í skólahverfinu, en þó ekki þannig að húsnæðið rúmi allan nemendafjöldann. Þarfragreining sýnir að þörf er á að byggja við skólann, bæði til að félagsmiðstöðin Þróttheimar fái aðstöðu í skólahúsnæðinu, og til að rúma áætlaðan fjölda nemenda. Auk þess sem þörf er á endurbótum á eldri byggingum og að uppfæra í samræmi við fjölbreytni í kennsluháttum og framtíðarsýn skólans um aukna teymiskennslu.

## Laugalækjarskóli

Laugalækjarskóli er hverfis-skóli fyrir nemendur í 7. til 10. bekk í Laugarneshverfi. Haustið 2020 voru um 353 nemendur og 45 starfsmenn í skólanum. Kennsla og félagsmiðstöðvastarf rúmast í dag innan skólabyggingarinnar. Auk þess fer kennsla í íþróttum fram í íþróttamannvirkjum í hverfinu. Mikil uppbygging er fyrirhuguð í skólahverfi Laugalækjarskóla á næstu árum en samkvæmt spá gæti nemendafjöldinn árið 2030 verið allt að 421 nemendur. Miðað við fjölgun nemenda á næstu árum þarf að endurskoða húsnæði skólans og gera grein fyrir væntanlegri rýmisþörf hans.

## Laugarnesskóli

Laugarnesskóli er hverfis-skóli nemendur í 1. til 6. bekk í Laugarneshverfi. Haustið 2020 voru 589 nemendur og 95 starfsmenn í skólanum. Það eru mun fleiri nemendur en skólinn rúmar og eru nú 7

færanlegar kennslustofur við skólann og mikil þrengsli í list- og verkgreinum, í fjölnotasal/mötuneyti, íþróttum og rými fyrir sérkennslu. Auk þess eru 2 færanlegar kennslustofur og „gama smíðastofan“ fyrir starf frístundaheimilisins. Yngstu nemendur skólans, þ.e. börn í 1. og 2. bekk eru í frístundaheimilinu Laugarseli sem er starfrækt við Laugarnesskóla en eldri nemendur skólans, börn í 3. og 4. bekk fara í Dalheima sem er safn-frístundaheimili fyrir 3. og 4. bekk Laugarnesskóla og Langholtsskóla. Auk þess sækja elstu nemendur kennslu í íþróttum í íþróttahúsi við Hátún. Mikil uppbygging er fyrirhuguð í skólahverfi Laugarnesskóla á næstu árum sem samkvæmt spá gæti nemendafjöldinn orðið töluvert meiri árið 2030, eða um 683 nemendur.

## Frístundastarf samofið skólastarfi

Samkvæmt *Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025* er almennt gert ráð fyrir því að starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðva fari fram í húsnaði grunnskóla.

### Frístundaheimili á yngsta stigi

Í grunnskólum sem hafa yngsta stig þarf að vera góð aðstaða fyrir frístundaheimili. Hlutverk frístundaheimila er að bjóða upp á fjölbreytt frístundastarf þegar hefðbundnum skóladegi barna í 1.-4. bekk lýkur. Leiðarljós frístundaheimilanna er að hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu. Starfsemi frístundaheimila byggir á hugmyndafræði frístundamiðstöðva og frístundastarfs án aðgreiningar. Markmið frístundaheimila er að bjóða upp á innihaldsríkan frítíma þar sem börnin fá tækifæri til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni. Lögð er áhersla á að þroska félagslega færni í samskiptum í gegnum leik og starf sem og virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu (Starfsskrá frístundamiðstöðva SFS, 2015).

Til er form fyrir samninga milli grunnskóla og frístundaheimila þar sem fram kemur hvers konar rými frístundaheimili þurfa að búa yfir. Þar kemur m.a. fram að stærð sérrýmis frístundaheimilis þurfi að vera u.þ.b. 1 m<sup>2</sup> af nettó vinnurými fyrir hvert barn en 2 m<sup>2</sup> fyrir barn með fötlun og heildarrýmið 4 m<sup>2</sup> á barn en 8 m<sup>2</sup> fyrir barn með fötlun. Rými frístundaheimila getur því að ¼ hluta verið rými sem er samnýtt með grunnskóla. Æskilegt er að frístundaheimilið hafi eitt sérrými fyrir 1. og 2. bekk og annað sérrými fyrir 3. og 4. bekk. Sjá samningsform í fylgiskjali 5.

### Félagsmiðstöð á miðstigi

Í grunnskólum sem hafa miðstig en ekki unglíngastig þarf að gera ráð fyrir aðstöðu fyrir félagsmiðstöðvastarf fyrir 10-12 ára. Gert er ráð fyrir að félagsmiðstöðin sem er við unglíngaskólann sem börnin fara í sjái um starfið.

### Félagsmiðstöð á unglíngastigi

Í grunnskólum sem hafa unglíngastig þarf að vera góð aðstaða fyrir félagsmiðstöð. Félagsmiðstöðvar eru fyrir öll börn og unglínga á aldrinum 10-16 ára. Hlutverk félagsmiðstöðva er tvíþætt. Annars vegar er hlutverk þeirra að bjóða börnum og unglíngum á aldrinum 10-16 ára upp á frístundastarf sem hefur forvarnar-, uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska. Hins vegar er hlutverk þeirra að bjóða upp á aðstöðu til afþreyingar og samveru með jafnöldrum í öruggu umhverfi. Áhersla er lögð á að virkja börn og unglínga til virkrar þátttöku og framkvæmda í starfinu, einkum þau sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning vegna fötlunar eða félagslegra aðstæðna. Hópastarf og opið starf eru þar kjölfestan. Gert er ráð fyrir að þjónustutími félagsmiðstöðva sé tvískiptur. Annars vegar er um að ræða viðveru frístundaráðgjafa á skólatíma barna og unglínga. Hins vegar er um að ræða almennan opnunartíma í starfi félagsmiðstöðva sem skiptist í dagopnun og kvöldopnun.



Í formi fyrir samninga milli grunnskóla og félagsmiðstöðva þar sem fram kemur hvers konar rými félagsmiðstöðvar þurfa að búa yfir. Þar kemur m.a. fram að sérrými félagsmiðstöðvar þurfi að vera að lágmarki 65 m<sup>2</sup> en að heildarrými sem börn, unglingar og starfsmenn félagsmiðstöðvar hafi aðgang að eftir skólatíma sé að lágmarki 350 m<sup>2</sup>. Sérrými telst hluti af fermetrafjölda heildarrýmis. Sjá samningsform í fylgiskjali 6.

## Skólahljómsveit Austurbæjar

Skólahljómsveit Austurbæjar hefur um árabíl verið með megin starfsemi sína í Laugarnesskóla, æfinga- og kennsluáðstöðu ásamt skrifstofu. Vegna sívaxandi þrengsla í Laugarnesskóla hefur hljómsveitin misst æfinga- og skrifstofuáðstöðu sína þar. Í byrjun árs 2021 fluttust hljómsveitaæfingar því yfir í Laugalækjarskóla. Stórar samæfingar hljómsveitarinnar fara nú fram í sal skólans, ásamt því að kennslustofur skólans eru nýttar fyrir minni æfingar og kennslu. Mikil uppbygging er fyrirhuguð í skólahverfum skólahljómsveitar Austurbæjar á næstu árum og miðað við fjölgun nemenda á næstu árum þarf að huga að aðstöðu fyrir skólahljómsveitina í þeim sviðsmyndum sem starfshópurinn er að leggja til að fara í meiri úrvinnslu.

## Íþróttaaðstaða í Laugardalnum samofin skólastarfi

Engin íþróttaaðstaða er við Laugalækjarskóla en nemendur skólans sækja íþróttir í mismunandi íþróttamannvirki í Laugardalnum auk þess að nýta umhverfi utandyra. Hverjum íþróttatíma fylgir því ferðatími nemenda og einnig kemur reglulega fyrir að íþróttaaðstaðan er óaðgengileg vegna skipulagðra viðburða. Í dag eru skipulagðar 32 kennslustundir á viku fyrir íþróttaiðkun nemenda auk valgreina í íþróttum.

Núverandi íþróttahús Laugarnesskóla er staðsett á vesturhluta lóðarinnar. Vegna stærðar íþróttahússins er ekki hægt að sinna skilgreindum tímafjölda í kennslu. Elstu nemendurnir sækja í dag kennslu í íþróttahúsi fatlaðra í Hátúni einu sinni til tvisvar í viku. Gera má ráð fyrir því að samanlagður ferðatími nemenda í og úr íþróttum sé samtals um ein kennslustund fyrir hvern íþróttatíma fjarri skóla. Óvíst er hvort að skólinn muni í framtíðinni hafa aðgengi að íþróttahúsinu í Hátúni. Í dag eru samtals 54 kennslustundir í íþróttum á viku.

Í Langholtsskóla er lítið íþróttahús sem komið er til ára sinna. Íþróttahúsið annar ekki kennslu í íþróttum. Nemendur í 1.-4. bekk sækja báða íþróttatíma sína í íþróttahús skólans. 5.-7. bekkur sækir annan íþróttatíma af tveimur í íþróttasalinn en hinn í íþróttahús TBR við Glæsibæ. Nemendur í 8.-10. bekk sækja báða íþróttatíma sína í íþróttahús TBR. Kennslustundir í íþróttum eru alls 70 talsins, þar af 42 stundir í íþróttahúsi skólans og 28 í TBR.

Í forsögn Langholtsskóla kemur eftirfarandi fram um íþróttaaðstöðu í Laugardalnum:

*Samkvæmt upplýsingum frá ÍTR stendur nú yfir mikil vinna varðandi íþróttamannvirki í Laugardal m.a. varðandi Laugardalshöll, íþróttahús fyrir þrótt og skólana í Laugardal og aðstöðu TBR. Því er ekki talið rétt á þessum tímamarki að fara að huga að breytingum á íþróttahúsi við Langholtsskóla.*

## Deiliskipulag skólanna þriggja

Á öllum stöðunum er til deiliskipulag (fylgiskjöl 7, 8 og 9). Deiliskipulag Langholtsskóla frá 1956, Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla frá 2002. Til að koma fyrir viðbyggingum við þessa skóla þyrfti að koma til breyting á deiliskipulagi, þar sem byggingarreitur, hæð byggingar og byggingarmagn yrði skilgreint. Við slíka vinnu ber að hafa í huga fjölda nemenda og stærð skólalóðar með tilliti til

útileiksvæðis á hvern nemenda skólans. Í forsögn fyrir Laugarnesskóla sem var skilað 2017 og aftur 2019 (í drögum) og Langholtsskóla sem skilað var 2020 kemur skýrt fram að þörf er á viðbyggingum við skólana. Þar koma fram tillögur og tilmæli starfshópanna varðandi stækkunarmöguleika og staðsetningu viðbygginga.

## **Viðmið um skólastærðir**

Varðandi stærðir skóla hefur skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar sett fram eftirfarandi viðmið:

*Nýbyggingar heildstæðra grunnskóla skulu að jafnaði vera fyrir 550-650 nemendur. Heildstæðir grunnskólar (hvort heldur er eining í sameinuðum skóla eða stakstæður) séu að lágmarki 200 barna, eða 140 barna ef skólinn er fyrir 1. – 7. bekk; Frístundaheimili við grunnskóla þjónusti að lágmarki 60 börn, félagsmiðstöð fyrir 5. – 7. bekk 60 börn og félagsmiðstöð fyrir 8. – 10. bekk 60 unglinga.*

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hefur á undanförunum misserum verið að móta hugmyndir um nýjar útfærslur sem fela í sér meiri samlegð skóla- og frístundastarfs og samnýtingu á aðstöðu í tengslum við *Græna planið*.

# Sviðsmyndir

## Sviðsmynd I

Í sviðsmyndinni felst að skólarnir þrír haldi sér í núverandi mynd og byggt verði við þá alla til að mæta auknum nemendafjölda í skólahverfunum í takt við forsagnir. Því þarf að:

- Stækka Laugarnesskóla en gert verði ráð fyrir minna byggingarmagni en lýst er í forsagnarskýrslu. Gert verði ráð fyrir frístundaheimili fyrir 1. og 2. bekk.
- Byggja við Laugalækjarskóla og samnýting verði við félagsmiðstöð fyrir sameiginlegt miðstig Laugarnes- og Laugalækjarskóla og unglingastig Laugalækjarskóla og skólahljómsveit.
- Byggja við Langholtsskóla og gert verði ráð fyrir samnýtingu við frístundaheimili fyrir 1. og 2. bekk og félagsmiðstöð fyrir alla nemendur Langholtsskóla.
- Gera safnfrístund fyrir 3. og 4. bekk í Laugardalnum.
- Huga að þörf Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla fyrir íþróttakennslu.

**Mynd 2.** Nemendafjöldi og þol húsnæðis miðað við sviðsmynd I.

|                  |                          |                                | 2020        |                   | 2030 (Spá)  |                   | 2040 (Spá)  |                   |
|------------------|--------------------------|--------------------------------|-------------|-------------------|-------------|-------------------|-------------|-------------------|
|                  | Stærð skólahúsnæðis (fm) | Þol skólahúsnæðis (nem.fjöldi) | Nem. fjöldi | Fjöldi vs húsnæði | Nem. fjöldi | Fjöldi vs húsnæði | Nem. fjöldi | Fjöldi vs húsnæði |
| Langholtsskóli   | 6.317                    | 548                            | 706         | -158              | 662         | -114              | 665         | -117              |
| Laugalækjarskóli | 3.898                    | 334                            | 353         | -19               | 421         | -87               | 423         | -89               |
| Laugarnesskóli   | 4.955                    | 432                            | 589         | -157              | 683         | -251              | 686         | -254              |
| Samtals          | 15.170                   | 1.314                          | 1.648       | -334              | 1.766       | -452              | 1.774       | -460              |

\*Tölur um þol húsnæðis miðast við 11 m<sup>2</sup> fyrir hvern nemanda í skólastarfi og 1 m<sup>2</sup> fyrir hvert barn í frístundaheimili í skólum sem hafa yngsta stig. Gert er ráð fyrir 65 m<sup>2</sup> fyrir félagsmiðstöð í unglingaskólum auk 108 m<sup>2</sup> fyrir sértæka félagsmiðstöð þar sem einhverfudeild er staðsett. Gert er ráð fyrir 161 m<sup>2</sup> rými fyrir skólahljómsveit í Laugalækjarskóla.

**Styrkleikar og tækifæri:** Mjúk breyting þar sem skólarnir þrír halda sínum sterka skólabrag og skólagerð sem mikil ánægja hefur verið með í skólasamfélaginu. Með byggingu við Laugalækjarskóla væri hægt að bæta við byggingu íþróttahúss. Tækifæri til bygginga á lóð Laugarnesskóla þar sem færanlegar kennslustofur eru til að minnka byggingarmagn. Jafnframt að Skólahljómsveit Austurbæjar færi alla aðstöðu sína í Laugalækjarskóla. Til að stækka byggingarsvæði væri ef til vill hægt að loka Reykjavegi að hluta og færa nýja viðbyggingu út á hann.

**Veikleikar og ógnanir:** Ekki er hægt að byggja skv. þörf við Laugarnesskóla innan núverandi heimilda. Ekki liggur fyrir heildaráætlun fyrir frístundaheimili og íþróttaaðstöðu í Laugardalnum.

## Sviðsmynd II

Í sviðsmyndinni felst að færa tvo elstu árganga Laugarnesskóla (5. og 6. bekk) yfir í Laugalækjarskóla og byggt verði við hann. Byggt verði við Langholtsskóla eins og fram kemur í forsögn. Því þarf að:

- Byggja við Laugalækjarskóla og gera ráð fyrir starfsemi félagsmiðstöðvar og skólahljómsveitar í skólanum.
- Byggja við Langholtsskóla og gera ráð fyrir samnýtingu við félagsmiðstöð fyrir alla nemendur Langholtsskóla.
- Gera ráð fyrir að í 1. og 2. bekkur úr Langholtsskóla fái aðstöðu í Dalheimum
- Gera þarf ráð fyrir íþróttaaðstöðu í Laugarnesskóla.
- Gera þarf ráð fyrir safnfrístund fyrir 3. og 4. bekk í Laugardalnum fyrir nemendur í Langholtsskóla og Laugarnesskóla.

**Styrkleikar og tækifæri:** Möguleiki á faglegri samfellu á miðstigi í Laugalækjarskóla og stærð Laugarnesskóla verði viðráðanlegri. Félagsmiðstöð fyrir miðstig í sama húsnæði og nemendur. Núverandi húsnæði Laugarnesskóla endurbætt í samræmi við nútímakröfur og aðstæður fyrir þennan aldurshóp.

**Veikleikar og ógnanir:** Hörð breyting með mikilli röskun á skólabrag í Laugarnes- og Laugalækjarskóla. Skólagerðirnar óvenjulegar áfram. Mikil fjölgun í Laugalækjarskóla og vandasamt að byggja fallega að þessari stærðargráðu við Laugalækjarskóla. Vöntun á íþróttaaðstöðu við Laugalækjarskóla.

**Mynd 3.** Nemendafjöldi og þol húsnæðis miðað við sviðsmynd II.

|                  | Stærð skólahúsnæðis (fm) | Þol skólahúsnæðis (nem.fjöldi) | 2020         |                   | 2030 (Spá)   |                   | 2040 (Spá)   |                   |
|------------------|--------------------------|--------------------------------|--------------|-------------------|--------------|-------------------|--------------|-------------------|
|                  |                          |                                | Nem. fjöldi  | Fjöldi vs húsnæði | Nem. fjöldi  | Fjöldi vs húsnæði | Nem. fjöldi  | Fjöldi vs húsnæði |
| Langholtsskóli   | 6.317                    | 548                            | 706          | -158              | 662          | -114              | 665          | -117              |
| Laugalækjarskóli | 3.898                    | 334                            | 560          | -226              | 666          | -332              | 669          | -335              |
| Laugarnesskóli   | 4.955                    | 432                            | 382          | 50                | 438          | -6                | 440          | -8                |
| <b>Samtals</b>   | <b>15.170</b>            | <b>1.314</b>                   | <b>1.648</b> | <b>-334</b>       | <b>1.766</b> | <b>-452</b>       | <b>1.774</b> | <b>-460</b>       |

\*Tölur um þol húsnæðis miðast við 11 m<sup>2</sup> fyrir hvern nemanda í skólstarfi og 1 m<sup>2</sup> fyrir hvert barn í frístundaheimili í skólum sem hafa yngsta stig. Gert er ráð fyrir 65 m<sup>2</sup> fyrir félagsmiðstöð í unglingskólum auk 108 m<sup>2</sup> fyrir sértæka félagsmiðstöð þar sem einhverfudeild er staðsett. Gert er ráð fyrir 161 m<sup>2</sup> rými fyrir skólahljómsveit í Laugalækjarskóla.

## Sviðsmynd III

Í sviðsmyndinni felst að opnaður verði nýr unglingskóli í Laugardal fyrir alla unglunga úr skólunum þremur sem yrðu þá allir fyrir nemendur í 1.-7. bekk. Því þarf að:

- Finna húsnæði í Laugardalnum eða byggja nýtt fyrir nýjan safn-unglingskóla þar sem einnig væri gert ráð fyrir félagsmiðstöð.
- Gera þarf ráð fyrir frístundaheimilum í öllum þremur skólunum. Einnig þarf að gera ráð fyrir rými fyrir félagsmiðstöðvastarf fyrir miðstig í skólunum þremur.
- Gera þarf ráð fyrir rými fyrir skólahljómsveit Austurbæjar í Laugalækjarskóla.

**Styrkleikar og tækifæri:** Möguleiki að byggja upp öflugan unglingskóla með áherslu á íþróttir, jákvæða unglingsmenningu og aðstöðu í samræmi við nútímakröfur um nám, kennslu og frístundastarf. Húsnæði frístundaheimila tryggt í yngri barna skólunum. Tækifæri í fjölbreytni valgreina og tenging við íþróttamannvirki í dalnum.

**Veikleikar og ógnanir:** Veigamikil breyting á skólalaldi í Laugardalnum og hætta á að sérkenni skólanna tapist. Hætta á að mannauður tapist. Gæti tekið langan tíma að skapa nýjan skólabrag í þremur yngri barna skólum. Fjöldmennar unglingsdeildir geta kallað á erfiða unglingsmenningu. Vegalengdir í unglingskóla, gæti orðið flókið að finna góðar samgöngur.

**Mynd 4.** Nemendafjöldi og þol húsnæðis miðað við sviðsmynd III.

|                  | Stærð skólahúsnæðis (fm) | Þol skólahúsnæðis (nem.fjöldi) | 2020        |                   | 2030 (Spá)  |                   | 2040 (Spá)  |                   |
|------------------|--------------------------|--------------------------------|-------------|-------------------|-------------|-------------------|-------------|-------------------|
|                  |                          |                                | Nem. fjöldi | Fjöldi vs húsnæði | Nem. fjöldi | Fjöldi vs húsnæði | Nem. fjöldi | Fjöldi vs húsnæði |
| Langholtsskóli   | 6.317                    | 548                            | 497         | 51                | 469         | 79                | 470         | 78                |
| Laugalækjarskóli | 3.898                    | 334                            | 337         | -3                | 389         | -55               | 391         | -57               |
| Laugarnesskóli   | 4.955                    | 432                            | 341         | 91                | 395         | 37                | 397         | 35                |
| Nýr unglingskóli |                          |                                | 473         |                   | 513         |                   | 516         |                   |
| Samtals          | 15.170                   |                                | 1.648       |                   | 1.766       |                   | 1.774       |                   |

\*Tölur um þol húsnæðis miðast við 11 m<sup>2</sup> fyrir hvern nemanda í skólastarfi og 1 m<sup>2</sup> fyrir hvert barn í frístundaheimili í skólum sem hafa yngsta stig. Gert er ráð fyrir 65 m<sup>2</sup> fyrir félagsmiðstöð í unglingskólum auk 108 m<sup>2</sup> fyrir sértæka félagsmiðstöð þar sem einhverfudeild er staðsett. Gert er ráð fyrir 161 m<sup>2</sup> rými fyrir skólahljómsveit í Laugalækjarskóla.

# Lokaorð

Hér hafa verið reifaðar þrjár sviðsmyndir sem starfshópurinn valdi og taldi álitlegastar af þeim sjö sviðsmyndum sem fram komu í hugmynda- og greiningarvinnu hópsins. Hópurinn fundaði alls sjö sinnum frá byrjun febrúar til loka mars árið 2021. Þessar þrjár sviðsmyndir eru því tillögur starfshópsins til áframhaldandi vinnslu.

## Fylgiskjöl

1. Erindisbréf fyrir starfshópinn
2. Forsögn Laugarnesskóla (drög, mars 2021)
3. Forsögn Langholtsskóla
4. Nemendafjöldi og spá til ársins 2040
5. Samningsform - frístundaheimili
6. Samningsform - félagsmiðstöð
7. Gildandi deiliskipulag - Langholtsskóli
8. Gildandi deiliskipulag - Laugarnesskóli
9. Gildandi deiliskipulag - Laugalækjarskóli

## ERINDISBRÉF<sup>1</sup>

### Starfshópur um framtíðarstarf skóla- og frístundastarfs í Laugarnesskóla, Laugalækjarskóla og Langholtsskóla.

**Ábyrgðarmenn:** Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundaskrifstofu og Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu.

Um nokkurra ára skeið hefur verið ljóst að vegna viðvarandi fjölgunar nemenda er verulega farið að þrengja að í skóla- og frístundahúsnæði Laugarnesskóla, Laugalækjarskóla og Langholtsskóla.

Þegar hefur farið fram töluverð rýni á húsnæði Laugarnesskóla og Langholtsskóla. Það er mat umhverfis- og skipulagssviðs að ýmis vandkvæði séu á því að byggja frekar við Laugarnesskóla. Þessi staða kallar á endurskoðun á þeirri vinnu sem staðið hefur yfir til að fá ferska sýn á stöðuna.

Á fundi skóla- og frístundaráðs 26. janúar 2021 var samþykkt að stofna starfshóp til að meta og útfæra tillögur um framkvæmd grunnskóla- og frístundastarfs í Laugarneshverfi og Langholtshverfi í ljósi aukningar nemendafjölda á einstökum starfsstöðvum á undanförunum árum.

#### **Hlutverk:**

Hlutverk hópsins er að leggja fram tillögur um skóla- og frístundastarf í Laugarneshverfi og Langholtshverfi til framtíðar með hagsmuni barna og unglunga í hverfunum að leiðarljósi.

#### **Helstu verkefni:**

- Að skoða tillögur, greiningargögn og ábendingar sem fram hafa komið í vinnu skóla- og frístundasviðs og umhverfis- og skipulagssviðs.
- Að hafa samráð við umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar um skipulags- og samgöngumál í hverfunum.
- Að huga að og meta mótvægisáðgerðir í tengslum við þær tillögur sem hópurinn leggur fram.
- Að leggja fram útfærðar tillögur sem hafi það að markmiði að tryggja farsælt og gott skóla- og frístundastarf í Laugarneshverfi og Langholtshverfi.

<sup>1</sup> Erindisbréf skulu gerð í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa:  
[http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur\\_reykjavikurborgar\\_um\\_starfs-og\\_styrihopa.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_reykjavikurborgar_um_starfs-og_styrihopa.pdf)

**Starfshópurinn skipa:**

Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundamála SFS  
Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólamála SFS  
Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir, verkefnisstjóri á grunnskólaskrifstofu SFS  
Sigrún Sveinbjörnsdóttir, verkefnisstjóri á frístundaskrifstofu SFS  
Sigríður Heiða Bragadóttir, skólastjóri Laugarnesskóla  
Jón Páll Haraldsson, skólastjóri Laugalækjarkóla  
Hreiðar Sigtryggsson, skólastjóri Langholtsskóla  
Ósk Soffía Valtýsdóttir, deildarstjóri USK, Frumathuganir mannvirkja  
Haraldur Sigurðsson, framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Kringlumýri

**Starfsmenn/verkefnisstjórar starfshópsins:**

Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir og Sigrún Sveinbjörnsdóttir

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu ef svo ber undir.

**Starfstími:**

Hópurinn starfar til 28. febrúar 2021.

Reykjavík, janúar 2021

Helgi Grímsson sviðsstjóri



# Laugarnesskóli og Laugarsel

Drög

## Drög



Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið  
Skóla- og frístundasvið  
Apríl 2021

# Drög

## Efnisyfirlit

|   |    |
|---|----|
| 1. Lýsing verkefnis .....                           | 4  |
| 1.1 Inngangur .....                                 | 4  |
| 1.2 Framtíðarsýn.....                               | 4  |
| 1.3 Vistvæn hönnun .....                            | 4  |
| 1.4 Nærsamfélagið og skólahverfið .....             | 5  |
| 1.5 Nemendafjöldi .....                             | 5  |
| 1.6 Undirbúningur .....                             | 5  |
| 2. Núverandi aðstæður og þarfagreining .....        | 6  |
| 2.1 Námsvæði og frístundastarf .....                | 8  |
| 2.1.1 Almenn námsrými .....                         | 8  |
| 2.1.2 Vísindasvæði – náttúrstofa .....              | 9  |
| 2.1.2 Smiðja- list og verkgreinastofa.....          | 9  |
| 2.1.3 Fjölnotasmiðja .....                          | 10 |
| 2.1.4 Leiklist .....                                | 10 |
| 2.1.5 Tónmennt .....                                | 11 |
| 2.1.6 Skólahljómsveit.....                          | 11 |
| 2.1.7 Heimilisfræði.....                            | 11 |
| 2.1.8 Bókasafn - upplýsingaver .....                | 11 |
| 2.1.9 Námsver.....                                  | 11 |
| 2.2 Félagsaðstaða .....                             | 12 |
| 2.2.1 Hátíðasalur - salurinn verður óbreyttur ..... | 12 |
| 2.2.2 Matsalur.....                                 | 12 |
| 2.2.3 Fjölnotasalur .....                           | 12 |
| 2.3 Frístundaheimili .....                          | 12 |
| 2.3.1 Lýsing á dagskipulagi Laugarsels .....        | 13 |
| 2.3.2 Frístundaheimili – Laugarsel .....            | 13 |
| 2.4 Stjórnun .....                                  | 14 |
| 2.4.1 Almenn skrifstofa.....                        | 14 |
| 2.4.2 Undirbúningsrými starfsmanna .....            | 14 |
| 2.4.3 Hvíldar – og kaffistofa starfsmanna .....     | 14 |
| 2.4.4 Fatageymsla .....                             | 15 |
| 2.4.5 Eldhús- og matvælageymsla .....               | 15 |
| 2.4.6 Vagnageymslur .....                           | 15 |
| 2.4.7 Tæknirými .....                               | 16 |
| 2.4.8 Sorp.....                                     | 16 |
| 2.5 Íþróttahús .....                                | 16 |

|                              |    |
|------------------------------|----|
| 2.6 Lóð .....                | 16 |
| 3. Samantekt.....            | 16 |
| Sviðsmynd I.....             | 16 |
| 4. Frumkostnaðaráætlun ..... | 17 |
| .....                        | 18 |
| Viðaukar og minnisblöð ..... | 22 |

# 1. Lýsing verkefnis

## 1.1 Inngangur

Laugarnesskóli er einn af fjölmennustu grunnskólum Reykjavíkurborgar. Haustið 2020 voru um 583 nemendur í skólanum. Skólinn er einsetinn grunnskóli fyrir 1. – 6. bekk. Starfsemin fer fram í skólabyggingunni og í 7 færanlegum kennslustofum á skólalóðinni. Auk þess er færanlegar kennslustofur og „*gamla smíðastofan*“ fyrir frístundastarfið. Mikil uppbygging er fyrirhuguð í skólahverfi Laugarnesskóla á næstu árum sem samkvæmt spá gæti nemendafjöldinn orðið töluvert meiri árið 2023, eða yfir 630 nemendur.

## 1.2 Framtíðarsýn

Nemendur, starfsfólk og stjórnendur Laugarnesskóla hafa tekið höndum saman í lýðræðislegri hugmyndavinnu þar sem raddir allra hafa fengið að heyrast um það hvernig ný viðbygging við Laugarnesskóla þurfi að vera. Fram hefur komið skilningur á því að ný viðbygging við gamlan skóla er ekki einfalt úrlausnarefni því bæði þarf að uppfylla kröfur nútíma skólastarfs og bera virðingu fyrir því að skólinn stendur á gömlum merg og á sér margar ríkar hefðir.

Laugarnesskóli hefur að mörgu leyti mikla sérstöðu meðal grunnskóla borgarinnar. Má þar nefna sem dæmi skólaselid í Katlagili sem gefur einstök tækifæri í útikennslu, umhverfis- og náttúrumennt; morgunsönginn sem tvinnar saman íslenskunám og eflingu samkenndar meðal nemenda, sem og ríka sviðslistahefð sem styrkir sjálfsmýnd og þjálfar samvinnubrögð og tjáningu. Stefna skólans er að viðhalda grónum hefðum og þróa þær með það að leiðarljósi að nemendur skólans þroskist við að taka þátt í þeim.

Kennsluhættir í Laugarnesskóla einkennast af fjölbreytni og einstaklingsmiðuðu námi. Sérstök áhersla er lögð á að list- og verkgreinar auðgi nám nemenda, unnið er með samþættingu námsgreina og undanfarin ár hefur verið stígandi í nýtingu skólans á upplýsingatækni. Sveigjanleiki í stundaskránni gefur möguleika á að brjóta upp skólastarfið og vinna að heildstæðum verkefnum með hverjum árgangi og einnig verkefnum sem tveir eða fleiri árgangar vinna saman. Verkefni eins og útikennsla, val og árviss þemaverkefni er auðvelt að fella inn í stundaskrána

| Vinnustofa með 15-20 vinnustöðvum. Í góðum tengslum við almenna skrifstofu og ljósritun. Í vinnstofu kennara þarf að vera símaafdrepp, vegna símaviðtalstíma |   |     |   |     |   |   |
| <b>Bað- og búningsklefar</b>   | 1 | 31  | 1 | 31  | 0 | 0 |
| Búningsklefar fyrir bæði kynin, tvisvar sinnum tveir klefar með snyrtingum og sturtum.   |   |     |   |     |   |   |
| <b>Bað- og búningsklefar</b>   | 1 | 18  | 1 | 18  |   | 0 |
| Búningsklefar fyrir bæði kynin, tvisvar sinnum tveir klefar með snyrtingum og sturtum.   |   |     |   |     |   |   |
| <b>Samtals</b>   | 6 | 242 | 8 | 242 | 0 | 1 |
| <b>Nettó heild samtals</b>   |   |     |   |     |   |   |

25. maí 2020/GpB

## Minnisblað með forsögn Langholtsskóla og Þróttheima

### Frumkostnaðaráætlun

Unnin hefur verið forsögn vegna viðbyggingar og breytinga innanhúss í Langholtsskóla ásamt Þróttheimum, félagsmiðstöð. Forsögning er unnin af skipuðum starfhóp í samræmi við erindisbréf frá 21. október 2019. Lagt er til að viðbygging verði 1590 m<sup>2</sup> og breytingar innanhúss á núverandi húsnæði verði 620 m<sup>2</sup>.

Kostnaður viðbyggingar er áætlaður um 1.070 m.kr. og kostnaður breytinga innanhúss 248 m.kr. á verðlagi í maí 2020

**Rúnar Gunnarsson**  
deildastjóri Frumathugana mannvirkjagerðar

# Langholtsskóli og Þróttheimar

Forsögn



Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið  
Skóla- og frístundasvið  
Júní 2020

## Innihald

|   |    |
|---|----|
| 1. Lýsing verkefnis .....   | 3  |
| 1.1 Inngangur .....   | 3  |
| 1.2 Framtíðarsýn.....   | 3  |
| 1.3 Vistvæn hönnun .....  | 5  |
| 1.4 Nemendafjöldi .....   | 5  |
| 1.5 Undirbúningur .....   | 6  |
| 2. Núverandi aðstæður og þarfagreining .....                      | 8  |
| 2.1 Námsvæði og frístundastarf .....                              | 9  |
| 2.1.1 Almenn námsrými .....                                       | 9  |
| 2.1.2 Vísindasvæði .....  | 10 |
| 2.1.3 Textíl, smíði, myndmennt, heimilsfræði .....                | 10 |
| 2.1.4 Ýmsar smiðjur .....   | 11 |
| 2.1.5 Tónmennt .....  | 11 |
| 2.1.6 Skólasafn - Upplýsingaver .....                             | 12 |
| 2.1.7 Stoðþjónusta.....   | 12 |
| 2.2 Félagsaðstaða .....   | 12 |
| 2.2.1 Fjölnotasalur .....   | 12 |
| 2.3 Félagsmiðstöð.....  | 13 |
| 2.4 Stjórnun .....  | 15 |
| 2.4.1 Skrifstofur, móttaka, biðstofa .....                        | 15 |
| 2.4.2 Heilsugæsla .....   | 15 |
| 2.4.3 Umsjónarmanneskja húsnæðis.....                             | 15 |
| 2.4.4 Fundar- og viðtalsherbergi.....                             | 15 |
| 2.4.5 Undirbúningsherbergi og gagnasmiðja .....                   | 16 |
| 2.4.6 Kaffistofa.....   | 16 |
| 2.4.7 Snyrtingar, munaskápar, fataherbergi, búningsherbergi ..... | 16 |
| 2.5 Eldhús .....  | 17 |
| 2.6 Stoðrymi .....  | 17 |
| 2.6.1 Snyrtingar .....  | 17 |
| 2.6.2 Fatahengi, skógeymslur, fataskápar .....                    | 17 |
| Anddyri .....   | 18 |
| Annað .....   | 18 |
| 2.6 Íþróttahúsnæði.....   | 18 |
| 2.7 Lóð .....   | 19 |
| Teikningar .....  | 19 |
| 3 Samantekt.....  | 23 |



# 1. Lýsing verkefnis

## 1.1 Inngangur

Langholtsskóli er einn af fjölmennustu grunnskólum Reykjavíkurborgar með 681 nemendum (1. október 2019). Það er mun fleiri en skólinn rúmar og eru nú 8 lausar kennslustofur við skólann og mikil þrengsli í list- og verkgreinum, í fjölnotasal/mötuneyti og íþróttum. Nemendur sækja frístundastarf í Þrótttheima (5.-10 bekkur) og Glaðheima (1.-2. bekkur), staðsett við Holtaveg 11 og Dalheima (3.-4. bekkur), staðsett í Laugardal. Stefnt er að því að færa félagsmiðstöð fyrir 5.-10. bekk í skólann og að frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk verði í Laugardal.

Samkvæmt nemendaspá mun börnum fækka aðeins á næstu árum í skólahverfinu, en þó ekki þannig að húsnæðið rúmi allan nemendafjöldann. Þarfagreining sýnir að þörf er á að byggja við skólann, bæði til að félagsmiðstöðin Þróttheimar fái aðstöðu í skólahúsnæðinu, og til að rúma áætlaðan fjölda nemenda. Auk þess sem þörf er á endurbótum á eldri byggingum og að uppfæra í samræmi við fjölbreytni í kennsluháttum og framtíðarsýn skólans um aukna teymiskennslu<sup>1</sup>.

Starfshópurinn mælir með því að byggja við á suðaustur horni lóðarinnar í tengslum við B-álmú og matsal.

## 1.2 Framtíðarsýn

Í Langholtsskóla eru miklar væntingar fyrir hönd nemenda og gerðar kröfur um faglegt og árangursríkt skólastarf. Leitast við að koma til móts við nemendur með fjölbreyttum kennsluháttum og vali á viðfangsefnum. Áhersla er lögð á að skapa jákvæðan skólabrag þar sem öllum líður vel. Einkunnarorð skólans, virðing – vellíðan – skapandi skólastarf, endurspeglar meginstefnumið skólans.

Langholtsskóli er lifandi lærdómssamfélag þar sem þróunarstarf er í hávegum haft. Lögð er áhersla á að koma til móts við sérhvern einstakling í námi og stuðla að vellíðan, virkni og þátttöku nemenda í samfélaginu innan sem utan skólans. Áhersla er á teymisvinnu starfsmanna og teymiskennslu, skapandi starf, öfluga kennslu í list- og verkgreinum, útikennslu, íþróttaiðkun og hreyfingu, fjölbreytni í kennsluaðferðum og fjölmenningu í námi og er *Smiðjan í skapandi skólastarfi*<sup>2</sup> dæmi um nýbreytnistarf sem eftir er tekið og gengur út á að breytta kennsluhætti á unglingsstigi. *Smiðjan* fellur vel að vinnubrögðum framtíðarskólans og svarar vel kalli aðalnámskrár grunnskóla. Í smiðjunni er lögð áhersla á teymiskennslu, sameiginlega ábyrgð kennara á stærri hópum og vinnubrögð sem studd eru af margmiðlun og tækni. Við endurnýjun og nýbyggingar við Langholtsskóla þarf að huga að þróun skólastarfs í samræmi við það starf sem fer fram í *Smiðjunni*, hugmyndafræði teymisvinnu og teymiskennslu, sem og skólaþróun undanfarinna ára. Nútímaskólinn kallar á fjölbreytileika í húsnæði, t.d. klasastofur<sup>3</sup>, sameiginleg rými, lítil og stór, til að mæta fjölbreytni í vinnubrögðum og nálgun í námi – og námsaðstæðum nemenda.

<sup>1</sup> **Teymiskennsla:** Tveir eða fleiri kennarar eru samábyrgir fyrir einum árgangi, aldursblönduðum hópi, námsgrein eða námsgreinum. Kennarar undirbúa sig saman og kenna einnig að einhverju marki saman. Tveir eða fleiri kennarar leggja saman krafta sína, hæfileika, áhuga og bjargir og bera sameiginlega ábyrgð á kennslu í tilteknum nemendahópi (Main og Bryer, 2005).

<sup>2</sup> Sjá <https://www.smidjan.com/>

<sup>3</sup> „**Klasar – klasastofur**“. Klasi eða þyrping kennslustofa. Gæti t.d. verið stór stofa sem rúmar heilan árgang sem er aðalvinnurými árgangsins með hliðarstofur með mismunandi húsbúnaði eða tækjum sem henta mismunandi hópum og verkefnum (dæmi í nýbyggðum Dalskóla í Úlfarsárdal). Klasinn þarf einnig að rúma vinnuaðstöðu kennara/starfsmanna.

Húsnæði Langholtsskóla og Próttheima þarf að vera sveigjanlegt og fjölbreytt til að geta mætt þörfum nútíðar og framtíðar. Það þarf að verið opið og mögulegt að nýta það á fjölbreyttan hátt, á sama tíma og hægt er að aðgangsstýra og nýta hluta hússins, án þess að hægt sé að fara um allt húsnæðið. Húsnæðið þarf að rúma skóla og félagsmiðstöð undir sama þaki og á að endurspeglar framtíðarsýn skóla og félagsmiðstöðvar, þar sem er samlegð og samnýting á rýmum. Starfsumhverfi bæði barna og starfsfólks þarf að vera aðlaðandi og starfsaðstæður góðar. Hugmyndir eru um að samtvinna vistvæna hönnun byggingarinnar og sjálfbærnimenntun í skólastarfinu.

Markmið félagsmiðstöðvarinnar Próttheima er að bjóða upp á heildstæða og faglega þjónustu þar sem uppeldisgildi frítímastarfs eru höfð að leiðarljósi. Í því felst að skapa umhverfi og aðstæður í frístundastarfi þar sem hægt er að þjálfa lykilfærni hjá börnum og unglingum með áherslu á samskiptafærni, félagsfærni, virkni og þátttöku ásamt styrkingu sjálfsmýndar (nánari greining á þörfum í kafla 2).

Félagsmiðstöðin býður upp á fjölbreytt viðfangsefni sem höfða til ólíkra barna og unglunga með mismunandi áhugasvið. Mikil áhersla er á unglingalýðræði, stuðning og hvatningu til virkni barna og unglunga í að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd.

Að auki er mikil áhersla lögð á fræðslu um ýmis málefni tengdum lífsleikni og má þar nefna fræðslu gegn fordómum, forvarnir gegn vímuefnum, stuðningur við jákvæða sjálfsmýnd og margt fleira.

Félagsmiðstöðin er þátttakandi í samstarfi í hverfinu. Mikil áhersla er lögð á gott samstarf við foreldra/forráðamenn og alla þá aðila sem koma að uppeldismálum í hverfinu. Lögð er mikil áhersla á að félagsmiðstöðin sé sýnileg og opin þeim sem áhuga hafa á að kynna sér starfsemina. Þá eru haldnar ýmsar uppákomur og verkefni í samstafi við börn, foreldra, skóla og aðra samstarfsaðila í hverfinu.

Í þeirri vinnu sem nú er að hefjast er mest um vert að jafnræðis gæti milli barnanna í borginni – burtséð frá því hvort nemendur búi í nýju hverfi með nýjum skóla eða í rótgrónu hverfi með gömlum skóla. Því er rétt að vitna í Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 orðunum hér á undan til áréttingar.

*Í skóla- og frístundastarfi borgarinnar starfar framsækið starfsfólk sem rýnir í starfsaðferðir, vinnur saman að sameiginlegum markmiðum og tileinkar sér nýja starfs- og kennsluhætti...*

*...búa þau [börnin] undir virka þátttöku í fjölmennings- og fjölþjóðlegu lýðræðissamfélagi sem tekur örum breytingum.*

*...Til þess að það takist þarf að styðja faglegt frumkvæði starfsfólks, veita því rík tækifæri til starfsþróunar og markvissa ráðgjöf og handleiðslu í starfi.*

*Tryggja þarf að húsnæði og aðstaða til skóla- og frístundastarfs veiti fullnægjandi umgjörð um metnaðarfullt starf og stuðli að heilbrigði og vellíðan barna og starfsmanna.* (Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030).

### 1.3 Vistvæn hönnun

Við undirbúning, hönnun, byggingu og rekstur bygginga Reykjavíkurborgar er áhersla lögð á umhverfissjónarmið. Fyrir liggur samþykkt frá borgarráði um að umhverfissvottunarkerfið Breeam skuli notað til að votta byggingar Reykjavíkurborgar. Við byggingu viðbygginga skal horft til þess markmiðs að byggingar nái stuðlinum Breeam excellent. Við endurbætur eldra húsnæðis eru ekki kröfur um vottun, en skal það gert á sem vistvænastan máta.

Mikilvægt er að unnið sé á markvissan hátt með vistvæni í hönnunarferlinu s.s. í stjórnun og skipulagi, með gerð lífsferilsgreininga, í efnisvali og að hugað sé að heilsu og vellíðan.

### 1.4 Nemendafjöldi

Langholtsskóli er einn af fjölmennustu grunnskólum Reykjavíkurborgar. Frá 2001 hefur nemendum fjölgað úr 524 í 685 (1.9.2018) og eru nú 681 talsins (1.10. 2019). Nemendur á yngsta stigi, 1.-4. bekk eru 254; miðstigi, 5.-7. bekk 247 og 176 nemendur á unglingsstigi, 8.-10. bekk.


Húsnæði skólans annar ekki þeim fjölda nemenda sem um ræðir. Sé miðað við fjölda lausra kennslustofa við skólann, má álíta að um 150-160 nemendum séu ofaukið. Þá er einungis gengið út frá fjölda almennra stofa, en ekki gert ráð fyrir annarri kennslu, starfsmannaaðstöðu, né aðstæðum fyrir aðra starfsemi í skólanum.

Samkvæmt spá um nemendafjölda mun nemendum fækka í Langholtsskóla á næstu árum. Spáin byggir á börnum fæddum 2018 og fyrr sem búa í hverfinu í dag. Engir uppbyggingarreitir eru innan skólahverfisins.

Taflan að neðan sýnir nemendaspá fyrir Langholtsskóla

|                | Raunfjöldi Nemendaspá |           |           |           |           |           |
|----------------|-----------------------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|
|                | 1.okt.19              | 2020-2021 | 2021-2022 | 2022-2023 | 2023-2024 | 2024-2025 |
| Langholtsskóli | 681                   | 689       | 678       | 676       | 643       | 621       |

Á grafinu hér að neðan sést sögulegur fjöldi nemenda. Við greiningu á húsnæðisþörf Langholtsskóla í kafla 2 er miðað er við sögulegan fjölda frá árinu 1994, þegar vinna við einsetningu grunnskóla Reykjavíkur hófst.



## 1.5 Undirbúningur

### Skilgreining á verkefninu

Með erindisbréfi dagsettu þann 21. október 2019 var óskað eftir greiningu og tillögum varðandi húsnæðisþörf fyrir skóla- og frístundastarf fyrir nemendur og unglinga í Langholtshverfi.

Skipaður var starfshópur með starfsfólki frá SFS, stjórnendum skóla- og frístundastarfs og deild frumathuganna mannvirkja á USK. Helstu verkefni hópsins eru:

- Að skoða núverandi húsakost.
- Greina húsnæðisþarfir miðað við nútíma skóla- og frístundastarf. Horfa sérstaklega til aðstöðu fyrir félagsmiðstöðina Þróttheimi í Langholtsskóla.
- Vinna forsögn og þarfagreiningu grunnskólans.
- Að leggja fram frumtillögur varðandi húsnæði sem hafi það að markmiði að tryggja farsælt og gott skóla- og frístundastarf í Langholtsskóla til framtíðar.

Starfshópurinn skipa:

Rúnar Gunnarsson, FruMan SFV

Soffía Vagnsdóttir, SFS

Daníel Benediktsson, SFS

Soffía Pálsdóttir, SFS

Haraldur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Kringlumýrar

Hreiðar Sigtryggsson, skólastjóri Langholtsskóla

Starfsmaður hópsins er: Gréta Þórsdóttir Björnsson FruMan SFV

Ráðgjafar hópsins voru

Sesselja Auður Eyjólfsdóttir, aðstoðarskólastjóri Langholtsskóla

Þórhildur Rafns Jónsdóttir, deildarstjóri unglíngastarfs Kringlumýri

Anna Kristín Sigurðardóttir, prófessor við menntavísindasvið Háskóla Íslands

Vinnuferli

Hópurinn hefur fundað reglulega og farið hefur verið í vettvangsferð í Langholtsskóla og Þrótttheima.

Hópurinn hefur aflað upplýsinga um tölulega greiningu á áætluðum nemendafjölda í skólanum í

fram tíðinni, unnið að þarfagreiningu fyrir skólann og skilgreint framtíðarsýn skóla- og

félagsmiðstöðvarstarfs . Einnig hefur hópurinn unnið að tillögum um mögulega stækkun skólans og

aðstöðu fyrir félagsmiðstöðina. Í vinnuferlinu var unnið út frá núverandi húsnæði skólans og þörf fyrir

aukið varanlegt húsrými.

## 2. Núverandi aðstæður og þarfagreining



### Núverandi aðstæður

#### Skóli

Langholtsskóli er heildstæður skóli fyrir 1.-10 bekk, staðsettur austast í Laugardal. Skólinn hóf starfsemi árið 1952 og hefur verið byggður í nokkrum áföngum. Fyrsti áfanginn var A-álma sem er teiknuð af Einari Sveinssyni og var stækkuð 1961-63. Einar teiknaði einnig B-álmu sem var byggð á árunum 1965-67. Fjórði áfangi, (C-álma) teiknuð af Gunnari Hanssyni, var byggður 1975-77. 2003 var fjölnotasal. Árið 2004 var fjölnotasalur byggður við skólann, teiknaður af Arkþing. Á síðustu árum hafa svo bæst við færarlegar kennslustofur á lóð og eru þær sem stendur 8 talsins. Heildarstærð Langholtsskóla með íþróttahúsi er 6614,6 m<sup>2</sup>, auk 574,8 m<sup>2</sup> í færarlegum kennslustofum. Skólalóð Langholtsskóla er 2,2 ha.

#### Frístundastarf

Frístundaheimili barna í 1.-2 bekk (Glaðheimar) og félagsmiðstöð barna í 5.- 10. bekk er staðsett í Próttheimum við Holtavegi 11. Frístundastarf barna í 3.-4. bekk er í safnfrístundaheimilinu Dalheimum, sem er staðsett í Laugardal og er það einnig fyrir nemendur í 3.-4. í Laugarnesskóla. Heildarstærð Próttheima er 799 m<sup>2</sup>. Heildarstærð lóðar við Próttheima er 2429 m<sup>2</sup>. Opið borgarland er við hlið Próttheima og er það notað í frístundastarfi. Heildarstærð lóðar er því ekki réttvísandi fyrir landnotkun. Samanber erindisbréf skal horft sérstaklega til þess að hætt verði að nota húsnæðið að Holtavegi 11 undir frístundastarf.

## Þarfagreining

Húsnæði Langholtsskóla annar ekki þeim fjölda nemenda sem sækja skólann og hentar ekki stefnu skólans um teymiskennslu. Til þess að leysa úr þörf fyrir aðstöðu skólustarfs fyrir þann fjölda sem sækir Langholtsskóla, og að mögulegt sé að flytja félagsmiðstöðina Þrótttheima undir sama þak og skólann, þarf að byggja við og endurskipuleggja núverandi húsnæði. Í forsögninni er ekki farið yfir viðhaldspörf byggingarinnar. Vert er að taka fram að ástandsúttekt byggingarinnar er í ferli og viðhaldspörf verður metin út frá henni.

Þegar húsnæðispörf skóla- og frístundastarfs eru metnar, er miðað við sögulegan fjölda nemenda og nemendasþá. Þörf fyrir skólahúsnæði er áætluð sem miðgildi sögulegs nemendafjölda, að viðbættum ca. 50 % af nemendum upp að hámarksnemendafjölda. Ekki er fyrirhuguð nein uppbygging í hverfi Langholtsskóla í náinni framtíð. Gert er ráð fyrir að komið sé fyrir tímabundnu húsnæði við skóla þegar fjöldi nemenda er í hámarki.

Í samræmi við ofangreint er gert ráð fyrir að húsnæði Langholtsskóla þurfi að rúma um 630 börn og 100 starfsmenn, hér af um 60 kennara. Til að rúma þennan fjölda þarf að byggja 1575 m<sup>2</sup> við núverandi húsnæði. Að auki þarf að breyta 620 m<sup>2</sup> af núverandi skólahúsnæði. Hér að neðan er nánari þarfagreining á rýmisþörf fyrir skóla- og frístundastarf til framtíðar.

ATH. Mögulegar breytingar á þjónustustigi félagsmiðstöðvarinnar Þrótttheima  
Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir (2018 nr. 38 9. maí) 16. gr. leggja þá skyldu á herðar sveitafélaga að þau skulu bjóða fötluðum börnum og ungmönnum upp á frístundaþjónustu eftir að reglubundnum skóladegi þeirra lýkur. Þetta kallar á breytingar á þjónustu félagsmiðstöðva á þá vegu að félagsmiðstöðvar skulu bjóða börnum og unglingum í 5.-10. bekk þjónustu eftir að skóladegi líkur (alla virka daga frá ca. 14-17) og skólafrídögum allt árið um kring. Fjöldi þessara barna og unglinga eru í dag ca. 20 einstaklingar í Langholtsskóla og líklegt að svo verði áfram. Alltaf er gengið út frá því að þessi hópur taki þátt í því starfi sem er í gangi hverju sinni, en þarfir þessa hóps kallar á aukið sérhæft rými þar sem þau geta verið út af fyrir sig, ef þannig stendur á.

Starfshópur á vegum SFS vinnur nú að því að meta hvar eigi að bjóða einstaklingum með langvarandi stuðningsþarfir frístundaþjónustu. Ein af hugmyndum hópsins er að Þróttheimar taki við börnum með langvarandi stuðningsþarfir frá þremur skólum. Vinnu starfshópsins er ólukið og því ekki hægt að meta rýmisþarfir þessa starfs að svo stöddu. Taka skal rýmisþarfir skráðar í þessa forsögn með fyrirvara um að ekki er ákveðið hvar þessum hóp verður boðið upp á frístundaþjónustu. Rýmisþörf gæti því orðið meiri en gert er ráð fyrir á núverandi tímamarki.

## 2.1 Námsvæði og frístundastarf

### 2.1.1 Almenn námsrými

24 almennar kennslustofur eru í Langholtsskóla, flestar á bilinu 47 m<sup>2</sup>-55 m<sup>2</sup>, en fjórar 81 m<sup>2</sup> á 2. hæð í B-álmu. Engin lyfta er upp á 2. hæð í B álmu og ekki aðgengi fyrir alla. Kennslustofur Langholtsskóla eru mjög hefðbundnar, eitt rými með töflu fyrir enda, lokaðar fram á gang og lokað á milli þeirra innbyrðis. Stofurnar henta ekki vel teymiskennslu og nútíma kennsluháttum. Eitt teymiskennslu rými er í skólanum í risinu á 3. hæð og er það nýtt fyrir 1. bekk, sem uppfyllir vel kröfur um skipulag húsnæðis sem hentar nútímalegum kennsluháttum.

8 færanlegar kennslustofur eru við Langholtsskóla sem nýttar eru til almennrar kennslu.

### *Þarfagreining*

*Fjölga þarf almennum kennslurýmum. Gera skal ráð fyrir tveim árgöngum í nýja viðbyggingu, gjarnan í tengslum við kennslustofur á 2. hæð, B - álmu.*

*Í nýbyggingunni skal gera ráð fyrir „klasa“ stofu þar sem hver árgangur, eða hvert námsstig, á sitt heimasvæði. Hvert heimasvæði þarf að hafa nokkur aflokuð rými eða a.m.k. 2 þar sem hægt er að vinna í minni hópum. Það þarf að vera sjónræn tengin á milli stærri og minni rýma, t.d. með gluggum og glerveggjum. Það þarf að vera hægt að opna og loka á milli eftir þörfum. Hugsa má umferðarsvæði og opin svæði sem hluta af námssvæðum. Gera þarf ráð fyrir að hægt sé að stúka sundur stærri rými með skilrúmum og léttum innréttingum. Húsgögn skulu vera fjölbreytt og færanleg og hægt að mynda svæði af ýmsum toga. Í námsrýmum skal gert ráð fyrir að hver nemandi hafi sína aðstöðu, t.d. fyrir tösku.*

*Stoðþjónusta og sérkennsla hefði aðgang að svæðum innan klasa til þess að geta veitt aðstoð strax í nærumhverfi barnsins.*

*Við hönnun klasa og þarf að gæta vel að hljóðvist og lýsingu.*

*Í nálægð við heimasvæði skulu vera snyrtingar og vinnuherbergi kennarateyma.*

*Gera þarf breytingar á innra skipulagi í hluta af núverandi húsnæði samhliða nýbyggingu og mynda „klasa“ eins og lýst er hér að ofan, í þeim mæli sem eldri byggingarstrúktur leyfir. T.d. með að opna á milli stofa með viðeigandi hljóðeinöngruðum millihurðum, breyta hluta almennra stofa og útbúa minni rými, þannig að bjóða megi hverjum klasa upp á mismunandi rými. Pláss þarf að vera til að vinna verkefni sem standa yfir í nokkurn tíma, sem ekki þarf að taka niður fyrir næstu kennslustund, t.d. tæknilego, módelsmíði o.s.fr.*

*Nauðsynlega þarf að bæta aðgengi að 2. hæð í B-álmu og að mögulegt verði að komast þangað með lyftu.*

*Áætlað er að einhverjum af núverandi almennum kennslustofum verði breytt í t.d. undirbúningsherbergi kennara og snyrtingar. Mikilvægt er að gæta hófs við endurskipulagninu og að ekki verði farið í breytingar nema af raunverulegri þörf.*

*Huga má að öðrum endurbótum á núverandi húsnæði, t.d. opna rými út á lóð á jarðhæð C-álmu – en þar eru timburpallar sem mætti nýta betur ef hægt væri að ganga beint út úr stofunum.*

### *2.1.2 Vísindasvæði*

*Ágæt náttúrufræðistofa er í C-álmu skólans.*

### *Þarfagreining*

*Áætlað er að stofan verði að mestu óbreytt. Náttúrufræðistofa er að hluta niðurgrafin. Æskilegt er að opna út á palla fyrir utan stofuna til að hægt sé að nýta útirými við kennslu.*

*Gróðurhúsi mætti koma upp út af náttúrufræðistofu.*

### *2.1.3 Textíl, smíði, myndmennt, heimilsfræði*

*List- og verkgreinastofur eru á jarðhæð aðalbyggingar (A-álmu). Skólinn nær ekki að uppfylla skyldur sínar við nemendur um list- og verkgreinar samkvæmt viðmiðunarstundaskrá. Nemendur fá því nokkuð færri kennslustundir í hverri list- og verkgrein en verið hefur til að koma öllum nemendum að.*

### *Þarfagreining*

*Ekki er gert ráð fyrir að breyta núverandi textíl-, smíða- myndmenntar- eða heimilsfræðistofu. Til að mæta þörf fyrir list- og verkgreinarými er áætlað að gera fjölnotasmíðjur. Miðað við*



viðmiðunarstundarskrá og áætlaðan fjölda nemenda vantar um 40 stundir á viku í smiðju. Áætlað er að hægt sé að kenna um 35 kennslustundir í hverju smiðjurými á viku.

#### 2.1.4 Ýmsar smiðjur

Málmur og fjölnotasmiðja eru einnig á jarðhæð, milli smíðastofu og myndmenntarstofu.

Lítið hljóðver og ljósmyndun er í fyrrum geymslum, þar sem lágt er til lofts. Rýmin eru að hluta til enn notuð sem geymslur.

Lítið „green screen“ horn er á gangi í kjallara skólans.

##### *Þarfagreining*

*Fjölnotasmiðja / Verkstæði / Makerspace*

*Í nýbyggingu skal gert ráð fyrir fjölnota smiðju. Þetta rými samnýtist af skóla og félagsmiðstöð. Verkstæðið er ætlað fyrir fönður, málningarvinnu, hjólaviðgerðir eða gera búninga svo eitthvað sé nefnt. Það þarf að vera hægt að koma inn í þetta rými beint af skólalóðinni til dæmis með reiðhjól eða anna búnað sem þarfnast viðgerðar. Þetta er grófrými. Tilvalið rými til samnýtingar bæði fyrir skólann og íbúa hverfisins.*

*Snillismiðja - Fab-lab*

*Tengt nýjum heimasvæðum og/eða fjölnotasmiðju og félagsmiðstöð skal vera Fab-Lab / Snillismiðja, sem er tæknismiðja þar sem mögulegt er að koma hugmyndum í framkvæmd, með því að hanna og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni. Þar þarf að vera mögulegt að koma fyrir þrívíddarprentara, vínlyskera, laserskera, efnivið, svo og tölvum til að hanna og forrita. Þetta er ekki eins gróft rými og verkstæði.*

*Hljóð- og myndver*

*Mælt er með að koma upptökuherbergi og hvers kyns mynd- og hljóðvinnsluherbergi (green screen herbergi) nær snillismiðju og félagsmiðstöð. Gott væri að koma upp sameiginlegu vinnurými fyrir fjölnotasmiðju, snillismiðju, hljóð- og myndver, sértæku rýmin væru þá minni, út frá einskona miðju.*

*Áhugi er á að gera gróðurhús eða koma upp aðstöðu til að rækta grænmeti og kryddjurtir sem nýttast myndu í heimilisfræðikennslu, fyrir félagsmiðstöð og náttúrufræði.*

#### 2.1.5 Tónmennt

Ágætist tónmenntarstofa er á 2. hæð í austast A-álmu. Tónmenntarstofa er ekki í nálægð við sal og engin rými fyrir hljóðfærakennslu eru í tengslum við tónmennt. Einkakennsla á hljóðfæri fyrir nemendur skólahljómsveita fara fram í litlum kompum undir bókasafni.

##### *Þarfagreining*

*Mælt er með því að flytja tónmenntarstofu nær fjölnotasal og að núverandi tónmenntarstofa fengi annað hlutverk, sem t.d. almenn kennslustofa.*

*Tónmenntastofa þarf að vera rúmgóð og björt. Tónmenntastofa þarf að geta haft hreyfisvæði, hefðbundið námssvæði (borð) og æfingasvæði. Hljóðvist þarf að vera góð og vel útfærð, þannig að tónlistaræfingar sem og framsögn trufli ekki aðra starfsemi. Gera þarf ráð fyrir vinnuástöðu fyrir tónlistarkennara til undirbúnings og samskipta við nemendur og forráðamenn. Einnig þarf að gera ráð fyrir geymslu fyrir hljóðfæri, tæki og gögn sem fylgja tónlistarnámi. Gera skal ráð fyrir þrem litlum hljóðeinangruðum rýmum, (um 8 m<sup>2</sup>) til einkakennslu á hljóðfæri, til upptöku o.fl. Æskilegt er að tónmenntastofan tengist fjölnotasal. Aðgengi þarf að vera að kennslustofum fyrir nemendur í*

tónlistarnámi sem raskar ekki öðru starfi í skólanum og utan hefðbundins opnunartíma án þess að opna upp allan skólann.  
Notkun rýma í kjallara verður aflögð, en nýta má rýmin til kennslu.

### 2.1.6 Skólasafn - Upplýsingaver

Ágæt stærð er á skólasafni / upplýsingaveri Langholtsskóla. Tölvuver er hluti upplýsingavers. Auk útlána bóka og námsgagna er bókasafnið vinnusvæði og gagnasmiðja fyrir nemendur og kennara. Á skólasafni er vinnuaðstaða þar sem nemendur og starfsmenn geta unnið í ró að ýmsum verkefnum. Loftgæðum á skólasafni og í kringum það er ábótavant.

#### *Þarfagreining*

*Gera þarf úttekt á skólasafni vegna loftgæða og ákveða úrbætur í samræmi við niðurstöður úttektar. Spilaherbergi/leskrókur  
Hluti skólasafnsins má samnýta með félagsmiðstöð fyrir næðisrými. Það er mikilvægt að hafa afdrep fyrir börn og unglinga í félagsmiðstöð sem þurfa að geta dregið sig út úr aðstæðum og verið í rólegra rými þar sem hægt er að lesa og spila borðspil. Einnig þarf svona rými að rúma borð svo hægt sé að spila spunaspil/hlutverkaspil eins og Dungeons and dragons.*

### 2.1.7 Stoðþjónusta

Fjögur námsver eru í skólanum, þrjú sem sinna hvert einu stigi, auk hegðunarvers, þar sem þroskaþjálfar hafa aðstöðu sína. Hvert námsver rúmar 10-15 börn. Þar sem púsla þarf árgöngum eftir stærðum og húsnæði á hverju ári er ekki mögulegt að hafa námsver í tengslum við árganga/stig eins og æskilegt væri.

Í skólanum eru engin viðtalsherbergi fyrir sálfræðinga, talmeinafræðinga eða aðra sérfræðinga (t.d. frá Barnavernd) og reynast skrifstofur stjórnenda eina afdrepið fyrir viðtöl sérfræðinga við foreldra, nemendur eða aðra sem hlut eiga að máli.

Sérdeild fyrir nemendur með einhverfu starfar við skólann. Húsnæði deildarinnar hefur verið tekið í gegn eftir að mygla fannst í veggjum deildarinnar.

#### *Þarfagreining*

*Námsver fyrir nemendur með sértæka náms- eða hegðunarerfiðleika sem þurfa tímabundið aðstöðu til náms í litlum hópi. Námsver skal tengja við svæði árganga/stig og getur farið fram í hópherbergjum sem eru við almennar kennslustofur Sjá meira undir almenn kennslurými. Aðstaða skal eftir fremsta megni vera í nærumhverfi nemenda, fyrir stoðþjónustu sérfræðinga.*

*Námsver í C-álmum verður óbreytt.*

*Mögulegt er að námsver í B – álmum verði notað sem stoðrými fyrir börn í frístundastarfi með langvarandi stuðningsþarfir.*

*Einnig er mikilvægt að aðstaða sé fyrir nýbúakennslu, sem nú er að hluta í námsveri í B-álmum.*

## 2.2 Félagsaðstaða

### 2.2.1 Fjölnotalur

Fjölnotalur Langholtsskóla er rúmir 200 m<sup>2</sup> auk sviðs. Um 20-30 m<sup>2</sup> af salnum er upphækkun við bogadreginn útvegg, sem er mjög vannýtt svæði. Salur nýtist eingöngu sem matsalur frá 9:30 – 14.00. Hádegismatartíminn er fimmskiptur á tímabilinu 11.00-13.00, yngstu nemendurnir (1.-4. bekkur) fá 25 mínútur í matsal og aðrir 20 mínútur. Hljóðvist í salnum er afar ábótavant miðað við þann mikla fjölda sem þar fer um á degi hverjum. Erfitt er fyrir börn að eiga samskipti á matmálstíma.

Salnum er einnig ætlað að vera fjölnotasalur (leiklist, dans, samvera, önnur kennsla). Þar sem hann nýtist eingöngu undir mótuneyti frá 9:30 – 14.00 reynist salurinn ekki sá samkomustaður og félagsaðstaða sem nauðsynleg er fyrir nemendur skólans. Erfitt er að nýta hann fyrir kennslu eins og leiklist eða dans, nema snemma morguns eða síðdegis. Matsalurinn er nýttur til stærri funda, starfsmannafunda og er í raun eini fundarstaðurinn í húsinu fyrir utan almennar kennslustofur.

### *Parfagreining*

*Núverandi fjölnotasalur/matsalur*

*Salurinn verður áfram í fjölbreyttri notkun, mestmegnis sem matsalur frá 9:30-14:00 en nýtist í skólastarf og fyrir félagsmiðstöð þess fyrir utan, t.a.m. fyrir böll á kvöldin eða fyrir félagsmiðstöðvaropnanir. Í bogadregnum útvegg fjölnotasals er rými með upphækkuðum gólfleti sem er vannýtt. Auka mæti nýtingarflöt salarins með því að breyta þessu rými. Mikilvægt er að bæta hljóðvist í matsal.*

*Nýr fjölnotasalur / alrými*

*Í tengslum við núverandi fjölnotasal/matsal verði gerður fjölnotasalur sem einnig er alrými félagsmiðstöðvarinnar. Þar þarf að vera hægt að setjast niður í hópum, pláss fyrir borðtennisborð og aðstaða fyrir leiklist, dans, samveru og aðra kennslu. Það þarf að vera mögulegt að nota salinn að hluta til fyrir matsal í hádegi, svo fleiri rýmist í matartíma og börn hafi lengri tíma til að matast. Jákvætt er ef hægt er að opna á milli salanna og nýta sem stærri sal við sérstök tilefni. Mögulega má flytja svið og finna því stað í nýjum fjölnotasal.*

*Upplagt væri ef nýta mætti þetta rými fyrir íbúa hverfisins fyrir fundi og minni samkomur utan opnunartíma félagsmiðstöðvarinnar.*

*Geymsla*

*Engin geymsla er við sal og svið. Gera þarf ráð fyrir geymslu t.a.m. fyrir stóla og borð, sem og munum tengdum sviði til að salur nýtist sem best. Mögulega samnýtt með geymslu félagsmiðstöðvar.*

## 2.3 Félagsmiðstöð

Húsnæði við Holtaveg 11

Gengið er inn um sameiginlegt anddyri á jarðhæð og tröppur liggja upp á efri hæð þar sem rými félagsmiðstöðvarinnar er. Lítið pláss er fyrr skó, yfirhafnir og töskur.

Aðalrými, sem er 89 m<sup>2</sup>, er í fjölbreyttri notkun og rúmar m.a. annars svið, borðtennisborð, sófakrók. Minna aðalrými, 58,4 m<sup>2</sup>, er m.a. undir sjónvarp, playstation og billiard. Bæði þessi herbergi eru í góðri stærð. Listasmiðja er mjög lítil og töluvert af plássinu fer undir efnisgeymslu, sem háir starfinu. Einnig er vandasamt að geyma efni, sem börn eiga ekki að komast í. Við hlið listasmiðju er stúdíó sem einnig er lítið en rúmar ágætlega þá starfsemi. Eldhús er notað af starfsfólki frístundaheimilis til að framreiða hressingu fyrir börn í 1.-2. bekk og af börnum og unglingum í félagsmiðstöðinni. Matsalur er sameiginlegur fyrir frístundaheimili og félagsheimili. Matsalur nýtist félagsmiðstöð eingöngu þegar frístundaheimili er lokað. Skrifstofa er einnig notuð sem fundaraðstaða, sem nýtist í trúnaðarsamtöl. Á gangi við skrifstofu er setukrókur og eina „næðisafdrepp“ félagsmiðstöðvarinnar.

Þjónustan sem Þróttheimar veitir

Félagsmiðstöðin Þróttheimar þjónustar 425 börn og unglunga úr 5.-10. bekk Langholtsskóla. Þjónustan sem Þróttheimar veita er skipt í starf fyrir miðstig (5.-7. bekk) og unglingastig (8.-10. bekk). Miðstigsstarfið er þrjú daga vikunnar frá kl. 14.00 til 18.30 og gera má ráð fyrir 40-60 börnum í starfinu á þessum tíma. Unglingastarfið skiptist í dag- og kvöldstarf, viðburði og sumarstarf. Dagstarfið fer fram alla daga frá 14:00 til 18:30 og gera má ráð fyrir 50-80 unglungum í því starfi. Kvöldstarfið fer fram þrjú kvöld í viku og gera má ráð fyrir 50-70 unglungum í það starf hverju sinni. Þróttheimar eru í dag í sérhúsnæði að Holtavegi 11 í samnýtingu með frístundaheimilinu Glaðheimum. Þróttheimar hafa 198,4 m<sup>2</sup> fyrir sig og eru að samnýta 131,2 m<sup>2</sup> með Glaðheimum. Sú samnýting gengur misvel á dagtíma þegar starfsemi beggja er í gangi.

### *Þarfagreining*

*Almennt um rými félagsmiðstöðvar*

*Skóli og félagsmiðstöð nýta að sem mestu leyti rými saman.*

*Mikilvægt er að inngangur félagsmiðstöðvarinnar opni ekki á annað rými skólans. Starfsemin kallar á fjölbreytt rými, bæði stærri herbergi og minni til að þjónusta fjölbreyttan hóp barna og unglunga.*

*Mikilvægt er að hægt sé að hafa góða yfirsýni yfir svæði félagsmiðstöðvarinnar t.d. með gluggum á milli rýma.*

#### *2.3.1 Afþreyingarrými*

*Í afþreyingarrými þarf að vera pláss fyrir poolborð, foosball, pílukast, þythokky og sófa. Það þarf að vera gott pláss til að fara í hina ýmsu leiki ásamt því að geta setið saman í hópum og notið þess að vera saman.*

#### *2.3.2 Eldhús*

*Eldhúsið þarf að vera í sérrými með auðveldri tengingu við alrýmið og þarf að hafa góða vinnuaðstöðu fyrir einfalda eldamennsku/bakstur með allavega tvö borð fyrir ca. 10 manns. Inni í eldhúsinu skapast stemning sem sjaldan myndast annarsstaðar í húsinu (líkt og heima hjá fólk, viljum halda í heimilislega stemningu). Mikið af hópastarfi fer fram inni í eldhúsinu og því mikilvægt að geta myndað rólegt andrúmsloft sem hægt er að loka af. Eldhúsið þarf að vera nálægt salnum svo að hægt sé að nýta það sem sjoppu þegar þarf.*

#### *2.3.3 Sjónvarpsherbergi*

*Sér herbergi fyrir ps4, sjónvarp og aðrar leikjatölvur. Rýmið þarf að vera huggulegt.*

#### *2.3.4 Skrifstofa og vinnurými*

*Skrifstofa forstöðumanns, með yfirsýn yfir inngang og sem mest af félagsmiðstöð. Notaleg og nýttist fyrir trúnaðarsamtöl. Önnur vinnurými starfsfólks félagsmiðstöðvar eru samnýtt, sjá kafla 2.4.*

#### *2.3.5 Sértæk rými fyrir börn með langvarandi stuðningsþarfir*

*Í félagsmiðstöðinni þarf sértæk rými fyrir börn með fötlun og þá sérstaklega einhverfu eins og fram kemur hér fyrir ofan (Kap. 2 – Mögulegar breytingar á þjónustustigi Þróttheima). Þar sem boðið er upp á félagsmiðstöðvarstarf fyrir einhverf börn og unglunga er mikilvægt að hafa nokkur atriði í huga. Algeng fylgiröskun einhverfu er skynúrvinnsluvandi sem gerir það að verkum að einstaklingar geta verið afar næmir fyrir hljóð- og sjónáreitum. Vond hljóðvist sbr. bergmál, kliður og læti sem og slæm lýsing geta valdið einstaklingum raunverulegum sársauka. Öll rými þurfa því að hafa góða hljóðvist og lýsing má ekki vera of skær eða flöktandi. Félagsmiðstöð þarf einnig að geta boðið börnum og unglinum upp á afmörkuð rými þar sem hægt er að t.d. spila, lesa og spjalla saman án þess að verða fyrir stöðugu áreiti annarra sökum umgangs eða hávaða. Afmörkuð herbergi væri því góður kostur*

ásamt stærri rýmum/sal. Í frístundastarfi sem starfrækt er fyrir fötluð börn og unglínga er almennt gert ráð fyrir þrjár sinnum stærra rými en fyrir ófötluð börn. Allt rými félagsmiðstöðvarinnar þarf að henta þeim sem þangað sækja þjónustu.

#### 2.2.1 Geymsla

Í tengslum við félagsmiðstöð þarf að vera geymsla fyrir húsgögn, árstíðabundið dót og annað sem ekki er í stöðugri notkun. Gjarnan samnýtt með geymslu fyrir fjölnotasal.

## 2.4 Stjórnun

Aðstaða starfsfólks s.s. kaffistofa, búningsherbergi, fundarherbergi o.s.fr. er sameiginleg fyrir starfsfólk skóla- og frístundarstarfs.

#### 2.4.1 Skrifstofur, móttaka, biðstofa

Deildarstjórar og verkefnastjórar rúmast illa á skrifstofum eins og þær eru í dag, auk þess sem aðgengi er ábótavant. Á nokkrum stöðum eru hurðarop ekki nógu breið, t.d. hjá stjórnendum skólans. Fundarherbergi við hlið skrifstofu skólastjóra hefur verið nýtt sem skrifstofa og vinnurými fyrir verkefnastjóra, herbergið er gluggalaust og loftgæði ekki góð.

Ágæt aðstaða er fyrir námsráðgjafa.

#### Þarfagreining

Fundarherbergi, sem notað hefur verið fyrir starfsfólk vegna plássleysis, má færa aftur til fyrri nota. Athuga þarf loftgæði í fundarherberginu. Auk þess sem má breyta almennri stofu sem er við hlið kennaraaðstöðu og nýta að hluta sem fundarherbergi. Mögulega má gera fundarherbergi í umferðarrými sem tengir A-álmú og sal.

Gert er ráð fyrir að núverandi skrifstofur verði áfram nýttar, auk þess sem að hluti núverandi vinnurýmis A-álmú verði opin skrifstofuaðstaða fyrir millistjórnendur og sérfræðinga.

Skrifstofa skólastjóra – Óbreytt, en hurð skal gerð aðgengileg hjólastólum.

Skrifstofa aðstoðarskólastjóra – Óbreytt, en hurð skal gerð aðgengileg hjólastólum.

Námsráðgjafi – óbreytt.

#### 2.4.2 Heilsugæsla

Ágæt aðstaða er fyrir hjúkrunarfræðing í vesturhluta A-álmú.

#### Þarfagreining

Heilsugæsla verður óbreytt.

#### 2.4.3 Umsjónarmanneskja húsnæðis

Ágæt aðstaða er fyrir umsjónarmanneskju húsnæðis í vesturhluta A-álmú, við anddyri.

#### Þarfagreining

Aðstaða umsjónarmanneskju húsnæðis verður óbreytt.

#### 2.4.4 Fundar- og viðtalsherbergi

Ekkert fundarherbergi er í skólanum og því eru fundir ýmist haldnir á skrifstofu skólastjóra, herbergi inn af skrifstofu deildarstjóra, sem hvorugt rúmar marga í einu, eða í kennslustofum, þegar því er við komið.

### *Þarfagreining*

Útbúa þarf fundarherbergi sem henta annars vegar fyrir minni fundi eða einkasamtöl (t.d. við foreldra/nemanda) og hins vegar fyrir stærri fundi (10-20 manns). T.d. tvö stærri fundarherbergi, annað í tengslum við starfsmannaáðstöðu, sem nýtist til dæmis fyrir stjórnendur, hitt í tengslum við félagsmiðstöð, sem nýtist t.d. fyrir fundi nemendaráðs og starfsfólk félagsmiðstöðvar. Þá þarf tvö minni fundar- og viðtalsherbergi sem nýtast einnig fyrir sálfræðinga, talmeinafræðing, félagsráðgjafa og aðra sérfræðinga.

### 2.4.5 Undirbúningsherbergi og gagnasmiðja

Ekki er nægjanleg vinnuástaða fyrir kennara og aðra starfsmenn. Í Langholtsskóla starfa milli 50 og 60 kennarar í dag. Í sameiginlegri vinnustofu, sem er 54,1 m<sup>2</sup>, er rými fyrir 8-12 manns í einu, og er þar einnig gagnasmiðja fyrir undirbúningsstarf.

### *Þarfagreining*

Vinnuástöðu kennara og starfsmanna (s.s. stuðningsfulltrúa, sálfræðinga og annarra sérfræðinga) verður dreift um skólann og komið fyrir í tengslum við almenn kennslurými. Dagsbirta skal vera í vinnurýmum.

Gert er ráð fyrir að áfram verði vinnuástaða kennara þar sem undirbúningsherbergi er í dag. Kennslustofu á 2. hæð verði að hluta breytt í undirbúningsrými, auk þess að undirbúningsrými verði í nýrri viðbyggingu. Gjarnan má skapa tengsl með gluggum eða glerveggjum fram í annað rými eða fram á gang frá undirbúningsherbergjum. Starfsmannafjöldi sem hefur afnot af hverju rými er um 20-25 (ekki endilega á sama tíma). Ástaðan gæti verið í formi rýmis með fundarborði fyrir um 6-7 manns og vinnuborðum.

Gert er ráð fyrir að gagnasmiðja verði áfram á sama stað.

### 2.4.6 Kaffistofa

Ástaða fyrir starfsfólk rúmar ekki starfsmannahópin, sem telur um 100 starfsmenn. Einungis hluti starfsmanna rúmast á kaffistofu í einu. Fatahengi og önnur ástaða, svo sem salerni eru af skornum skammti. Flestir starfsmenn eru í 100% starfi. Kaffistofa starfsfólks, sem einnig inniheldur fatageymslu, skápa og eldhúsinnréttingu, er 87 m<sup>2</sup>. Frímínútur eru mismunandi eftir stigum. Starfsmannahópurinn er því aldrei allur á sama tíma í hléi, heldur dreifist eftir því á hvaða aldurstigi starfsmenn vinna.

### *Þarfagreining*

Gert er ráð fyrir að kaffistofa verði áfram á sama stað, en að munaskapar og fatahengi verði fært annað og innra skipulag kaffistofunnar verði endurskoðað. Kaffistofan er ástaða starfsfólks til hressingar og hvíldar. Þar þarf að vera innrétting (vaskur, kæling og upphitun matvæla) með geymsluástöðu fyrir leirtau og drykki og matvæli sem starfsmenn taka með sér að heiman. Starfsfólk þarf að geta matast við borð og sest niður í ró og næði. Á kaffistofu má gjarnan vera „kaffihúsastemmning“. Hún þarf að vera björt og rúmgóð og möguleiki á fundarhaldi. Gott væri ef hægt sé að hólfa stofuna niður ef svo ber undir, helmingur starfsmanna á fundi og helmingur í kaffi.

### 2.4.7 Snyrtingar, munaskápar, fataherbergi, búningsherbergi

Fatahengi og munaskápar eru á kaffistofu. Engin skipti- eða búningsástaða er fyrir starfsfólk og ekki sturtuástaða. 6 snyrtingar eru fyrir kennara. Þar af ein fyrir fatlaða, sem einnig er ætluð nemendum.

### *Þarfagreining*

*Gert skal ráð fyrir að fataherbergi og munaskápar verði færðir úr kaffistofu. Í tengslum við starfsmannaðstöðu skulu vera læst munahólf fyrir persónulega muni starfsmanna, ásamt fatahengi og skóhirslu. Aðstaða fyrir starfsfólk með bekkjum, fataskápum, fatahengi, skóhillum og munaskápum. Munaskapar og fatahengi geti verið í eldri byggingu eða nýbyggingu. Mögulega má koma fatahengi og munaskápum fyrir í umferðarrými sem tengir A-álmú við sal. Mikilvægt er að fatahengi og munaskápar verði staðsett þar sem allir eiga leið um, eins og á við um kaffistofuna.*

*Útbúa skal búningsherbergi með sturtu fyrir starfsfólk. Mögulega má koma búningsherbergjum fyrir þar sem nú eru hljóðver og ljósmyndun.*

## 2.5 Eldhús

Mötuneyti er starfrækt við skólann sem framreiðir um 730-750 matarskammta í hverju hádegi. Þar af um 660 fyrir nemendur í áskrift og bróðurpart starfsmannahópsins sem telur um 100 manns.

Eldhúsið er lítið og erfitt er að anna núverandi fjölda nemenda og auknum kröfum sem gerðar eru til mötuneyta skóla, t.a.m. um að börn hafi val um rétti. Ekki er möguleiki á slíku í núverandi eldhúsi. Geymslur eru þökkalegar og fyrirhugaðar eru endurbætur á kæli- og frystisklefum í eldhúsinu.

Aðstaða starfsmanna mötuneytisins eru bágborin, eitt salerni, litlir munaskápar og einn fataskápur. Dálítil skonsa er notuð sem afdrep og kaffistofa starfsmanna í eldhúsi. Engin sturta er í tengslum við mötuneyti – sem gott væri hreinlætis vegna og til að bregðast við slysum (s.s. vegna bruna).

### *Þarfagreining*

*Stækka þarf eldhús til að anna núverandi fjölda nemenda og auknum kröfum sem gerðar eru til mötuneyta skóla. Byggja þarf eldhús í samræmi við hugmyndir Reykjavíkurborgar um að börn hafi val um rétti.*

*Bæta þarf aðstöðu starfsfólks eldhúss.*

## 2.6 Stoðrymi

### 2.6.1 Snyrtingar

Fáar snyrtingar eru í A-álmú skólans og litlar. Einungis tvær snyrtingar eru gerðar í samræmi við algilda hönnun.

### *Þarfagreining*

*Bæta þarf við snyrtingum í eldri hluta skólans, sérstaklega í A-álmú. Í viðbyggingu skulu vera snyrtingar í nálægð við ný heimasvæði og félagsmiðstöð. Gera þarf ráð fyrir kynlausri salernisaðstöðu sem er alveg aflokuð og salerni fyrir einstaklinga með fötlun.*

### 2.6.2 Fatahengi, skógeymslur, fataskápar

Ekki eru næg fatahengi, skógeymslur og skápar fyrir nemendur.

### *Þarfagreining*

*Samnýting skal vera á fatahengjum, skógeymslum og nemendaskápum fyrir skóla og félagsmiðstöð og mögulegt að nýta fatahengi þegar félagsmiðstöð er opin, á sama tíma og önnur rými skólans eru lokuð.*

## Anddyri

Litlar eða engar merkingar eru í skólanum sem vísa á t.a.m. hvar afgreiðslu og starfsmanna- og kennarastofu er að finna.

### *Parfagreining*

*Bæta þarf merkingar við innganga skólans.*

## Annað

### Aðgengi

Aðgengi fyrir fatlaða er ábótavant, fá salerni þar sem fatlaðir komast að, engin lyfta í B-álmum og börn í hjólastól komast ekki í sérdeild. Langholtsskóli er ekki byggður fyrir fólk (börn/starfsfólk/foreldra) með líkamlega fötlun. Mikilvægt er að huga að aðgengi fatlaðra í öllum endurbótum og nýbyggingum við skólann. Það er engin rafmagnsopnun þannig að fólk sem hefur ekki kraft eða getu til að opna þungar gamlar hurðirnar geta það ekki nema fá utanaðkomandi aðstoð.

### *Parfagreining*

*Aðgangsstýring.*

*Mögulegt þarf að vera að hafa opið í félagsmiðstöð þó önnur rými skólans séu lokað*

### *Umferðarrými*

*Svæði sem tengir austurhluta elsta hluta Langholtsskóla, B- álmum, fjölnotasal og C- álmum er mjög vannýtt rými. Breyta þarf innra skipulagi og endurhugsa þetta svæði í tengslum við viðbyggingu og breytingar í skólanum.*

### *Aðgengi fyrir alla*

*Mikilvægt er meta núverandi húsnæði út frá aðgengi fatlaðra (skóli án aðgreiningar) og bæta aðgengi fatlaðra svoleiðis að allir hafi jafnt aðgengi um allan skólann, t.a.m. fjölga salernum þar sem fatlaðir komast að, bæta við lyftu í B-álmum og víkka hurðarop, t.d. hjá stjórnendum skólans. Bæta þarf við rafmagnsopnun þannig að fólk sem hefur ekki kraft eða getu til að opna þungar gamlar hurðirnar geti komið inn án utanaðkomandi aðstoðar. Tryggja þarf að allir (starfsfólk, nemendur, foreldrar o.s.fr) eigi eins greiðan aðgang um skólann og kostur er.*

## 2.6 Íþróttahúsnæði

Við skólann er lítið íþróttahús sem komið er til ára sinna. Íþróttahúsið annar ekki kennslu í íþróttum. Nemendur í 1.-4. bekk sækja báða íþróttatíma sína í íþróttahús skólans. 5.-7. bekkur sækir annan íþróttatíma af tveimur í íþróttasalinn en hinn í íþróttahús TBR við Glæsibæ. Nemendur í 8.-10. bekk sækja báða íþróttatíma sína í íþróttahús TBR. Kennslustundir í íþróttum eru alls 70 talsins, þar af 42 stundir í íþróttahúsi skólans og 28 í TBR.

| 10 Umhverfismál og vistvottun, nýting innviða í samræmi við Græna planið          | 6           | Verið er að bæta nýtingu á fyrirbyggjandi skólalóðum. Viðbyggingar þrýsta á endurbætur eldra húsnæðis skv. vistvottun, þrýstir á endurbætur eldri skólalóða. Verið er að nýta áfram alla núverandi innviði (veitur, götur o.s.frv.).  | 3           | 0,28 |
| 11 Samgöngur og umferðaröryggi  | 8           | Áfram verða hlutfallslega stuttar göngufjarlægðir skólabarna milli heimilis og skóla; hvati fyrir skólabörn að ganga og hjóla, hvetur til minni aksturs foreldra með börn í skóla. Fáar stórar umferðargötur að fara yfir.  | 2           | 0,25 |
| 12 Hentugleiki rekstareiningar hvers skóla  | 8           | Langholtsskóli verður of stór með 757 nemendur m.v. viðmið um hagstæða rekstareiningu (550-650 nem.). Laugarnesskóli með 616 nemendur og Laugalækur með 531 nemanda innan marka um hagstæða rekstareiningu.   | 3           | 0,37 |
| 13 Þjóðarhöll í Laugardal og nýting eldri mannvirkja                              | 8           | Fyrir liggur að byggja á nýja þjóðarhöll í Laugardal; möguleikar á nýtingu íþróttahúsnæðis.   | 2           | 0,25 |
| 14 Viðhaldsátak á LLL skólum í Laugardal  | 10          | Kostnaðarsamar framkvæmdir, rask sem þarf að gera ráð fyrir og hugsanlega tilfærsla nemenda. Aukin áhætta að vera í viðhaldsframkvæmd ásamt nýrri viðbyggingu samtímis.   | 5           | 0,78 |
| 15 Uppbyggingarreitir innan hverfa  | 8           | Mikil uppbygging í og við Laugardalinn og því þörf á auknu plássi fyrir nemendur í skólum. Stækka þarf alla LLL skólana til að rúma aukinn nemendafjölda; ekki raunhæft að byggja við alla skólana samtímis.  | 5           | 0,62 |
| 16 Áhætta af breytingum   | 10          | Óbreytt skipulag skólanna, húsnæði og skólamenning kallar síður á tækifæri til nýsköpunar og þróunar í skólasterfi.   | 3           | 0,47 |
| Niðurstaða  |             |   | 6,91        |      |

## 4.2 Áhættumat fyrir sviðsmynd 2

Tafla 15 Uppfært áhættumat fyrir sviðsmynd 2

| Áhættuþættir   | Sviðsmynd 2  |  |             |             |
|--|--|--|-------------|-------------|
|  | Byggja við Laugalækjar- og Langholtsskóla, 5.-6. bekkir úr Lau.nes í Lau.læk |  |             |             |
|  | Umfjöllun  |  | Áhætta      |             |
|  | Vægi 1-10  |  | Einkunn 0-5 | Mat         |
| 1 Rými á lóð   | 8  | Líklega fullnægjandi; rými á lóðum Laugalækjar- og Langholtsskóla.   | 3           | 0,37        |
| 2 Verndunarsjónarmið   | 8  | M.v. sviðsmynd 1 er dregið úr áhættu gagnvart friðlýstri byggingu, en við hinn friðaða Laugalækjarskóla eru áform um mun stærri viðbyggingu. Áfram sama áhætta um mögulega húsavernd Langholtsskóla í upp færðri húsakönnun.   | 4           | 0,50        |
| 3 Aðal- og deiliskipulagsbreytingar  | 2  | Deiliskipulagsbreytingar nauðsynlegar fyrir viðbyggingu skólanna; líklega nokkuð auðsöttar, hugsanleg áskorun við Langholtsskóla vegna nálægðar við íbúðarhús. Landnotkun skv. AR2040 helst óbreytt.   | 1           | 0,03        |
| 4 Andstaða ytri hagsmunaaðila s.s. nággranna og aðila utan við sjálft skólastarfið | 4  | Vegna stærðar sinnar gæti viðbygging við Laugalækjarskóla orðið ráðandi í heildaútliti skólans; andstaða nággranna við stóra viðbyggingu þar eykst því; dregur úr áhættu við Laugarnesskóla á móti.  | 2           | 0,12        |
| 5 Áskorun við innleiðingu, þ.e. andstaða úr baklandi skólastarfsins                | 10   | Með tilfærslu nemenda í 5.-6. bekk úr Laugarnesskóla yfir í Laugalæk verður veruleg breyting á skipulagi skólastarfsins í þeim skólum.   | 4           | 0,62        |
| 6 Samnýting mannvirkja   | 8  | Margir möguleikar sem eru til skoðunar verða áfram opnir. Allir þeir skólarnir geta haft aðgang að núverandi og fyrirhuguðum íþrótt- og tómstundamannvirkjum í Laugardalnum. Áskorun varðandi íþróttaaðstöðu fyrir miðstigi í Laugalækjarskóla.  | 3           | 0,37        |
| 7 Skammtímaröskun (1-5 ár) á skólastarfi vegna framkvæmda, flutninga o.fl.         | 10   | Uppbygging takmarkast við tvo skóla í stað þriggja; á móti vegur að um stærri framkvæmd við Laugarlækjarskóla er að ræða en í sviðsmynd 1. Lóð Laugalækjarskóla er minnst af þessum þremur skólum og því hlutfallslega mikið rask á framkvæmdatíma þar.  | 4           | 0,62        |
| 8 Langtímaröskun (6-10 ár) á skólamenningu og innra starf v. nýrra húsakynna       | 10   | Byggt er á skólamenningu sem fyrir er. Þó mikil röskun þar sem skóla starfsemi kann að raskast á meðan framkvæmdum stendur, þ.e. Skipulagsbreytingar, færarlegar kennslustofur og hluti skólans ónothæfur á tímum.   | 3           | 0,47        |
| 9 Áhætta vegna kostnaðar   | 10   | Mörg viðbyggingaverkefni geta verið áhættusöm; flókin undirbúningur, mikil óvissa með endurbætur og/eða breytingar á núverandi húsnæði. Óvissa vegna aðlögunar eldra húsnæðis að nýju og tímabundnar ráðstafanir. Aukin áhætta v/fjöldi framkvæmda samtímis og fjármögnunar þriggja bygginga á skömmum tíma. | 4           | 0,62        |
| 10 Umhverfismál og vistvottun, nýting innviða í samræmi við Græna planið           | 6  | Verið er að bæta nýtingu á fyrirliggjandi skólalóðum. Viðbyggingar þrýsta á endurbætur eldra húsnæðis og eldri skólalóða. Verið er að nýta áfram alla núverandi innviði (veitur, götur o.s.frv.).  | 3           | 0,28        |
| 11 Samgöngur og umferðaröryggi   | 8  | Áfram verða hlutfallslega stuttar göngufjarlægðir skólabarna milli heimilis og skóla; hvati fyrir skólabörn að ganga og hjóla, hvetur til minni aksturs foreldra með börn í skóla. Fáar stórar umferðargötur að fara yfir. Lengri gönguleið í safnfrístund og íþróttir fyrir miðstigi.                       | 2           | 0,25        |
| 12 Hentugleiki rekstrareiningar hvers skóla  | 8  | Rekstrareiningar beggja skólanna sem byggt verður við stækka og verða á bilinu 757 til 770 nemendur sem eru óhagstæðar rekstrareiningar. Laugarnesskóli er of lítill eining (377) og því óhagstæð.   | 4           | 0,50        |
| 13 Þjóðarhöll í Laugardal og nýting eldri mannvirkja                               | 8  | Fyrir liggur að byggja á nýja þjóðarhöll í Laugardal; möguleikar í nýtingu íþróttahúsnæðis.  | 2           | 0,25        |
| 14 Viðhaldsáttak á LLL skólum í Laugardal  | 10   | Kostnaðarsamar framkvæmdir, rask sem þarf að gera ráð fyrir og hugsanlega tilfærsla nemenda. Aukin áhætta að vera í viðhaldsframkvæmd ásamt nýrri viðbyggingu samtímis.  | 5           | 0,78        |
| 15 Uppbyggingarreitir innan hverfa   | 8  | Mikil uppbygging í og við Laugardal og því þörf á auknu plássi fyrir nemendur í skólum. Stækka þarf tvo af núverandi skóla til að rúma aukinn nemendafjöldi.   | 4           | 0,50        |
| 16 Áhætta af breytingum  | 10   | Litlar breytingar á skipulagi skólastarfsins og skólamenningu gefa lítill tækifæri til nýsköpunar og þróunar í skólastarfi.  | 3           | 0,47        |
| <b>Niðurstaða</b>  |  |  |             | <b>6,78</b> |

### 4.3 Áhættumat fyrir sviðsmynd 3

Tafla 16 Uppfært áhættumat fyrir sviðsmynd 3

| Sviðsmynd 3  |           |   |  |             |      |
|--|-----------|---|--|-------------|------|
| Nýr unglingsafnskóli og þrjár skólar fyrir 1.-7. bekk                              |           |   |  |             |      |
| Áhættuþættir   | Umfjöllun |   |  | Áhætta      |      |
|  | Vægi 1-10 |   |  | Einkunn 0-5 | Mat  |
| 1 Rými á lóð   | 8         | Þrjár valkostir fyrir lóð, mismunandi eiginleikar. Helstu áhættuþættir snúa að vegalengd í almenningssamgöngur, gönguvegalegd frá ystu mörkum skólahverfa, stærð lóða og umferðaröryggi.  |  | 2           | 0,25 |
| 2 Verndunarsjónarmið   | 8         | Hætta á skörun við skráðar fornminjar. Hætta á árekstrum við önnur verndarsjónarmið s.s. náttúru og græn svæði.   |  | 2           | 0,25 |
| 3 Aðal- og deiliskipulagsbreytingar  | 2         | Ráðast þarf í deiliskipulagsbreytingu; hve auðsött það er er háð staðsetningu. Mögulega þarf að breyta landnotkun skv. AR2040 og mögulega þarf að breyta landnotkun úr opnu svæði eða svæði undir íþróttastarfsemi sem gæti mætt mótstöðu.                                  |  | 3           | 0,09 |
| 4 Andstaða ytri hagsmunaaðila s.s. nággranna og aðila utan við sjálft skólastarfið | 4         | Engin hætta á andstöðu nággranna núverandi skóla. Einhver hætta á andstöðu við breytta landnotkun í eða við jaðar Laugardals. Margir hagsmunaaðilar í og við Laugardal.   |  | 3           | 0,19 |
| 5 Áskorun við innleiðingu, þ.e. andstaða úr baklandi skólastarfsins                | 10        | Allir núv. LLL skólar verða f. 1.-7. bekk; sameining unglingsstiga í einn skóla. Nýr unglingsafnskóli í nýbyggingu á nýrri lóð kann að mynda flækjustig er varðar skólastarfsemi og uppbyggingu nýs skóla.  |  | 5           | 0,78 |
| 6 Samnýting mannvirkja   | 8         | Þrjár lóðir/staðsetingar eru til skoðunar. Möguleiki á samnýtingu nærliggjandi íþrótt- og tómsundamannvirkja. Huga þarf að aðstöðu fyrir íþróttakennslu fyrir yngri börn í Laugalækjarskóla.  |  | 1           | 0,12 |
| 7 Skammtímaröskun (1-5 ár) á skólastarfi vegna framkvæmda, flutninga o.fl.         | 10        | Engin röskun á skólastarfi á uppbyggingartíma; flutningar geta farið fram um vor/sumar þegar nýr unglingskóli er tekinn í notkun  |  | 2           | 0,31 |
| 8 Langtímaröskun (6-10 ár) á skólamenningu og innra starf v. nýrra húsakynna       | 10        | Enn frekari tækifæri til skólaþróunar í eldri skólum; byggja þarf upp alveg nýja skólamenningu í kringum nýjan unglingsafnskóla.  |  | 1           | 0,16 |
| 9 Áhætta vegna kostnaðar   | 10        | Ódýrara og fljótlegra að byggja eina stakstæða nýbyggingu en byggja við margar eldri. Stærð skóla töluverð og hefur þ.a.l áhrif á kostnað. Almennt minni óvissa.  |  | 2           | 0,31 |
| 10 Umhverfismál og vistvottun, nýting innviða í samræmi við Græna planið           | 6         | Skv. BREEAM vottun; nýbygging á nýjum stað gæti kallað á nýja innviði; mögulega þarf að skerða opin/græn svæði með útivistargildi.  |  | 3           | 0,28 |
| 11 Samgöngur og umferðaröryggi   | 8         | Hlutfallslega löng ganga unglinga til og frá heimili að skóla; minni hvati til að ganga og hjóla og meiri hvati fyrir foreldraskipti. Nemendur sem ganga eða hjóla hreyfa sig þó meira fyrir vikið. Styttra eða sömu vegalengdir fyrir yngri nemendur í Laugalækjarskóla.   |  | 3           | 0,37 |
| 12 Hentugleiki rekstareiningar hvers skóla   | 8         | Létt er álagi af öllum LLL skólunum; allir standast þolmörk árið 2040. Fjórar rekstareiningar í stað þriggja áður.  |  | 1           | 0,12 |
| 13 Þjóðarhöll í Laugardal og nýting eldri mannvirkja                               | 8         | Fyrir liggur að byggja á nýja þjóðarhöll í Laugardal; miklir möguleikar í nýtingu íþróttahúsnæðis.  |  | 1           | 0,12 |
| 14 Viðhaldsátak á LLL skólum í Laugardal   | 10        | Kostnaðarsamar framkvæmdir, rask sem þarf að gera ráð fyrir og hugsanlega tilfærsla nemenda.  |  | 2           | 0,31 |
| 15 Uppbyggingarreitir innan hverfa   | 8         | Mikil uppbygging í og við Laugardal og því þörf á auknu pláss í skólunum fyrir nemendur. Tækifæri er í að byggja safnskóla fyrir skólana þrjá; mæta þörfinni hraðar en ef byggt er við þrjá skóla.  |  | 2           | 0,25 |
| 16 Áhætta af breytingum  | 10        | Breytingar á húsnæði (8.-10. bekkir) geta skapað tækifæri í kennslu í takt við nútíma kröfur. Staðsetning lóðanna skapar aukna möguleika á útivist, samstarfi með aðliggjandi umhverfi og aukinn nemendafjöldi. Möguleikar á valnámskeiðum og fjölbreyttari skólastarfsemi. |  | 2           | 0,31 |
| Niðurstaða   |           |   |  |             | 4,25 |

## 4.4 Áhættumat fyrir sviðsmynd 4

Tafla 17 Uppfært áhættumat fyrir sviðsmynd 4

| Sviðsmynd 4  |           |   |             |      |
|--|-----------|---|-------------|------|
| Nýr unglingsafnskóli og þrjú skólar fyrir 1.-7. bekk (uppbygg. reitir með)         |           |   |             |      |
| Áhættuþættir   | Umfjöllun |   | Áhætta      |      |
|  | Vægi 1-10 |   | Einkunn 0-5 | Mat  |
| 1 Rými á lóð   | 8         | Þrjú valkostir fyrir lóð, mismunandi eiginleikar. Helstu áhættuþættir snúa að vegalengd í almenningssamgöngur, gönguvegalegd frá ystu mörkum skólahverfa, stærð lóða og umferðaröryggi.   | 2           | 0,25 |
| 2 Verndunarsjónarmið   | 8         | Hætta á skörun við skráðar fornminjar. Hætta á árekstrum við önnur verndarsjónarmið s.s. náttúru og græn svæði.   | 2           | 0,25 |
| 3 Aðal- og deiliskipulagsbreytingar  | 2         | Ráðast þarf í deiliskipulagsbreytingu; hve auðsótt það er er háð staðsetningu. Mögulega þarf að breyta landnotkun skv. AR2040 og mögulega þarf að breyta landnotkun úr opnu svæði eða svæði undir íþróttastarfssemi sem gæti mætt mótstöðu.   | 3           | 0,09 |
| 4 Andstaða ytri hagsmunaaðila s.s. nággranna og aðila utan við sjálft skólastarfið | 4         | Engin hætta á andstöðu nággranna núverandi skóla; einhver hætta á andstöðu við breytta landnotkun í eða við jaðar Laugardals. Margir hagsmunaaðilar í og við Laugardal.   | 3           | 0,19 |
| 5 Áskorun við innleiðingu, þ.e. andstaða úr baklandi skólastarfsins                | 10        | Nýr unglingsafnskóli í nýbyggingu á nýrri lóð kann að mynda flækjustig er varðar skólastarfssemi og uppbyggingu nýs skóla. Allir núverandi skólar verða fyrir 1.-7. bekk.   | 5           | 0,78 |
| 6 Samnýting mannvirkja   | 8         | Þrjú lóðir/staðsetningar eru til skoðunar. Möguleiki á samnýtingu nærliggjandi mannvirkja. Huga þarf að aðstöðu fyrir íþróttakennslu fyrir yngri  | 1           | 0,12 |
| 7 Skammtímaröskun (1-5 ár) á skólastarfi vegna framkvæmda, flutninga o.fl.         | 10        | Engin röskun á skólastarfi á uppbyggingartíma; flutningar geta farið fram um vor/sumar þegar nýr unglingskóli er tekinn í notkun  | 2           | 0,31 |
| 8 Langtímaröskun (6-10 ár) á skólamenningu og innra starf v. nýrra húsakynna       | 10        | Enn frekari tækifæri til skólaþróunar í eldri skólum; byggja þarf upp alveg nýja skólamenningu í kringum nýjan unglingsafnskóla.  | 1           | 0,16 |
| 9 Áhætta vegna kostnaðar   | 10        | Ódýrara og fjótlegra að byggja eina stakstæða nýbyggingu en byggja við margar eldri. Stærð skóla tölueverð og hefur þ.a.l áhrif á kostnað. Almenn minni óvissa.   | 2           | 0,31 |
| 10 Umhverfismál og vistvottun, nýting innviða í samræmi við Græna planið           | 6         | Skv. BREEAM vottun; nýbygging á nýjum stað gæti kallað á nýja innviði; mögulega þarf að skerða opin svæði með útivistargildi.   | 3           | 0,28 |
| 11 Samgöngur og umferðaröryggi   | 8         | Hugsanlega hlutfallslega löng ganga unglinga frá heimili að skóla; minni hvati að ganga og hjóla og meiri hvati fyrir foreldraskutl. Nemendur sem ganga eða hjóla hreyfa sig þó meira fyrir vikið. Styttra eða sömu vegalengdir fyrir yngri nemendur í Laugalækjarskóla. Betri samgöngur fyrir unglinga á uppbyggingarreitum. | 2           | 0,25 |
| 12 Hentugleiki rekstareiningar hvers skóla   | 8         | Létt er álagi af öllum LLL skólunum, þeir standast þolmörk árið 2040. Fjórar rekstareiningar í stað þriggja áður. Stærri unglingsafnskóli býður upp á meiri fjölbreytni.  | 1           | 0,12 |
| 13 Þjóðarhöll í Laugardal og nýting eldri mannvirkja                               | 8         | Fyrir liggur að byggj á nýja þjóðarhöll í Laugardal; miklir möguleikar í nýtingu íþróttahúsnæðis.   | 1           | 0,12 |
| 14 Viðhaldsátak á LLL skólum í Laugardal   | 10        | Kostnaðarsamar framkvæmdir, rask sem þarf að gera ráð fyrir og hugsanlega tilfærsla nemenda.  | 2           | 0,31 |
| 15 Uppbyggingarreitir innan hverfa   | 8         | Mikið er um uppbyggingu í og við Laugardal og því þörf á plássi fyrir aukinn nemendafjölda. Tækifæri að samnýta safnskóla fyrir núverandi skóla; mæta þörfinni frekar fljótt og líka fyrir uppbyggingarreiti utan skólahverfa.  | 2           | 0,25 |
| 16 Áhætta af breytingum  | 10        | Breytingar á húsnæði (8.-10. bekkir) geta skapað tækifæri í kennslu í takt við nútíma kröfur. Staðsetning lóðanna skapar aukna möguleika á útivist, samstarfi með aðliggjandi umhverfi og aukinn nemendafjölda. Möguleikar á valnámskeiðum og fjölbreyttari skólastarfssemi.  | 2           | 0,31 |
| Niðurstaða   |           |   | 4,12        |      |

## 5 Tímaáætlun og forgangsröðun framkvæmda

Tímarammi framkvæmda á borð við þær sem skilgreindar eru í sviðsmyndum 1, 2, 3 og 4 ræðst aðallega af umfangi ásamt flækjustigi verkefnis. Sviðmyndirnar hafa allar sama grunn, þ.e. að fylgja þarf sama lögboðna ferli og reglugerðum varðandi skipulagsvinnu, hönnun og framkvæmd.

Í eftirfarandi töflu má sjá verkþætti og áætlaðan verktíma m.v. fullkláraða framkvæmd og byggingu tilbúna til reksturs. Vert er að taka fram að tímaáætlun sem þessi er einungis frumáætlun og þegar sú sviðsmynd sem þykir fýsilegust hefur verið valin þarf að endurgera áætlunina. Góð forsögn og góður undirbúningur eru lykilatriði sem undanfari þess að bjóða út hönnun. Með ítarlegri forsögn er yfirlétt unnt að stytta heildartíma verkefna.

Tafla 18: Tímaáætlun verkþátta

| Forsögn/þarfagreining  | Hæfnisval   | Frumdrög   | Hönnun   | Framkvæmd  |
|--|---|--|--|--|
| <ul style="list-style-type: none"> <li>• Markmið verkefnis</li> <li>• Stærðir og fyrirkomulag</li> <li>• Tímaáætlun og áfangaskipting ef við á</li> <li>• Kröfur til umhverfis</li> <li>• Val á samningsleiðum</li> <li>• Verkefnisáætlun</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Útboðsgögn</li> <li>• Útboð</li> <li>• Mat tilboða</li> <li>• Val ráðgjafasamningar</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Yfirferð forsagnar</li> <li>• Valkostir og hagkvæmni(LCC/LCA)</li> <li>• Byggingatæknilegar lausnir</li> <li>• Frumteikningar</li> <li>• Drög að byggingarlýsingu</li> <li>• Kostnaðaráætlanir</li> <li>• Áhættuþættir</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Forhönnun og fullnaðarhönnun</li> <li>• Aðaluppdrættir</li> <li>• Byggingarlýsing</li> <li>• Séruppdrættir og verkeikningar</li> <li>• Verklýsingar</li> <li>• Kostnaðaráætlanir</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Útboð framkvæmda</li> <li>• Samningar</li> <li>• Smíði og innrétting byggingar</li> <li>• Eftirlit og úttektir</li> <li>• Bygging tekin í notkun</li> </ul> |
| 2-4 mánuðir  | 2-4 mánuðir   | 3-6 mánuðir  | 12-18 mánuðir  | 18-30 mánuðir  |

Tímaáætlun byggir á reynslutölum úr sambærilegum verkefnum og er hún brotin upp í fimm áfanga:

- Forsögn/þarfagreining
- Útboðsferli og samningagerð
- Frumdrög hönnunar
- Hönnun
- Framkvæmd


Það er mat starfshópsins að vegna flækjustigs framkvæmda, framkvæmdatíma, pláss á lóðum o.fl. sé ekki ráðlegt að fara í allar framkvæmdir á sama tíma. Undirbúnings- og hönnunarfasi getur þó skarast á milli skóla í sviðsmyndum 1 og 2 og þannig er hægt að stytta heildartíma framkvæmda í þeim sviðsmyndum. Einnig gæti þurft að færa skólustarfsemi til vegna framkvæmda og þá er æskilegt að einungis einn skóli þurfi tímabundið húsnæði í einu. Þannig mætti margnota bráðabirgðahúsnæði sem tiltækt yrði á framkvæmdatíma. Eins og fram hefur komið fellur til ýmiss afleiddur kostnaður við framkvæmdir sem þessar.

Gerð er tillaga að forgangsröðun framkvæmda í sviðsmyndum 1 og 2 með það að markmiði að nýta tíma og fjármagn með hagkvæmum hætti, takmarka rask og álag. Einnig er horft til núverandi ástands húsnæðis, nemendaspár og bráðabirgðahúsnæðis.

### 5.1 Tímaáætlun og forgangsröðun – sviðsmynd 1

Gert er ráð fyrir því að stækka alla þrjú skólana, hvern og einn um tæplega 2.500 m<sup>2</sup>. Heildartími framkvæmdaferlis í hverjum skóla er áætlaður sá sami eða 46 mánuðir, 138 mánuðir í heild. Vegna tengingar viðbyggingar við eldra húsnæði verður hönnun og skipulagsvinna flóknari og tímafrekari.

Tillaga að forgangs röðun framkvæmda er að hefja fyrst framkvæmdir við Laugarnesskóla, þá Langholtsskóla og enda á Laugalækjarskóla. Með því að láta undirbúnings- og hönnunartíma skóla nr. tvö skarast við framkvæmdatíma þess fyrsta og á sama hátt með þann þriðja, má stytta heildartíma framkvæmda í 86 mánuði.




Mynd 5 Forgangs röðun og tímaás fyrir sviðsmynd 1

Viðbyggingar við skólana þrjá munu hafa í för með sér rask og þrengingar á bílastæðum. Ef til vill þarf að auka við bráðabirgða húsnæði við einhverja af skólunum þremur vegna fjölgunar barna þar til framkvæmdum er lokið.

## 5.2 Tímaáætlun og forgangs röðun – sviðsmynd 2

Gert er ráð fyrir að byggja við Laugalækjarskóla (5.125 m<sup>2</sup>) og Langholtsskóla (2.485 m<sup>2</sup>) í sviðsmynd 2, en ekki Laugarnesskóla þar sem 5. og 6. bekkur færast yfir í Laugalækjarskóla og þar með losnar um pláss fyrir fjölgun nemenda til framtíðar.

Verktími viðbyggingar við Laugalækjarskóla er áætlaður 49 mánuðir en 46 mánuðir við Langholtsskóla, samtals 95 mánuðir. En með því að láta verktímamann skarast þá má ná heildar verktíma niður í 69 mánuði sbr. Mynd 6.



Mynd 6 Forgangs röðun og tímaás fyrir sviðsmynd 2


Lagt er til að skipuleggja framkvæmdir þannig að undirbúningsferli við Laugalækjarskóla hefjist þremur mánuðum síðar en við Langholtsskóla sem er settur í forgang. Þegar byggingaframkvæmdum lýkur við Langholtsskóla er gert ráð fyrir að hefjast handa við Laugalækjarskóla. Þannig dreifist álag og fjárfesting meira og áhætta minnkar.

## 5.3 Tímaáætlun og forgangs röðun – sviðsmyndir 3 og 4


Í sviðsmyndum 3 og 4 er gert ráð fyrir einni nýbyggingu, unglingasafnskóla, annars vegar 7.945 m<sup>2</sup> í sviðsmynd 3 og hins vegar 8.400 m<sup>2</sup> í sviðsmynd 4.

Megin munurinn á tímaáætlun sviðsmynda 3 og 4 er vegna mismunandi byggingarmagns; heildartíminn er 57 mánuðir í sviðsmynd 3 en 62 mánuðir í sviðsmynd 4. Gert er ráð fyrir því að tími í undirbúning og hönnun sé sambærilegur í báðum sviðsmyndum.





Mynd 7: Tímaáætlun sviðsmynda 3



Mynd 8: Tímaáætlun sviðsmynda 4

Í þessum sviðsmyndum þarf ekki að fara í forgangsröðun framkvæmda þar sem ekki þarf að byggja við skólana þrjá. Benda má á nauðsyn þess að ráðast í umferðargreiningu og einhverjar úrbætur til að tryggja umferðaröryggi unglunga í skólahverfinu.

## 6 Niðurstaða og samanburður valkosta

Alls hafa verið greindar fjórar sviðsmyndir og í eftirfarandi töflu má sjá helstu niðurstöður greininga á fermetrabörf, áhættu, tíma framkvæmda í mánuðum og mat á kostnaði.

Tafla 19: Samanburður sviðsmynda

| Samantekt                      | Sviðsmynd 1 | Sviðsmynd 2 | Sviðsmynd 3 | Sviðsmynd 4 |
|--------------------------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| Fermetrabörf [m <sup>2</sup> ] | 7.181       | 7.610       | 7.945       | 8.400       |
| Áhættumat [matsstig]           | 6,91        | 6,78        | 4,25        | 4,12        |
| Tími [fjöldi mán]              | 86          | 69          | 57          | 62          |
| Kostnaður [mkr]                | 9.985       | 9.262       | 8.835       | 9.341       |
|                                |             |             |             |             |

Unnið hefur verið út frá nýjustu forsendum til að spá fyrir um fjölda nemenda, fermetrabörf, uppbyggingaráform íbúða og annarra mannvirkja, lóðakosti og kostnað.

**Samantekt áhættumatsins** bendir til þess að áhætta sé í öllum sviðsmyndunum en þó er tölurverður munur er á milli sviðsmynda 1 og 2 annars vegar og 3 og 4 hins vegar.

**Áætlaður verktími** er reiknaður í mánuðum. Í sviðsmynd 1 og 2 er gerð tillaga að forgangsröðun framkvæmda og reiknaður út verktími miðað við að undirbúningur og byggingarframkvæmdir skarist að einhverju leyti. Þannig má tryggja sem stystan verktíma og ljúka framkvæmdum fyrr en ella.

Í **kostnaðarmati** byggingaframkvæmda er miðað við sama einingarverð fyrir hvern verkþátt fyrir allar sviðsmyndirnar og því er það fermetrafjöldi hvernar sviðsmynda fyrir sig sem ræður heildarkostnaði. Í sviðsmyndum 1 og 2 bætist við afleiddur kostnaður sem fylgir því að byggja við skólana.

**Styrkleikar og veikleikar** fylgja eðlilega hverri sviðsmynd fyrir sig og eru þeir tíundaðir í viðauka 1, auk þess sem komið er inn á marga þeirra hér að framan.

---

## **7 Viðauki 1 – Erindisbréf starfshóps**

## ERINDISBRÉF

### Starfshópur um undirbúning framkvæmda vegna skóla- og frístundastarfs í Laugarnes- og Langholtshverfi

#### Ábyrgðaraðili:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

#### Inngangur:

Á fundi Borgarráðs þann 13. október 2022 var lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 6. október 2022, sbr. samþykkt skóla- og frístundaráðs frá 3. október 2022 á tillögu varðandi framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Laugarnes- og Langholtshverfi, ásamt fylgiskjölum. Starfshópi þessum er ætlað að vinna að forgangsröðun og undirbúningi þeirra umfangsmiklu verkefna og framkvæmda sem framundan er.

Forsendur, sbr. samþykkt borgarráðs um sviðsmynd I:

A. Stækka Laugarnesskóla en gert verði ráð fyrir minna byggingarmagni en lýst er í forsagnarskýrslu. Gert verði ráð fyrir frístundaheimili fyrir 1. og 2. bekk og viðbyggingu við leikskólann Hof sem leiða mun til minni skólalóðar Laugarnesskóla sunnanvert.

B. Byggja við Laugalækjarskóla.

C. Byggja við Langholtsskóla og gert verði ráð fyrir samnýtingu við frístundaheimili fyrir 1. og 2. bekk og félagsmiðstöð fyrir alla nemendur Langholtsskóla.

D. Gera safnfrístund fyrir 3. og 4. bekk í Laugardalnum samnýtt Fræðsluhúsi í Fjölskyldu og húsdýragarðinum.

Frekari forsendur, sbr. samþykkt borgarráðs um undirbúning Þjóðarhallar í Laugardal:

E. Þörf fyrir íþróttakennslu verði mætt í Þjóðarhöll.

Frekari forsenda, sbr. fyrirhugaða samkeppni um Laugardalslaug og endurgerð stúku við laugina:

F. Félagsmiðstöðvarrymi fyrir Laugarnes og Laugarlækjaskóla verði útfært með menningarrymi og bókasafni í tengslum við stúku Laugardalslaugar.

#### Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er að vinna að nákvæmu kostnaðarmati, forgangsröðun og undirbúningi þeirra umfangsmiklu verkefna og framkvæmda sem framundan eru.

**Helstu verkefni/viðfangsefni:**

- Gera tillögur að áfangaskiptingu, forgangsroðun, tímaáætlun og fjármögnun, m.a. út frá mati á hvar brýnasta þörfin er til að hefja framkvæmdir, út frá nemendafjölda, ástandi eldra húsnæðis ofl. en einnig skynsamlegri röð framkvæmda út frá flækjustigi þeirra, raski og áhrifa á starfsemi á framkvæmdatíma.
- Tryggja hagkvæmni og samnýtingu eftir fremsta megni.
- Vinna ítarlegar kostnaðaráætlanir og samanburð á helstu valkostum varðandi röð framkvæmda og tilhögun þeirra.
- Yfirfara spár um íbúa- og nemendafjölda í ljósi uppbyggingaráforma í og við Laugardalinn.
- Gera tillögur til borgarstjóra og eftir atvikum borgarráðs um nálgun á verkefnið eftir því sem ofangreind greiningarvinna, framkvæmdaáætlanir og kostnaðaráætlanir gefa tilefni til.

**Starfshópin/stýrihópin skipa:**

Ámundi Brynjólfsson, fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs, formaður.

Jón Valgeir Björnsson, fulltrúi eignaskrifstofu.

Ósk Soffía Valtýsdóttir, fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs.

Þórdís Eik Friðþjófsdóttir, fulltrúi skóla- og frístundasviðs.

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Soffía Vagnsdóttir, fulltrúi skóla- og frístundasviðs.

Soffía Pálsdóttir, fulltrúi skóla- og frístundasviðs.

Með hópnum skal starfa verkefnisstjóri.

**Starfstími:**

Starfshópurinn skili ábyrgðaraðila tillögum fyrir 1. júní 2023 og kostnaðarmetnum tillögum um einstaka þætti verkefnisins í tengslum við undirbúning fjárfestingaráætlunar eftir því sem verkefninu vindur fram.

Reykjavík, 14. febrúar 2023



Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

---

## **8 Viðauki 2 – Samantekt á niðurstöðum**

| Skóla- og frístundastarf í Laugardal | Skólastig         | Viðhaldsþörf  | Nýbygging |   | Frístundaheimili    | Félagsmiðstöð  | Íþróttakennsla              |                      |                          | Tímaáætlun | Áætlaður kostn. | Áhættumat | Styrkleikar | Veikleikar   |  |
|--------------------------------------|-------------------|---------------|-----------|---|---------------------|--|-----------------------------|----------------------|--------------------------|------------|-----------------|-----------|-------------|--|--|
|                                      | Bekkir            | Forgangur     | Tegund    | Stærð                                   | Staðsetning         | Staðsetning  | Yngsta stig 1.-4. bekkur    | Miðstig 5.-7. bekkur | Efsta stig 8.-10. bekkur | Mán.       | Milljónir kr.   | Stig      |             |  |  |
| Sviðsmynd 1                          | Laugarnesskóli    | 1.-6. bekkur  | 1         | Viðbygging                              | 2.380m <sup>2</sup> | 1. og 2. bekkur í skólanum, safnfrístundaheimili í FHG fyrir 3. og 4. bekk | Í skólanum                  | Í skólanum           | 5.-6. bekkur í L&P       | –          | 46              | 3.447     | 6,91        | Mjúk breyting; skólarnir þrír halda sínum sterka skólabrag og skólagerð sem mikil ánægja hefur verið með í skólasamfélaginu.   | Áhætta mikil. Mikil rask á skólastarfi vegna framkvæmda. Langur framkvæmdatími. Færri tækifæri til þróunar á skólastarfi.  |
|                                      | Laugalækjarskóli  | 7.-10. bekkur | 1         | Viðbygging                              | 2.316m <sup>2</sup> | Ekkert frístundaheimili  | Í skólanum                  | –                    | 7. bekkur í L&P          | L&P        | 46              | 3.375     |             |  |  |
|                                      | Langholtsskóli    | 1.-10. bekkur | 1         | Viðbygging                              | 2.485m <sup>2</sup> | 1. og 2. bekkur í skólanum, safnfrístundaheimili í FHG fyrir 3. og 4. bekk | Í skólanum                  | Í skólanum           | L&P                      | L&P        | 46              | 3.163     |             |  |  |
|                                      | Samtals           |               |           |   |                     | 7.181m <sup>2</sup>  |                             |                      |                          |            |                 | 86        |             |  |  |
| Sviðsmynd 2                          | Laugarnesskóli    | 1.-4. bekkur  | 1         | Ekki byggt við                          |                     | 1. og 2. bekkur í skólanum, safnfrístundaheimili í FHG fyrir 3. og 4. bekk | –                           | Í skólanum           | –                        | –          |                 |           | 6,78        | Fagleg samfella á miðstigi í Laugalækjarskóla. Núverandi skóla-húsnæði í Laugarnesskóla rúmar nem.fjöldi til 2040.   | Veruleg breyting á skólastarfi og menningu í Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla.   |
|                                      | Laugalækjarskóli  | 5.-10. bekkur | 1         | Viðbygging                              | 5.125m <sup>2</sup> | –  | Í skólanum                  | –                    | L&P                      | L&P        | 49              | 6.099     |             |  |  |
|                                      | Langholtsskóli    | 1.-10. bekkur | 1         | Viðbygging                              | 2.485m <sup>2</sup> | 1. og 2. bekkur í skólanum, safnfrístund í FHG fyrir 3. og 4. bekk         | Í skólanum                  | Í skólanum           | L&P                      | L&P        | 46              | 3.163     |             |  |  |
|                                      | Samtals           |               |           |   |                     | 7.610m <sup>2</sup>  |                             |                      |                          |            |                 | 69        |             |  |  |
| Sviðsmynd 3                          | Laugarnesskóli    | 1.-7. bekkur  | 1         | –                                       | –                   | 1. og 2. bekkur í skólanum, safnfrístundaheimili í FHG fyrir 3. og 4. bekk | Í skólanum fyrir 5.-7. bekk | Í skólanum           | L&P                      | –          |                 |           | 4,25        | Mögulegt að byggja upp öflugan unglingaskóla, t.d. með áherslu á íþróttir. Hægt að byggja upp aðstöðu í samræmi við nútímakröfur, fjölbreytni í vali. Tækifæri til skólaþróunar í núverandi skólum. Engin röskun v/viðbygginga. Stysti framkvæmdatíminn.   | Veigamikil breyting á skólastarfi í Laugardalnum. Fjarlægð milli heimilis og skóla eykst fyrir suma unglunga.  |
|                                      | Laugalækjarskóli  | 1.-7. bekkur  | 1         | –                                       | –                   | 1. og 2. bekkur í skólanum, safnfrístund í FHG fyrir 3. og 4. bekk         | Í skólanum fyrir 5.-7. bekk | Í skólanum           | L&P                      | –          |                 |           |             |  |  |
|                                      | Langholtsskóli    | 1.-7. bekkur  | 1         | –                                       | –                   | 1. og 2. bekkur í skólanum, safnfrístundaheimili í FHG fyrir 3. og 4. bekk | Í skólanum fyrir 5.-7. bekk | Í skólanum           | L&P                      | –          |                 |           |             |  |  |
|                                      | Unglingasafnskóli | 8.-10. bekkur | –         | Nýr unglingasafnskóli með félagsmiðstöð | 7.945m <sup>2</sup> | –  | Í nýjum skóla               | –                    | –                        | L&P        | 57              | 8.835     |             |  |  |
| Sviðsmynd 4*                         | Laugarnesskóli    | 1.-7. bekkur  | 1         | –                                       | –                   | 1. og 2 bekkur í skólanum, safnfrístundaheimili í FHG fyrir 3. og 4. bekk  | Í skólanum fyrir 5.-7. bekk | Í skólanum           | L&P                      | –          |                 |           | 4,12        | Mögulegt að byggja upp öflugan unglingaskóla. Hægt að byggja upp aðstöðu í samræmi við nútímakröfur, fjölbreytni í vali. Skólaþróun í núv. skólum. Engin röskun v/viðbygginga. Stuttur framkvæmdatími. Tækifæri fyrir nemendur á unglingastigi sunnan Suðurlandsbrautar. Gæti dregið úr viðbygg.þörf við Álfamýrarskóla. | Veigamikil breyting á skólastarfi í Laugardalnum. Fjarlægð milli heimilis og skóla eykst fyrir suma unglunga. Þörf á samgöngu-umbótum gangandi um Suðurlandsbraut. |
|                                      | Laugalækjarskóli  | 1.-7. bekkur  | 1         | –                                       | –                   | 1. og 2 bekkur í skólanum, safnfrístundaheimili í FHG fyrir 3. og 4. bekk  | Í skólanum fyrir 5.-7. bekk | Í skólanum           | L&P                      | –          |                 |           |             |  |  |
|                                      | Langholtsskóli    | 1.-7. bekkur  | 1         | –                                       | –                   | 1. og 2 bekkur í skólanum, safnfrístundaheimili í FHG fyrir 3. og 4. bekk  | Í skólanum fyrir 5.-7. bekk | Í skólanum           | L&P                      | –          |                 |           |             |  |  |
|                                      | Unglingasafnskóli | 8.-10. bekkur | –         | Nýr unglingasafnskóli með félagsmiðstöð | 8.400m <sup>2</sup> | –  | Í nýjum skóla               | –                    | –                        | L&P        | 62              | 9.341     |             |  |  |

\* Forsenda sviðsmynda eru ný mörk skólahverfa. Þarf að ræða og taka afstöðu til.  
FHG = Fjölskyldu- og húsdýragarður L&P = Laugardalshöll og þjóðarhöll



## Fylgiskjal 3

Reykjavík, 21. október 2024

### Umsagnir, athugasemdir og ábendingar frá hagaðilum

Hér verður gerð grein fyrir umsögnum, athugasemdum og ábendingum hagaðila sem bárust eftir þremur leiðum:

- Umsagnir sem skóla- og frístundaráði bárust skv. beiðni þar um á fundi ráðsins 13. maí 2024.
- Athugasemdir og ábendingar sem komu fram á kynningarfundum vegna umsagnarbeiðnanna í maí 2024.
- Tölvupóstar sem skrifstofu skóla- og frístundasviðs bárust varðandi fyrirkomulag skóla- og frístundastarfsins í Laugardal.

Á Island.is er undirskriftarlisti þar sem íbúar og áhugafólk um skólastarf í Laugardal skora á borgaryfirvöld að vernda skólaumhverfi í Laugardal. Undirskriftalistinn er enn opin.

#### A) Umsagnir sem bárust skóla- og frístundaráði

Með bréfi dags. 15. maí 2024, óskaði skóla- og frístundasvið skv. samþykkt skóla- og frístundaráðs, eftir umsögn hagaðila vegna tillögu um mótun skóla- og frístundastarfs í Laugardal til framtíðar, þ.e. um sviðsmynd 4 í skýrslu **Skóla- og frístundastarf í Laugardal. Undirbúningur framkvæmda** frá nóv. 2023.

#### Sviðsmynd 4:

*Opnaður verði nýr unglingskóli í Laugardal fyrir unglinga af skólasvæði skólanna þriggja, Langholtsskóla, Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla, auk nemenda á unglingastigi sem búa á nærliggjandi uppbyggingareitum, við Grensásveg, á Orkureitnum og í Skeifunni. Skólarnir þrír yrðu þá allir yngri barna skólar fyrir nemendur í 1.-7 bekk.*

*A. Byggja nýtt húsnæði fyrir **unglingasafnskóla** (8.-10. bekkur) fyrir skólana í Laugardalnum þar sem einnig væri gert ráð fyrir félagsmiðstöð.*

*B. Auk þess taki nýr unglingskóli við nemendum sem munu búa á uppbyggingarreitum í nágrenni Laugardalsins sem skv. núverandi skipan skólahverfa tilheyra Álftamýrar- og Vogaskóla.*

*C. Gera þarf ráð fyrir frístundaheimilum í öllum þremur skólunum, Laugarnesskóla, Laugalækjarskóla og Langholtsskóla fyrir 1. og 2. bekk.*

*D. Gera safnfrístund fyrir 3. og 4. bekk í Laugardalnum, samnýtt fræðsluhúsi í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.*

*E. Gera ráð fyrir aðstöðu fyrir skólahljómsveit Austurbæjar í Laugalækjarskóla.*



Reykjavík



*F. Huga þarf að húsnaði í Laugalækjarskóla fyrir íþróttakennslu en íþróttaaðstaða í Laugardalshöll og þjóðarhöll verður nýtt eftir því sem aðstæður leyfa, m.a. fyrir nemendur í unglingsafnskóla.*

Umsagnarfrestur var gefinn til og með 31. maí 2024 og síðan framlengdur til 10. júní 2024.

Óskað var eftir umsögnum frá eftirtöldum 19 aðilum:

- Skólaráði Laugalækjarskóla, Laugarnesskóla, Langholtsskóla og Álftamýrarskóla (4)
- Stjórnnum foreldrafélaga Laugalækjarskóla, Laugarnesskóla, Langholtsskóla og Álftamýrarskóla (4)
- Starfsfólki Laugarnesskóla, Laugalækjarskóla og Langholtsskóla (3)
- Frístundaheimilunum Glaðheimum, Dalheimum og Laugaseli (3)
- Félagsmiðstöðvunum Laugó og Þróttheimum (2)
- Ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða (1)
- Íbúaráði Laugardals (1)
- Skólahljómsveit Austurbæjar (1)

Haldnir voru 8 kynningarfundir vegna umsagnarbeiðnarinnar á tímabilinu 21.- til 29. maí 2024. Í Laugalækjarskóla, Laugarnesskóla og Langholtsskóla var annars vegar fundað með foreldrum og hins vegar með starfsfólki hvers skóla, frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar. Jafnframt var fundað með Ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða og Íbúaráði Laugardals.

Umsagnir bárust frá 18 aðilum. Allir þeir aðilar sem fengu umsagnarbeiðni skiluðu umsögn utan við skólaráð Álftamýrarskóla. Frístundamiðstöðin Kringlumýri skilaði inn einni umsögn fyrir hönd frístundaheimilanna Glaðheima, Dalheima og Laugasels og félagsmiðstöðvanna Laugó og Þróttheima. Samtals voru þetta 14 umsagnir.

Auk þess bárust umsagnir frá eftirfarandi aðilum fjórum aðilum:

- Íbúasamtökum Laugardals
- Íbúaráði Háaleitis og Bústaðarhverfis
- Íþróttafélaginu Ármanni
- Íþróttafélaginu Þrótti

Umsagnir voru flokkaðar saman í heildarsamantekt og í fjóra meginflokka: Áhyggjur; Jákvæðar umsagnir; Neikvæðar umsagnir og Tillögur/Óskir.

#### **Áhyggjur**

- Áhættumat sviðsmyndar 4 tekur ekki nægilega mið af menntun og skólastarfi.
- Þolmörk innviða svæðisins er náð.
- Mikil innviðaskuld.
- Mikilvægi þess að huga að aðgengi nemenda.
- Mikilvægi þess að bæta umhverfi Suðurlandsbrautar.
- Neikvæð áhrif á gæði skólastarfs og starfsanda.
- Miklar áhyggjur af áhrifum á mönnun og faglegu sjálfstæði skólanna.
- Flutningar í annan skóla á unglingsstigi og neikvæð áhrif á líðan einhverfra barna.
- Safnskóli gæti leitt til minni tengsla milli kennara og nemenda og verri menntunargæða.







- Aðstöðumál fyrir frístundaheimili og félagsmiðstöðvar.
- Áhrif á yngri nemendur að missa eldri fyrirmyndir.
- Skortur á heilindum í vinnubrögðum og samráði við gerð skýrslunnar.

#### Jákvæðar umsagnir

- Nýr unglingaskóli gæti verið álitleg hugmynd.
- Almenn ánægja með faglega vinnu og þróunarstarf í núverandi skólum.
- Sterk menning og faglegir skólar.
- Tækifæri til að byggja viðhaldslítið hús sem lágmarkar innviðavanda/myglu.
- Tækifæri til að gera rými fyrir félagsmiðstöð fyrir öll ungmenni.
- Samstarf við íþróttafélög getur eft íþróttaiðkun og vinnu gegn brottfalli.
- Góður andi ríkir í starfsmannahópum skólanna.

#### Neikvæðar umsagnir

- Almenn mótmæli gegn sviðsmynd 4.
- Breyttar forsendur hafa ekki verið nægilega útskýrðar.
- Mikil andstaða við að hverfa frá sviðsmynd 1.
- Áhrif á skólaumhverfi og menntun talin neikvæð.
- Borgin leggur of mikla áherslu á hagkvæmni í byggingum frekar en velferð barna.
- Safnskóli fyrir unglunga myndi ekki veita börnum sömu tækifæri til að blómstra.
- Andstaða við að setja unglunga í safnskóla.
- Mótmæla því að skipta eigi Laugarneshverfi í tvennt.
- Núverandi vinnuaðstaða Skólahljómsveitar Austurbæjar er ekki boðleg til frambúðar.
- Umfangsmikill rekstur félagsmiðstöðvar.
- Hluti einstaklingsmála mun ekki fá sömu athygli.
- Mikil flækjustig í tengslum við frístundastarf á miðstigi í þremur grunnskólum.

#### Tillögur / Óskir

- Fylgja sviðsmynd 1 sem samþykkt var árið 2022.
- Virða fyrri ákvarðanir.
- Endurskoða og meta betur nýjar sviðsmyndir með tilliti til faglegra sjónarmiða.
- Viðhalda samráði og samstarfi við borgaryfirvöld um uppbyggingu skóla í hverfinu.
- Auka samráð og upplýsingaflæði við starfsfólk, skólasamfélag og íbúa.
- Hugað verði að bættum umhverfisaðstæðum við Suðurlandsbraut til að auka öryggi nemenda.
- Halda áfram með viðbyggingu og breytingar innanhúss í Langholtsskóla og Þróttheimum.
- Tryggja að íþróttaaðstaða barna og unglunga í hverfinu uppfylli kröfur aðalnámsskrár.
- Byggja betri íþróttaaðstöðu og aðstöðu fyrir skólahljómsveit.
- Aðgerðir til að bæta aðstöðu og tryggja gæði skólastarfs.
- Rýna þarf í aðstöðumál fyrir frístundaheimili.
- Safnfrístund verði endurskoðuð með tilliti til landfræðilegrar staðsetningar og



samgöngumála.

- Kanna aðra staðsetningu fyrir skólabygginguna.

Í meðfylgjandi töflu má sjá heildarsamantekt allra umsagna.



## Allar umsagnir - Heildarsamantekt



| Áhyggjur   | Jákvæðar umsagnir  | Neikvæðar umsagnir  | Tillögur / Óskir  |
|--|--|---|---|
| Áhættumati sviðsmyndar.<br>Innviðabolmörk<br>Innviðaskuld.<br>Aðgengi nemenda.<br>Umhverfi Suðurlandsbrautar.<br>Gæði skólastarfs.<br>Mönnun og sjálfstæði.<br>Flutningar og liðan.<br>Safnskóli og tengsl.<br>Aðstöðumál frístundaheimila.<br>Áhrif á yngri nemendur.<br>Skortur á heilindum. | Nýr unglingskóli.<br>Fagleg vinna.<br>Íþróttaaðstaða.<br>Viðhaldslítið hús.<br>Félagsmiðstöð fyrir öll.<br>Samstarf við íþróttafélög.<br><br>Núverandi staða að byggja á:<br>Góður starfsandi.<br>Fagleg vinna.<br>Sterk skólamenning. | Almenn mótmæli gegn sviðsmynd 4.<br>Óskýr forsendubreyting.<br>Andstaða við að hverfa frá sviðsmynd 1.<br>Neikvæð áhrif á skólaumhverfi.<br>Of mikil áhersla á hagkvæmni.<br>Skortur á tækifærum í listum.<br>Andstaða við safnskóla.<br>Mótmæli við að skipta hverfinu upp.<br>Óboðleg vinnuaðstaða skólahljómsveitar.<br>Skert athygli á einstaklingsmál.<br>Flækjustig í miðstigi. | Fylgja sviðsmynd 1.<br>Endurskoða sviðsmyndir út frá faglegum sjónarmiðum.<br>Samráð og samstarf.<br>Íbúaráð vill taka þátt ef bygging unglingskóla ef af verður.<br>Bætt umhverfi við Suðurlandsbraut.<br>Virða fyrri ákvarðanir.<br>Íþróttaaðstaða samkvæmt kröfum.<br>Betri íþróttaaðstaða og skólahljómsveit.<br>Auka samráð og upplýsingaflæði.<br>Rýna í aðstöðumál fyrir frístundaheimili.<br>Endurskoðun safnfrístunda.<br>Jafnt aðgengi að íþrótt- og tómstundastarfi.<br>Kanna aðra staðsetningu fyrir skólabyggingu. |

### B) Athugasemdir og ábendingar sem komu fram á kynningarfundum

Teknar voru saman þær athugasemdir og ábendingar sem komu frá starfsfólki, kennurum, foreldrum og unglingaráði í Laugardal á kynningarfundunum. Helstu ábendingar sem komu fram á fundunum eru sambærilegar og komu fram í formlegum umsögnum hagaðila og fjallað er um í skýrslunni.

Ábendingarnar voru flokkaðar saman í heildarsamantekt og í fjóra meginflokka líkt og umsagnir sem bárust frá hagaðilum: Áhyggjur; Jákvæðar umsagnir; Neikvæðar umsagnir og Tillögur/Óskir.

#### Áhyggjur

- Aðstöðumál íþróttastarfs þar sem íþróttastarf barnanna í Laugardalshöll hefur verið víkjandi hingað til.
- Aðstöðumál fyrir frístundaheimili og félagsmiðstöðvar, þ.m.t. safnfrístund.
- Aðstöðumál skólahljómsveitar.
- Áhyggjur af tímalínu verkefnisins og hvort komið yrði fyrir bráðabirgðahúsnæði á meðan á framkvæmdum stæði.
- Áhyggjur starfsfólks sneru að því að ekki hafi verið tekið með í niðurstöðuna farsæla sögu skólanna og skólabrag sem óvíst sé hvort haldist við þessar breytingar.
- Þolmörk innviða svæðisins er náð.
- Áhyggjur af stærð skólaverfisins og fjölda nemenda.
- Áhyggjur af félagslegri samsetningu með skiptingu hverfisins.
- Mikil innviðaskuld.
- Neikvæð áhrif á gæði skólastarfs og starfsanda.





- Flutningar í annan skóla á unglingsstigi og neikvæð áhrif á líðan einhverfra barna.
- Safnskóli gæti leitt til minni tengsla milli kennara og nemenda og verri menntunargæða.
- Áhrif á yngri nemendur að missa eldri fyrirmyndir.
- Skortur á heilindum í vinnubrögðum og samráði við gerð skýrslunnar.

#### **Jákvæðar umsagnir**

- Nýr unglingskóli gæti verið álitleg hugmynd.
- Almenn ánægja með faglega vinnu og þróunarstarf í núverandi skólum.
- Sterk menning og faglegir skólar.
- Tækifæri til að gera rými fyrir félagsmiðstöð fyrir öll ungmenni.
- Samstarf við íþróttafélög getur eftir íþróttaiðkun og vinnu gegn brottfalli.

#### **Neikvæðar umsagnir**

- Almenn mótmæli gegn sviðsmynd 4.
- Mikil andstaða við að hverfa frá sviðsmynd 1.
- Óánægja með að hafa ekki verið upplýst um niðurstöðu skýrslunnar fyrir.
- Breyttar forsendur hafa ekki verið nægilega útskýrðar.
- Foreldrum finnst illa staðið að þessu og að ekki sé verið að hlusta á íbúa hverfisins.
- Skortur á samráði og upplýsingagjöf.
- Borgin leggur of mikla áherslu á hagkvæmni í byggingum frekar en velferð barna.
- Safnskóli fyrir unglings myndi ekki veita börnum sömu tækifæri til að blómstra.
- Andstaða við að setja unglings í safnskóla.
- Mótmæla því að skipta eigi Laugarneshverfi í tvennt.
- Hluti einstaklingsmála mun ekki fá sömu athygli.
- Mikil flækjustig í tengslum við frístundastarf á miðstigi í þremur grunnskólum.

#### **Tillögur / Óskir**

- Kom til skoðunar að byggja nýjan skóla, t.d. á Suðurlandsbrautarreit, miðað við þessa fólksfjölgun.
- Fylgja sviðsmynd 1 sem samþykkt var árið 2022 og halda áfram með áform um viðbyggingar við skólana.
- Fá útskýringar á því af hverju ekki er hægt að byggja við skólana og laga þá á sama tíma.
- Virða fyrri ákvarðanir.
- Tryggja að íþróttaaðstaða barna og unglings í hverfinu uppfylli kröfur aðalnámskrár.
- Byggja betri íþróttaaðstöðu og aðstöðu fyrir skólahljómsveit.
- Aðgerðir til að bæta aðstöðu og tryggja gæði skólustarfs.
- Rýna þarf í aðstöðumál fyrir frístundaheimili.
- Safnfrístund verði endurskoðuð með tilliti til landfræðilegrar staðsetningar og samgöngumála.
- Kanna aðra staðsetningu fyrir skólabygginguna.
- Kallað var eftir upplýsingum um það hverjir væru kostir og gallar safnskóla.





- Óskar var eftir því að byggja íþróttamannvirki við Laugalækjarskóla.
- Nýr unglingaskóli þarf að hafa nógu stóran sal fyrir viðburði til þess að rúma allan þann fjölda sem í skólanum verður. Mikilvægt að allir nemendur geti verið saman við sérstök tækifæri.

### **C) Tölvupóstar sem skrifstofu skóla- og frístundasviðs bárust.**

Skrifstofu skóla- og frístundasviðs bárust 16 **tölvupóstar** frá íbúum í Laugardal varðandi fyrirkomulag skóla- og frístundastarfsins. Póstarnir voru teknir til rýningar og eru að flestu leyti samhljóða þeim ábendingum sem komu í umsögnum hagaðila. Auk þess komu fram ábendingar er varða græn svæði Laugardals, aukinn umferðarþunga samfara unglingaskóla í Laugardal, efasemdir um aðgengi barna að íþróttaaðstöðunni í Þjóðarhöll, að skólaskipti og breytingar geti verið erfiðar fyrir börn með sérþarfir og fari börn í skóla fjær heimilum sínum veiki það samfélagslega tengingu og samheldni í hverfum og minni þátttaka foreldra í skólalastarfinu.

### **Um undirskriftarlista**

Á Island.is var stofnaður undirskriftarlisti sem hefur verið opinn frá 27. maí 2024. Yfirheiti listans er Verndum skólaumhverfi í Laugardal. Þar segir: „Við undirrituð, íbúar og áhugafólk um skólalastar í Laugardal, skorum á borgaryfirvöld að staðfesta fyrri ákvörðun um að byggt verði við Langholtsskóla, Laugalækjarskóla og Laugarnesskóla fremur en að sundra rótgrónum skólagerðum og skólahverfum. Borgaryfirvöld áforma að sniðganga allt samráð og byggja safnskóla á unglingastigi, umbreyta skólagerðum 3ja skóla, brjóta upp skólahverfi og brjóta upp sterka félagslega heild Laugarneshverfisins. Við teljum fórnarkostnaðinn vegna áætlana borgarinnar mun meiri en mögulegan ávinning af uppbotinu. Við krefjumst þess að þeim verðmætum sem felast í farsælli menningu skólanna okkar og mannauði þeirra, verði mætt af virðingu og íbúalýðræði verði virt við ákvörðun um framtíðaruppbyggingu skólanna í Laugardal. Við krefjumst þess að framtíðaruppbygging verði á grundvelli farsælu skólanna og hverfanna og að þegar verði hafist handa við endurbætur og stækkun skólahúsnæðis skólanna í Laugardal.”





## Fylgiskjal 4

Reykjavík, 21. október 2024

### **Samantekt frá skrifstofu skóla- og frístundasviðs á áhrifum skólategundar og skólastærðar á líðan og námsárangur nemenda**

Ljóst er að það eru fjölmargir þættir sem hafa áhrif á gæði skólastarfs og skólabrag. Reykjavíkurborg hefur lagt áherslu á fjölbreytt námsúrval og inngildandi skólastarf fyrir alla. Engri skólagerð hefur verið gert hærra undir höfuð en annarri. Sem endurspeglast í því að innan borgarinnar eru starfræktir 38 borgarreknir grunnskólar: tveir sérskólar, 19 heildstæðir skólar sem ná frá 1.bekk upp í 10.bekk (þar af eru tveir svo kallaðir safnskólar það er að segja börn úr öðrum skólum færast yfir í þá skóla þegar þeir byrja í unglingsdeild). 13 barnaskólar og fjórir unglingskólar (Hagaskóli, Laugalækjarskóli, Réttarholtsskóli og Víkurskóli). Auk borgarreknunna grunnskólanna eru síðan starfræktir sex sjálfstætt starfandi grunnskólar.

Þessir ólíku skólar eiga það sameiginlegt að vinna allir eftir sameiginlegri framtíðarsýn og stefnu: Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Stefnan leggur áherslu á framsækið skóla- og frístundstarf þar sem öll börn hafa jöfn tækifæri til náms í fjölbreyttu námsumhverfi sem samræmist þeirra áhuga og hæfileikum. Skólarnir starfa því eftir sameiginlegum leiðarljósum sem eru „Barnið sem virkur þátttakandi“ og „fagmennska og samstarf í öndvegi“. Skólarnir leggja einnig ríka áherslu á inngildingu og farsæld barna auk þess sem þeir vinna að því að efla grundvallarþætti menntastefnunnar: félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði.

Engar íslenskar samanburðarrannsóknir eru til á ólíkum skólagerðum og áhrifum ólíkra skólagerða á líðan og námsárangur barna. Að sama skapi fundust engar erlendar rannsóknir sem gera beinan samanburð á áhrifum skólategundar á líðan og námsárangur barna. Það er því ekki hægt að segja til um hvort eitthvað eitt skólaform sé betra eða verra en annað í því samhengi. Rannsóknir hafa hins vegar sýnt að það eru fjölmargir þættir í innra og ytra umhverfi barna og ungmenna sem geta haft áhrif á líðan og farsæld þeirra. Til að mynda benda rannsóknir til þess að persónueinkenni (Lampropoulou, 2018; Butkovic o.fl., 2011), vinatengsl (Wagner, 2019), tengsl við foreldra (Foster o.fl., 2017), skólabragur (Steinmayr o.fl., 2018), skólatengsl (Foster o.fl., 2017), upplifun á fjárhagstöðu heimilis og heildartekjur á heimili (Bøe o.fl., 2019) séu þættir sem hafi áhrif vellíðan og farsæld ungmenna.

Varðandi rannsóknir á áhrifum skólastærðar á námsárangur og líðan nemenda er ljóst að nauðsynlegt er að taka tillit til annarra þátta í umhverfinu til að fá heildræna mynd af



áhrifum skólasterðar á námsárangur eða námslíðan. Þar sem fjölmargir aðrir þættir hafa áhrif líkt og félagslegur bakgrunnur nemenda (Stevensson, 2006). Til að mynda bentu niðurstöður tyrkneskrar rannsóknar sem byggir á PISA niðurstöðum frá árinu 2015 til þess að það væri neikvæð fylgni milli skólasterðar og lestrarhæfni nemenda (Celik og Yurdakul, 2020). En þegar búið var að taka tillit til annarra breytna líkt og félagslegs bakgrunns móður, upplifun af stuðning frá foreldrum, menntunarbakgrunns kennara og hegðunar nemenda sem hindrar nám reyndist sambandið milli skólasterðar og lestrarhæfni ekki vera marktækt (Celik og Yurdakul, 2020). Annað sem gerir samanburð á rannsóknum á skólasterðum flókin eru að viðmið um skólasterðir geta verið ólík og alla jafna eru þau önnur erlendis en hér á landi. Til að mynda er í sumum tilfellum talað um 500-700 nemenda skóla sem fámenna (Wu, Hsu og Hwang, 2006), á meðan aðrir flokka skóla undir 400 nemendum sem litla, skóla með 500 til 900 nemendum sem miðlungs stóra og skóla með yfir 1000 nemendum sem stóra (Grauer, 2023). Þá eru einnig fordæmi fyrir því hægt sé að skipuleggja skólasterf í stórum skólum með þeim hætti að nemendahópnum sé skipt upp í minni einingar og því skipta breytur eins og bekkjarstærð, hlutfall nemenda á kennara og úrræði skólans (fjármagn, utanaðkomandi stuðningur og fleira) ekki síður máli en heildarstærð skóla (Cornelius o.fl., 2008). Það því ekki neitt eitt einfalt svar við því hvort ein ákveðin stærð skóla sé betri en önnur með tilliti til námsárangurs og líðan nemenda (Cornelius o.fl., 2008). Öllum stærðum skóla (litlum, miðlung stórum og stórum) fylgja ákveðnir kostir og gallar.

Við vöktun á líðan reykvískra barna er rýnt í niðurstöður nemendakannana Íslenskra æskulýðrannsóknna, Rannsóknar og greiningar og eftir aðstæðum Skólaláttakans (þátttaka í skólaláttakinum er valkvæð). Lögð er áhersla á að hver og einn grunnskóli rýni sínar niðurstöður til gagns en þær eru einnig rýndar af fagstjórum og starfsfólki á miðlægri skrifstofu SFS.

Niðurstöður síðustu ára benda til þess að heilt yfir sé líðan nemenda í Reykvískum skólum nokkuð góð. Til að mynda sýndu niðurstöður úr könnun íslenskra æskulýðrannsóknna frá árinu 2023 að 86% nemenda í 6.bekk, 82% nemenda í 8.bekk og 86% nemenda í 10.bekk líki mjög vel eða þokkalega í skólanum.

Þegar niðurstöður úr könnun Rannsóknar og greiningar sem lögð var fyrir nemendum í 8. til 10.bekk í maí 2023 eru skoðaðar út frá skólagæð er ekkert sem bendir til þess að andleg heilsa og líðan nemenda í unglingaskólum sé betri eða verri en líðan nemenda í heildstæðum skólum. Til að mynda reyndist ekki vera marktækur munur á andlegri heilsu nemenda eftir skólagæð. 63,4% nemenda í heildstæðum grunnskólum sem svörðu könnuninni mátu andlega heilsu sína mjög góða eða góða samanborið við að 65,2% nemenda í unglingaskólum. Hins vegar var marktækur munur á líðan í skólanum eftir skólagæð en 63,1% nemenda í heildstæðum grunnskólum segja nær alltaf eða oft líða vel í skólanum samanborið við 71,4% nemenda í unglingaskólunum. **Mikilvægt er að taka fram að einungis var horft til skólagæðar**





og ekki tekið tillit til annarra breytna sem kunna að hafa áhrif eins og til að mynda kyn, bekks, félagslegrar stöðu, uppruna foreldra, félagslegra tengsla við vini og fjölskyldu og skólasóknar. Því þarf að gæta þess að lesa ekki of mikið í niðurstöðurnar. Í samanburði er æskilegt að skólarnir séu sem líkastir með tilliti til lýðfræðilegrar samsetningar íbúahópsins sem skólana sækja en unglingskólarnir eru ekki nógu margir til þess að svo sé hægt og verður því að taka tillit til þess hvaðan þeir unglingskólar sem er verið að skoða eru staðsettir.

Að sama skapi reyndist ekki vera marktækur munur á því hversu auðvelt eða erfitt nemendur upplifðu að það væri að fá umhyggju og hlýju frá vinum sínum en 83,1% nemenda í 8. til 10. bekk í heildstæðum skólum töldu mjög eða frekar auðvelt að fá umhyggju og hlýju frá vinum samanborið við að 84,3% í unglingskólunum. Hins vegar var marktækur munur á viðhorfi nemenda til þess hvort þeim fyndist námið vera tilgangslaust. 52,4% nemenda í heildstæðum skólum segjast sjaldan eða aldrei upplifa að námið sé tilgangslaust samanborið við 61,2% í unglingskólum. Hér þarf þó einnig að hafa í huga að ekki er tekið tillit til annarra þátta sem kunna að hafa áhrif og því þarf að taka þessum niðurstöðum með fyrirvara.





### Heimildir.

- Bøe, T., Keith J. P., Børge, S. og Hysing, M. (2019). Interplay of subjective and objective economic well-being on the mental health of Norwegian adolescents, *SSM - Population Health*, 9. <https://doi.org/10.1016/j.ssmph.2019.100471>.
- Butkovic, A., Brkovic, I og Bratko, D. (2011). Predicting Well-Being from Personality in Adolescents and Older Adults. *Journal of Happiness Studies*, 13, 455-467. <https://doi.org/10.1007/s10902-011-9273-7>
- Celik, K. og Yurdakul, A. (2020). Investigation of PISA 2015 Reading Ability Achievement of Turkish Students in Terms of Student and School Level Variables. *International Journal of Assessment Tools in Education*, 7 (1). <https://doi.org/10.21449/ijate.589280>
- Cornelius, E., Gaines, R., Gautney, T., Johnson, G., Rainer, R., Notar, C.E. og Webb, S.A. (2008). Do Class and School Size Matter? A crucial Issue to School Improvement. *International Education Studies*, 1(4). DOI:10.5539/ies.v1n4p3
- Foster, C.E., Horwitz, A., Thomas, A., Opperman, K., Gipson, P., Burnside, A., Stone, D.M. og King, C.A. (2017). Connectedness to family, school, peers, and community in socially vulnerable adolescents. *Children and Youth services review*, 81, 321-331. <https://doi.org/10.1016/j.chilyouth.2017.08.011>
- Grauer, S. (2023, 23 júlí) *Small Schools Whitepaper: A Meta Study on the Benefits of Small Schools*. Small School Colation. <https://smallschoolscoalition.org/small-schools-whitepaper-a-meta-study-on-the-benefits-of-small-schools/>
- Lampropoulou, A. (2018). Personality, school, and family: What is their role in adolescents' subjective well-being. *Journal of Adolescence*, 67. <https://doi.org/10.1016/j.adolescence.2018.05.013>
- Stevenson, K.R. (2006). *School Size and Its Relationship to Student Outcomes and School Climate: A Review and Analysis of Eight South Carolina State-Wide Studies*. National Clearinghouse for Educational Facilities. <https://files.eric.ed.gov/fulltext/ED495953.pdf>
- Steinmayr, R., Heyder, A., Naumburg, C., Michels, J og Wirthwein, L. (2018). School-Related and Individual Predictors of Subjective Well-Being and Academic Achievement. *Frontiers in Psychology* 9, DOI=10.3389/fpsyg.2018.02631
- Wagner, L. (2019). Good Character Is What We Look for in a Friend: Character Strengths Are Positively Related to Peer Acceptance and Friendship Quality in Early Adolescents. *The Journal of Early Adolescence*, 39, 864–903. <https://doi.org/10.1177/0272431618791286>
- Wu, H. , Hsu, Y. og Hwang, F. (2006). Factors affecting Teachers' Adoption of Technology in Classrooms: Does School Size Matter? *International Journal of Science and Mathematics Education*, 6(1), 63-85. DOI:10.1007/s10763-006-9061-8





## Fylgiskjal 5

Reykjavík, 21. október 2024

### Skólahverfamörk unglingskóla í Laugardal

Í kynningar og umsagnarferlinu komu fram ýmsar ábendingar um stærð unglingskólans og skólahverfamörk. Sviðsmynd fjögur gengur út á opnaður verði nýr unglingskóli í Laugardal fyrir unglunga af skólasvæði skólanna Þriggja, Langholtsskóla, Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla, auk nemenda á unglingastigi sem búa á nærliggjandi uppbyggingareitum, við Grensásveg, á Orkureitnum og í Skeifunni. Skólarnir þrír yrðu þá allir yngri barna skólar fyrir nemendur í 1.-7. bekk.

Fram komu athugasemdir um að unglingskólinn yrði of stór með þessum þéttingarreitum. Einnig kom fram athugasemd um hvort taka ætti unglingastig Vogaskóla inn í safnskólann.

Í ljósi ábendinga um unglingsfjölda á þéttingarsvæðum og frekari vangaveltna um fjölda unglunga á þessum svæðum, hafa tölur verið rýndar enn frekar og umfjöllun þar um er hér að neðan. Á það við skólasvæði skólanna Þriggja, Langholts-, Laugalækjar- og Laugarnesskóla og uppbyggingareiti við Grensásveg, á Orkureitnum og í Skeifunni sem sviðsmynd 4 tók til. Auk þess er búið að bæta við upplýsingum um uppbyggingarreiti i austurhluta Skeifu og í Síðumúla, Ármúla, Suðurlandsbraut og Lág múla sem hafa verið í umræðunni. Jafnframt var leitað upplýsinga um aðra mögulega framtíðarreiti í Skeifu eftir 2040 en um þá uppbyggingu ríkir mikil óvissa þannig að hún er ekki tekin með í umfjölluninni.

Greiningin skiptist í

- Spár um fjölda barna í sameiginlegum unglingskóla úr Laugarnes/Laugarlækjar- og Langholtsskólahverfinu til ársins 2040.
- Spá um mögulegan fjölda barna í uppbyggingareitum í Skeifu og nágrenni og hvaða þýðingu slík viðbót gæti haft ef þau börn myndu ganga í nýjan skóla í Laugardalnum.
- Samanlagður fjöldi ofangreindra spáa fyrir mismunandi sviðsmyndir uppbyggingarreita.
- Spá um fjölda unglunga í „gamla“ Vogaskólahverfinu og þeim bætt við ofangreindar sviðsmyndir.

#### 1. Fjöldi unglunga í skólahverfum Laugalækjarskóla og Langholtsskóla

Í töflu 1 er spá yfir fjölda unglunga árið 2040 í unglingsdeildum Laugalækjarskóla og Langholtsskóla (Laugardalur).

**Tafla 1. Spá um fjölda 13-15 ára unglunga í skólahverfum Laugalækjarskóla og Langholtsskóla árið 2040**

|             | Neðri spá | Efri spá |
|-------------|-----------|----------|
| Laugardalur | 500       | 600      |

Farnar voru nokkrar leiðir til að horfa á mögulegan fjölda 13-15 ára barna í Laugardalnum. Þessar spár byggja á ólíkum forsendum en skiluðu niðurstöðum þar sem lágsta spáin gerir ráð fyrir um 500 börnum. Sumar forsendur skila mjög háum tölum en vegna þess að svæði til frekari uppbyggingar eru ekki óþrjótandi, eru efri mörkin sett við um 600 börn<sup>1</sup>. Í útreikningi á efri mörkum fjölda unglunga í Laugardalnum er gert ráð fyrir að nýjar íbúðir sem áform eru um í hverfinu, verði jafn barnmargar og eldri íbúðir í Laugardalnum. Allar spárnar gera að auki ráð



fyrir ákveðnum skekkjumörkum sem aukast eftir því sem lengra er litið til framtíðar en eru ekki birt hér. Það kann að hljóma eins og spáin taki ekki mið af stærð unglíngaárganganna sem sækja skólana núna en hafa verður í huga að þeir árgangar sem eru í unglíngaskólunum í dag eru mjög stórir í sögulegu samhengi. Það er ekki fyrr en börn fædd 2021 komast upp í unglíngadeild, að álíka stór árgangur verði aftur á efsta stigi grunnskólans.

#### **Forsendur spáa:**

Spárnar horfa til núverandi barnafjölda í hverfi út frá þjóðskrá og út frá núverandi fjölda barna í grunnskóla og leikskóla. Þá var horft til mannfjöldaspár Hagstofunnar og annars vegar notuð sú forsenda að fjölgunin fyrir þennan aldur verði svipuð í Laugardalnum og á landinu í heild og hins vegar að hlutfall unglínga í Laugardalnum af landinu öllu, haldist svipað og fyrri ár. Einnig var horft til mögulegrar fjölgunar barna m.v. að öll börn sem flytja inn í nýtt húsnæði í Laugardalnum, séu að flytja úr öðrum hverfum og að hlutfall barna í nýju húsnæði verði svipað og í eldra húsnæði í Laugardalnum, en hverfið hefur lengi verið nokkuð barnmargt.

Nákvæmni allra þessara spáa byggja á því hversu rétt er að horfa til ofangreindra forsendna enda aukast skekkjumörkin talsvert eftir því sem lengra er spáð fram í tímann.

Að mörgu er að huga þegar spáð er fyrir um þörf fyrir grunnskóla. Hverfi ganga í gegnum aldursskeið, í ný hverfi flytur oft mikið af ungum barnafjölskyldum, þessir foreldrar halda svo oft áfram að búa í hverfinu þótt börnin ljúki sinni skólagöngu og þá fækkar um tíma í skólunum þangað til barnafólkið eldist og fer að flytja út og nýjar barnafjölskyldur flytja inn. Þetta mynstur hefur mátt sjá þegar ný hverfi hafa verið byggð upp í borginni. Rótgrónari hverfi eru komin lengra í átt að ákveðnu jafnvægi með minni sveiflum en engu að síður er erfitt að átta sig á því hverjir flytja inn á nýbyggða þéttingarreiti. Hvaðan kemur fólkíð sem flytur í nýja húsnæðið? Kemur það úr hverfinu eða annars staðar frá? Hverjir flytja inn í stað þeirra sem flytja út úr eldri íbúðum? Einnig verður að hafa í huga að skólar geta í sjálfu sér lokkað ákveðnar tegundir af fjölskyldum inn í hverfin. Ofangreindir þættir hafa áhrif á hvort hægt er að gera ráð fyrir að fjölgun barna í hverfinu sé í takt við þá fjölgun sem Hagstofan spáir fyrir um landið í heild. Þá má líka velta fyrir sér hversu nákvæm spá Hagstofunnar sé. Eitt er þó nánast öruggt og það er að flökt mun verða í nemendafjölda yfir tíma vegna misstórra árganga. Skólabygging þarf að rúma kjarnastarfsemina en það getur komið til að tímabundið þurfi að bæta við auka skólastofum.

#### *2. Fjöldi unglínga á uppbyggingarreitum í Skeifu og nágrenni*

Skipta má uppbyggingarreitum í Skeifu og nágrenni í eftirfarandi þrjá hluta:

- Hluti 1 - Grensásvegur 1, Orkureitur og vestasti hluti Skeifu sem er sviðsmynd 4
- Hluti 2 - Austurhluti Skeifu
- Hluti 3 - Síðumúli, Ármúli, Suðurlandsbraut og Lág múli

Þessar spár um fjölda barna í uppbyggingareitum eru annars eðlis en spár um barnafjölda sem byggja á sögulegum gögnum, fjölda yngri barna sem búsett eru í hverfinu og þróun fjölgunar fólks á Íslandi skv. spám Hagstofunnar. Hér er fyrst og fremst horft til fjölda barna í nýju húsnæði þar sem gert er ráð fyrir ákveðnum forsendum um fjölda barna í íbúð í því hverfi þar sem nýja húsnæðið er staðsett. Í dag eru ofangreindir reitir skilgreindir sem hluti af skólahverfi Álftamýrarskóla.

Í töflu 2 er áætlaður fjöldi unglínga sem gæti komið til með að búa á viðkomandi uppbyggingarreitum í framtíðinni. Hér er stuðst við eftirfarandi:





- Hlutfallið 0,25 sem í dag er hlutfall grunnskólanemenda 6-15 ára á íbúð í skólahverfi Álftamýrarskóla.
- Að um það bil 30% af barnafjöldanum séu unglingar enda eru unglingaárgangar þrír af þeim tíu árgöngum sem grunnskólaaldurinn samanstendur af.
- Efri talan gerir ráð fyrir ofangreindu hlutfalli á allar nýjar íbúðir, en lægri talan gerir ráð fyrir lægra hlutfalli barna í minni íbúðir.

Eins og áður er sagt er aldrei vitað hvort sama hlutfall haldist í nýju húsnæði eins og í eldri húsnæði sama hverfis. Ef aðallega barnlaust fólk flytur í nýtt húsnæði og ef barnafjölskyldur flytjast innan hverfis úr eldri húsnæði í nýtt, lækkar hlutfallið yfir hverfið í heild sinni. Því má færa rök fyrir því að rétt sé að líta á efri mörkin sem ákveðins hámarksviðbótarfjölda á hverjum uppbyggingarreit.

**Tafla 2. Spá um fjölda 13-15 ára unglunga af uppbyggingarreitum í Skeifu og nágrenni árið 2040**

|                |   | Fjöldi miðaður við<br>lægra hlutfall barna á<br>íbúð í hverfi | Fjöldi miða við<br>núverandi hlutfall<br>barna á íbúð í hverfi |
|----------------|---|---|--|
| Hluti 1        | Grensásvegur 1,<br>Orkureitur og<br>vesturhluti Skeifu<br>(sviðsm. 4) | 30  | 50   |
| Hluti 2        | Austurhluti Skeifu  | 30  | 50   |
| Hluti 3        | Síðumúli, Ármúli,<br>Suðurlandsbraut og<br>Lágmúli                    | 40  | 60   |
| <b>Samtals</b> |   | <b>100</b>  | <b>160</b>   |

*3. Samanlagður fjöldi unglunga í skólahverfum Laugalækjarskóla, Langholtsskóla og á uppbyggingarreitum í Skeifu og nágrenni*

Í töflu þrjú má sjá samtölur vegna spáa um fjölda 13-15 ára unglunga í annarsvegar Laugardal og hins vegar af uppbyggingarreitum í Skeifunni og nágrenni, árið 2040.

**Tafla 3. Spá um samanlagðan fjölda 13-15 ára unglunga í skólahverfum Laugalækjarskóla og Langholtsskóla og af uppbyggingarreitum í Skeifu og nágrenni, árið 2040**

|                                | Neðri spá | Efri spá |
|--------------------------------|-----------|----------|
| Laugardalur og hluti 1         | 530       | 650      |
| Laugardalur og hluti 1 og 2    | 560       | 700      |
| Laugardalur og hluti 1, 2 og 3 | 600       | 760      |



Niðurstaða rýni er að nýr unglingaskóli verði eins og lagt hefur verið til í sviðsmynd 4, þ.e. fyrir nemendur af skólasvæði Langholtsskóla, Laugalækjarskóla og Laugarnesskóla og fyrir nemendur á unglingastigi sem búa á nærliggjandi uppbyggingarreitum við Grensásveg, á Orkureitnum og í Skeifunni. Er þetta í samræmi við A og B liði tillögu.

Miðað við spár um aðra nærliggjandi uppbyggingarreiti getur nýr unglingaskóli jafnframt rúmað þann nemendafjölda sé miðað við að efri mörk skólans verði um það bil 800 nemendur. Til að mæta þeirri óvissu sem eðlilega eru í spám af þessu tagi og hvernig skipulagsmál þróast og hver fjöldi íbúa verður á uppbyggingarreitum í nálægð við Laugardal næstu misseri, er lagt til að spár verði yfirfarnar í byrjun árs 2026. Það gefur möguleika á að endurskoða hvort uppbyggingareitir muni heyra til skólahverfis nýs unglingaskóla, annarra skóla í nálægð við Laugardal eða hvort þörf verði á byggingu nýs skóla í Skeifunni. Er þetta í samræmi við C lið tillögu.

#### 4. Fjöldi unglunga í skólahverfi Vogaskóla

Í umræðunni um mögulegan unglingaskóla í Laugardal hefur komið til tals að unglingar í skólahverfi Vogaskóla verði hluti af nýja skólanum. Því hefur verið velt upp að þeir unglingar kæmu í stað unglunga á uppbyggingarreitum í Skeifu og nágrenni eða að báðir hóparnir yrðu hluti af unglingaskólanum ásamt nemendum úr skólahverfi Laugalækjarskóla og Langholtsskóla.

Í dag er Vogabyggð hluti af skólahverfi Vogaskóla. Þegar Fleyvangur mun byggjast upp, sem verður nýr samþættur leik- og grunnskóli, frístundaheimili og félagsmiðstöð í Vogabyggð, munu unglingar sem eru búsettir í Vogabyggð sækja þann skóla og um leið hætta að verða hluti af skólahverfi Vogaskóla. Þegar við horfum til ársins 2040 er því bara gert ráð fyrir unglingum úr „gamla“ skólahverfi Vogaskóla sem mögulegum hópi í nýjum unglingaskóla í Laugardal.

Ekki voru farnar eins margar leiðir við að spá um fjölda barna í gamla Vogaskólahverfinu eins og í Laugardalnum en aðferðafræðin er ávallt nokkuð svipuð. Þær tölur sem hér eru birtar byggja á meðaltali stærð þriggja samliggjandi árganga yfir 15 ára tímabil sem síðan er notað til að finna hlutfall af mannfjöldaspá Hagstofunnar til 2040. Fjöldi unglunga skv. spánni má sjá í töflu 4. Ekki er gert ráð fyrir sama vexti í fjölda unglunga í hverfinu og í háspá Hagstofunnar, að öðru leyti en sem snýr að þéttingarreit við Álfheima, þ.e. bensínstöðvarreit við Suðurlandsbraut. Því er ákveðið þak á því hversu mikil fjölgun getur orðið af unglingum á íbúð í hverfinu.

**Tafla 4. Spá um fjölda 13-15 ára unglunga í gamla skólahverfi Vogaskóla árið 2040**

|                             | Neðri spá | Efri spá |
|-----------------------------|-----------|----------|
| Gamla skólahverfi Vogaskóla | 95        | 130      |

Þegar horft er til gamla skólahverfis Vogaskóla auk Laugardalsins, eru spánnar eftirfarandi:

**Tafla 5. Spá um samanlagðan fjölda 13-15 ára unglunga í skólahverfum Laugalækjarskóla, Langholtsskóla og gamla skólahverfis Vogaskóla árið 2040**

|                             | Neðri spá  | Efri spá   |
|-----------------------------|------------|------------|
| Laugardalur                 | 500        | 600        |
| Gamla skólahverfi Vogaskóla | 95         | 130        |
| <b>Samtals</b>              | <b>595</b> | <b>730</b> |



Þegar uppbyggingarreitum 1-3 í Skeifu og nágrennis er einnig bætt við, eru spárnar eftirfarandi:

**Tafla 6. Spá um samanlagðan fjölda 13-15 ára unglunga í skólahverfum Laugalækjarskóla, Langholtsskóla, skólahverfis Vogaskóla og af uppbyggingarreitum í Skeifu og nágrenni árið 2040**

|                             | Neðri spá | Efri spá |
|-----------------------------|-----------|----------|
| Laugardalur                 | 500       | 600      |
| Hlutar 1-3                  | 100       | 160      |
| Gamla skólahverfi Vogaskóla | 95        | 130      |
| Samtals                     | 695       | 890      |

Uppbygging skóla í Fleyvangi stendur fyrir dyrum og sá fjöldakúfur sem nú er í Vogaskóla vegna nemenda úr Vogabyggð, mun lækka þegar skólastarf byrjar í Fleyvangi. Því er nær að líta til skammtímalausna í Vogahverfi í stað þess að hugsa unglingsstigið til frambúðar í safnskóla í Laugardal því það leysir ekki þá tímabundnu stöðu sem nú er í Vogaskóla. Þar af leiðandi er ekki gert ráð fyrir nemendum úr Vogahverfi í nýjum unglingskóla í Laugardal.



## Fylgiskjal 6

Reykjavík, 21. október 2024

### Yngri barna skólar í Laugardal

Í sviðsmynd fjögur er gert ráð fyrir að Langholtsskóli, Laugarnesskóli og Laugalækjarskóli verði barnaskólar fyrir 1. - 7. bekk. Þá komu fram hugmyndir um að Laugarnesskóli verði fyrir yngsta stig, þ.e. 1. - 4. bekk og Laugalækjarskóli fyrir miðstig, þ.e. 5. - 7. bekk. Með þeirri útfærslu væru öll börnin í skólahverfinu áfram saman í hópum eftir árgöngum.

Hér verður gerð grein fyrir þessum tveimur leiðum hvað skólana tvo í Laugarneshverfi varðar og sett fram spá um barnafjölda í 1. – 7. bekk í Laugarnes- og Laugarlækjarskólahverfinu til ársins 2040, sem og lögð fram spá um fjölda barna í 1. - 7. bekk Langholtsskóla árið 2040. Vegna spánna eru forsendur þeirra útskýrðar.

#### Forsendur spáa

Við spá um fjölda barna 6-12 ára árið 2040 var horft til sögulegs fjölda barna í skólunum, núverandi fjölda í skólunum, fjölda barna á leikskólaaldri og til fæddra barna. Þá var horft til lágspár og miðspár Hagstofunnar en þak sett á fjölda barna sem líklegt að geti búið í hverfunum m.v. þann fjölda sem búa í hverfinu í dag og miðað við að sambærilegur hlutfallsfjöldi barna búi í nýju húsnæði eins og annars staðar í hverfinu, þ.e. að í allar nýjar íbúðir komi barnafjölskyldur annars staðar frá en úr hverfinu sjálfu.

Sömu forsendur eru í spám um barnafjölda í 1. - 7. bekk eins og í unglingaskólunum hér að ofan og því talsverð óvissa þegar spá á svo langt eins og til ársins 2040. Mikil óvissa er um búsetu barnafjölskyldna í hverfunum. Í báðum hverfum hefur orðið talsverð fjölgun barnafjölskyldna, að hluta vegna uppbyggingar en að hluta vegna stórra fæðingarárganga. Fleiri uppbyggingaráform eru í Laugarnesskólahverfinu en Langholtsskólahverfinu.

#### Laugarnes- og Laugalækjarskóli fyrir 1.-7. bekk - Tillaga 4

Tillagan gerir ráð fyrir að Laugarnes- og Laugalækjarskólar verði báðir yngri barna skólar. Hvor skóli um sig yrði þá barnaskóli afmarkaðs hverfis í kringum skólana. Rýndar voru fimm tillögur að hverfaskiptingu 1.-7. bekkina í tvo barnaskóla í Laugarnesi þar sem samgöngur og nemendafjöldi lágu til grundvallar þeirri rýningu. Fjöldatölurnar eru spátölur fyrir árið 2040 og alltaf er tekið tillit til uppbyggingarreita í skólahverfinu. Sú tillaga sem skóla- og frístundasvið telur besta af þessum fimm tillögum var tillaga fjögur þar sem allt hverfið austan Reykjavegar/Laugardalsvallar yrði skólahverfi Laugalækjarskóla. Hér er því um einskonar vestur-austur skiptingu núverandi skólahverfis sem sýnd er á mynd 1. Börn úr þessum tveim skólum sameinast svo börnum úr Langholtsskóla í safnunglingaskóla fyrir Laugardalinn.



Reykjavík



## Mynd 1. Tillaga 4, Vestur-austur skipting skólahverfis í Laugarnesi.



Tafla 1 sýnir spá yfir fjölda barna sem myndu vera í 1.–7. bekk í skólunum tveimur árið 2040 og nemendafjöldaviðmið sem gert er ráð fyrir að séu æskileg m.v. núverandi skólabyggingu.

**Tafla 1. Spá um fjölda barna í hverfaskiptum barnaskólum í Laugarnesi - Tillaga 4, Vestur-austur skipting skólahverfis árið 2040**

| Hverfi                        | Viðmið<br>skólabyggingar | Neðri spá  | Efri spá   |
|-------------------------------|--------------------------|------------|------------|
| Laugarnesskóli 1.-7. bekkur   | 398                      | 370        | 420        |
| Laugalækjarskóli 1.-7. bekkur | 329                      | 325        | 370        |
| <b>Samtals</b>                | <b>727</b>               | <b>695</b> | <b>790</b> |

### Aðrar tillögur að hverfaskiptingu skóla fyrir 6-12 ára í Laugarnesi

Skoðaðar voru fimm tillögur að því að skipta hverfinu upp í tvo skóla með 1. – 7. bekk þar sem tillaga 4 þótti á endanum sú skynsamlegasta eins og áður sagði. Hér að neðan er gerð grein fyrir hinum fjórum tillögnum í myndum og töflum.



Mynd 2. Tillaga 1 – Skipting skólahverfis í Laugarnesi um Sundlaugarveg og Dalbraut.



Tafla 2. Spá um fjölda barna í hverfaskiptum barnaskólum í Laugarnesi – Skipting svk. tillögu 1 árið 2040

| Hverfi                        | Viðmið<br>skólabyggingar | Neðri spá  | Efri spá   |
|-------------------------------|--------------------------|------------|------------|
| Laugarnesskóli 1.-7. bekkur   | 398                      | 355        | 400        |
| Laugalækjarskóli 1.-7. bekkur | 329                      | 340        | 390        |
| <b>Samtals</b>                | <b>727</b>               | <b>695</b> | <b>790</b> |



Mynd 3. Tillaga 2 – Skipting skólahverfis um Kirkjusand, Otrateig, Sundlaugarveg og Dalbraut.



Tafla 3. Hverfaskiptir barnaskólar í Laugarnesi - Skipting svk. tillögu 2 árið 2040

| Hverfi                        | Viðmið         |            |            |
|-------------------------------|----------------|------------|------------|
|                               | skólabyggingar | Neðri spá  | Efri spá   |
| Laugarnesskóli 1.-7. bekkur   | 398            | 440        | 500        |
| Laugalækjarskóli 1.-7. bekkur | 329            | 255        | 290        |
| <b>Samtals</b>                | <b>727</b>     | <b>695</b> | <b>790</b> |

Mynd 4. Tillaga 3 – Skipting skólahverfis um Kirkjusand, Otrateig og Sundlaugarveg að skólahverfi Langholtsskóla.



Tafla 4. Hverfaskiptir barnaskólar í Laugarnesi - Skipting svk. tillögu 3 árið 2040

| Hverfi                        | Viðmið         |            |            |
|-------------------------------|----------------|------------|------------|
|                               | skólabýggingar | Neðri spá  | Efri spá   |
| Laugarnesskóli 1.-7. bekkur   | 398            | 410        | 465        |
| Laugalækjarskóli 1.-7. bekkur | 329            | 285        | 325        |
| <b>Samtals</b>                | <b>727</b>     | <b>695</b> | <b>790</b> |

**Mynd 5. Tillaga 5 – Skipting skólahverfis um Kirkjusand, Sundlaugarveg og Laugarásveg.**



**Tafla 5. Hverfaskiptir barnaskólar í Laugarnesi - Skipting svk. tillögu 5 árið 2040**

| Hverfi                        | Viðmið         |            |            |
|-------------------------------|----------------|------------|------------|
|                               | skólabyggingar | Neðri spá  | Efri spá   |
| Laugarnesskóli 1.-7. bekkur   | 398            | 420        | 480        |
| Laugalækjarskóli 1.-7. bekkur | 329            | 275        | 310        |
| <b>Samtals</b>                | <b>727</b>     | <b>695</b> | <b>790</b> |



## Yngsta stig í Laugarnesskóla og miðstig í Laugalækjarskóla

Tillagan gerir ráð fyrir að skólastarf fyrir yngsta stig, þ.e. 1.-4. bekk verði í Laugarnesskóla og skólastarf fyrir miðstig, þ.e. 5.-7. bekk verði í Laugalækjarskóla.

Í töflu 6 er spá um fjölda nemenda árið 2040 með uppbyggingarreitum ef Laugarnesskóli verði fyrir nemendur 1. - 4. bekk og Laugalækjarskóli fyrir nemendur í 5. - 7. bekk.

**Tafla 6. Spá um fjölda barna í aldursskiptum barnaskólum í Laugarnesi árið 2040**

| Hverfi                           | Viðmið<br>skólabyggingar | Neðri spá  | Efri spá   |
|----------------------------------|--------------------------|------------|------------|
| Laugarnesskóli 1.-4.<br>bekkur   | 398                      | 395        | 450        |
| Laugalækjarskóli 5.-7.<br>bekkur | 329                      | 300        | 340        |
| <b>Samtals</b>                   | <b>727</b>               | <b>695</b> | <b>790</b> |

## Langholtsskóli fyrir 1. - 7. bekk

Mikill fjöldi barna hefur verið í skólahverfi Langholtsskóla allengi. Óvissa er um hvort að foreldrar flytji sig úr hverfinu þegar börn þeirra klára grunnskóla og skapi þar með rými fyrir nýjar barnafjölskyldur. Vegna þessa verður að teljast að sú fjölgun sem mannfjöldaspá Hagstofunnar fyrir þennan aldur gerir ráð fyrir, sé mjög ólíkleg í þessu hverfi. Í dag eru 470 börn á aldrinum 6-12 ára með lögheimili í skólahverfi Langholtsskóla. Efri mörk eftir þéttingu byggðar eru því talin vera í kringum 530 börn á þessu aldurskeiði. Erfitt er að spá fyrir um neðri mörkin því ef horft er á neðri spá Hagstofunnar byggt á hlutfallsfjölda í hverfi yrði sú fjölgun skv. þeirri aðferðarfræði komin upp í þau efri mörk sem talin eru að geti búið í hverfinu nema breyting yrði á fjölskyldusamsetningum í íbúðunum. Miðað við ofangreint má telja líklegt að barnafjöldinn nái jafnvægi í kringum tæplega 500 börn þó flókt í árgöngum verði ávallt eitthvað. Í töflu 7 er spá um fjölda 6-12 ára í Langholtsskóla árið 2040.

**Tafla 7. Spá um fjölda 6-12 ára barna í Langholtsskóla árið 2040**

| Hverfi                      | Viðmið<br>skólabyggingar | Neðri spá | Efri spá |
|-----------------------------|--------------------------|-----------|----------|
| Langholtsskóli 1.-7. bekkur | 506                      | 490       | 530      |